

Mars 2021



Kortlagning kynjasjónarmiða Stöðuskýrsla 2021

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Efni

1.	Inngangur	3
2.	Útdráttur	5
3.	Kynjuð fjárlagagerð	7
	Jafnréttismál á kjörtímabilinu	9
4.	Stöðutaka	11
	Utanríkismál	12
	Ríkisfjármál	20
	Nýsköpun	27
	Byggðamál	32
	Öryggi	36
	Réttindi	39
	Samgöngur	43
	Atvinnuvegir	46
	Umhverfi	56
	Menning	60
	Menntun	66
	Heilbrigðisþjónusta	74
	Velferðarmál	85

1. Inngangur

Jafnrétti er undirstaða velferðar og velsældar. Ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á jafnréttismál og það endurspeglast í stjórnarsáttmálanum. Jafnréttismálin hafa verið færð yfir í forsætisráðuneytið með það meðal annars fyrir augum að tryggja skilvirka og góða samhæfingu og samþættingu í þessum mikilvæga málaflokki.

Þó að Ísland skori hæst á alþjóðlegum listum yfir stöðu jafnréttismála er fullu jafnrétti ekki náð hér á landi. Við eigum töluvert í land með að sjá konur til jafns við karla í stjórnunarstöðum, við búum við kynskiptan vinnumarkað sem endurspeglar samfélag okkar ekki nógu vel og við mælum enn launamun á milli kynja bæði milli starfsstétta og innan sömu starfsgreina. Þá er kynbundið ofbeldi alvarlegt samfélagsmein; konur eiga á hættu að vera beittar kynbundnu ofbeldi og áreiti á götum úti, á vinnustöðum og inni á sínum eigin heimilum.

Til þess að ná fullkomnu jafnrétti þarf að skilgreina, skilja og brjóta upp þau kerfi sem fyrir eru og viðhalda ójafnrétti í okkar samfélagi. Það þarf að huga að því hvernig kerfin eru byggð upp frá grunni og lagfæra þau þannig að við rúmumst öll innan þeirra og að öll í okkar samfélagi fái notið sín.

Við höfum lagt áherslu á að jafna stöðu kynjanna í ákvörðunum stjórnvalda. Það kallast að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við ákvarðanatöku og á alltaf gera þegar teknar eru ákvarðanir innan hins opinbera.

Skýrsla þessi er unnin af forsætisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu með aðkomu allra ráðuneyta. Þær upplýsingar sem hér er að finna skal nota við stefnumótun í málaflokkum hins opinbera, við gerð frumvarpa, við vinnslu fjármálaáætlunar og við gerð frumvarps til fjárlaga. Ráðherrar, þingmenn, embættismenn og allt opinbert starfsfólk mun þannig þekkja og nota skýrsluna til þess að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku. Þannig má með markvissum hætti ýta samfélagi okkar í jafnréttisátt á öllum sviðum.

Katrín Jakobsdóttir,
forsætisráðherra



Þegar kemur að efnahagslegri velferð okkar Íslendinga er árangur í jafnréttismálum grundvallaratriði. Í okkar huga er áframhaldandi vegferð kynjajafnréttis því eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda.

Þar er kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð orðin lykiltæki. Í henni felst einfaldlega að mat er lagt á áhrif fyrirhugaðra ráðstafana á jafnrétti, hvort sem þær varða tekjuöflun eða útgjöld ríkisins.

Til að slík vinna gefist vel er nauðsynlegt að byggja á áreiðanlegum upplýsingum um stöðu kynjanna. Þessi stöðuskýrsla er mikilvægur þáttur í þeirri vinnu. Þannig draga niðurstöðurnar upp skýra mynd af því hvar aðgerða er þörf til að leiðrétta kynjahalla á ýmsum sviðum samfélagsins.

Stöðuskýrslan byggir á kyngreindum tölfræðigögnum sem sett eru í samhengi við vel þekkt kynjasjónarmið. Það er ánægjulegt að sjá að slík gögn liggja nú fyrir á ýmsum mikilvægum sviðum í þjónustu ríkisins. Við vinnum þannig markvisst að skráningu, vinnslu og birtingu slíkra gagna, þótt víða megi bæta í. Stöðumatið nú er ágætur vegvísir þegar kemur að því að gera enn betur í þeim efnunum.

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur varpað skýru ljósi á gildi þeirrar vinnu sem hér birtist. Þegar taka þarf ákvarðanir um viðamiklar aðgerðir með skömmum fyrirvara skiptir sköpum að nauðsynlegar upplýsingar séu til reiðu. Þannig er stjórnvöldum gert kleift að taka tillit til og meta líkleg áhrif faraldursins og aðgerða á ólíka hópa.

Kórónukreppunni fylgja eðli málsins samkvæmt áskoranir í opinberum fjármálum næstu árin. Haldgöð gögn um stöðu kynjanna og áhersla á kynjasjónarmið skipta miklu máli í þeirri vegferð sem fram undan er. Þannig tryggjum við að aðgerðir okkar byggji undir áframhaldandi árangur og framgang okkar farsæla jafnréttissamfélags.



Bjarni Benediktsson

Fjármála- og efnahagsráðherra

2. Útdráttur

Í stöðuskýrslunni, sem nú kemur út í annað sinn, má finna greiningu á stöðu kynjanna á flestum þeim málefnasviðum sem fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar tekur til. Öll ráðuneyti hafa unnið jafnréttismat á málefnasviðum og málaflokkum sem þau bera ábyrgð á en efni skýrslunnar er tekið saman af forsætisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á þær áskoranir sem til staðar eru í jafnréttismálum og ávarpa má með markmiðssetningu, hvort sem það er við stefnumótun, lagasetningu eða fjárlaga- og áætlanagerð.

Helstu niðurstöður:

- ▶ Aðgengi að kyngreindum tölfræðigögnum hefur í einhverjum tilfellum batnað frá fyrri skýrslu þó að enn vanti töluvert upp á að kyngreind gögn séu tekin saman og þau greind markvisst. Dæmi eru um að unnið hafi verið eða unnið sé að gagnagrunnum eða mælaborðum fyrir málaflokka þar sem gögn eru brotin niður eftir kyni.
- ▶ Á meðan vel hefur gengið að jafna hlut kynjanna í stjórnnum félaga í eigu ríkisins eru aðeins 27% stjórnarformanna konur og rétt ríflega þriðjungur forstjóra eða framkvæmdastjóra í ríkisfyrirtækjum.
- ▶ Konur eru í miklum meiri hluta starfa hjá ríkinu og meðaltal launakostnaðar á stöðugildi karla er 15% hærra en meðaltal á stöðugildi kvenna. Um helmingur kvenna sem starfa hjá ríkinu er í hlutastarfi.
- ▶ Íslenskur vinnumarkaður er bæði kynskiptur og lagskiptur og má sjá merki þess víða.
- ▶ Margar af helstu útflutningsgreinum, eins og sjávarútvegur, landbúnaður og orkugeirinn, eru heldur karllægir atvinnuvegir. Í ferðaþjónustu eru konur af erlendum uppruna í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem sinna láglaunastörfum.
- ▶ Konur eru í miklum meiri hluta meðal starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, umönnun og kennslu.
- ▶ Fleiri karlar en konur fá greiddar bætur vegna slysa en fleiri tilkynntir atvinnusjúkdómar eru frá konum en körlum.
- ▶ Konur sækja síður um í samkeppnissjóði sem styðja við atvinnulíf og nýsköpun en karlar en eru almennt ekki ólíklegri til að fá styrk sækja þær um. Hlutfall kvenna sem sækja um styrki úr slíkum sjóðum hefur þó aukist á síðustu árum.
- ▶ Á heildina litið er staða kynjanna nokkuð jöfn þegar kemur að úthlutunum úr opinberum rannsóknarsjóðum. Hærrí styrkir eru þó veittir í greinum þar sem karlar eru í meiri hluta og enn hallar mikið á konur í öndvegissstyrkjum.
- ▶ Í kjölfar COVID-19 hefur atvinnuleysi aukist álíka mikið meðal kvenna og karla en mikill munur er á kynjahlutfalli atvinnulausra milli landshluta. Næstum fjórði hver erlendur ríkisborgari var á atvinnuleysissskrá í janúar 2021 og voru þeir um 40% skráðra atvinnuleitenda.

- ▶ Meiri munur er á fjölda karla og kvenna í dreifbýli en þéttbýli og rannsóknir sýna að brottflutningur kvenna er eitt sterkasta einkenni dreifbýlla samfélaga í vanda. Utan höfuðborgarsvæðisins eru konur víðast hvar færri en karlar.
- ▶ Merkjanlegur munur er á kynbundinni notkun á samgöngukerfinu en hefðbundnar samgönguáætlanir, skipulag og umferðarlíkön taka almennt ekki tillit til mismunandi ferðamynsturs karla og kvenna.
- ▶ Breytingar á verklagi í málum er varða heimilisofbeldi og kynferðisbrot hafa leitt til þess að fleiri tilkynna brot til lögreglu nú en áður.
- ▶ Karlar eru um tveir þriðju hlutar þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á Íslandi en mikill kynjamunur er eftir tegundum dvalarleyfis.
- ▶ Konur eru í meiri hluta meðal starfsfólks og gesta menningarstofnana. Síðustu ár hefur tekist að leiðrétta kynjahalla á úthlutunum úr starfslaunasjóðum sem var körlum í vil.
- ▶ Drengjum vegnar almennt verr en stúlkum innan skólakerfisins og herra hlutfall 15 ára drengja en stúlkna nær ekki lágmarkshæfni í lestri. Annar hver 15 ára innflytjandi hér á landi er undir lágmarkshæfni í lestri.
- ▶ Námsval í framhalds- og háskólum er ólíkt milli kynja. Hlutfall drengja sem hverfa frá námi í almennu bóknámi í framhaldsskóla er um helmingi herra en stúlkna. Konur eru næstum tveir þriðju hlutar nemenda í háskólum.
- ▶ Þrátt fyrir að konur lifi lengur en karlar lifa þær að meðaltali færri ár við góða heilsu en karlar og eru líklegri til að lifa við heilsubrest í daglegu lífi. Þessi munur á heilsu karla og kvenna birtist víða í heilbrigðiskerfinu, t.d. nýta konur heilbrigðisþjónustu meira og fá ávísað meira af lyfjum en karlar.
- ▶ Verri heilsa kvenna birtist einnig í aukinni örorku en konur eru um 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat. Konur eru í meiri mæli metnar til örorku vegna stoðkerfisjúkdóma og mikil fjölgun örorkulífeyrisþega í hópi kvenna 50 ára og eldri bendir til að áhrifin séu utanaðkomandi og samfélagsleg.
- ▶ Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur en aldraðir karlar. Þær eru líklegri til að eiga minni lífeyrissparnað á efri árum og reiða sig því í meiri mæli en karlar á lífeyri almannatrygginga.
- ▶ Mæður nýta nánast allan sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs en hlutfall feðra sem fullnýta ekki sjálfstæðan rétt sinn hefur farið minnkandi.
- ▶ Við sambúðarslit semja langflestir foreldrar um sameiginlega forsjá barna en lögheimili þeirra er í flestum tilfellum hjá móður. Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimili eru viðtakendur húsnæðisbóta í flestum tilvikum konur. Munurinn skýrist að mestu af fjölda kvenna sem búa einar með börnum. Algengast er að heimili einstæðra foreldra skorti efnisleg gæði.

3. Kynjuð fjárlagagerð

Ákvarðanir varðandi útgjöld og tekjuöflun ríkisins hafa mismunandi áhrif á kynin vegna ólíkrar stöðu þeirra. Þær geta ýmist:

- stuðlað að jafnrétti,
- viðhaldið núverandi stöðu eða
- aukið kynjamisrétti eða kynjabil.

Með kynjaðri fjárlagagerð er hugað að því hvaða áhrif ákvarðanir hafa áður en þær eru teknar. Svo það sé mögulegt þarf að þekkja og bera kennsl á innbyggða hvata og áhrif tekjuöflunar og útgjalda ríkisins á stöðu og tækifæri kynjanna svo hægt sé að stuðla að jafnrétti, betri nýtingu opinbers fjár og almennri velferð. Forsendur þessa eru m.a. kyngreind tölfræðigögn og aðrar greinargóðar upplýsingar um stöðu ólíkra hópa líkt og þær sem birtast í þessari skýrslu.

Innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar á Íslandi hófst árið 2009 og með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, nr. 123/2015, var kynjuð fjárlagagerð lögfest. Í dag er unnið eftir ákvæðum laganna og [fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019-2023](#).

Áhersla er lögð á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga. Nokkur stór skref hafa verið stigin á síðustu árum en enn eru mikil tækifæri til úrbóta. Dæmi um þetta:

- + Í greinargerðum um málefnasvið í fjármálaáætlun eru dregnar fram helstu áskoranir og tækifæri til úrbóta sem snúa að stöðu kynjanna og jafnréttismálum á hlutaðeigandi sviði.
- Nokkuð vantar upp á að áskorunum sé fylgt nægjanlega vel eftir með markmiðum og skilgreindum aðgerðum og er markvisst unnið að því. Einnig er stefnt að því að mælikvarðar við markmið séu í auknum mæli sundurgreindir eftir kyni.
- + Lagt er mat á áhrif helstu ráðstafana í fjárlagafrumvarpi á jafnrétti og gerð grein fyrir niðurstöðu matsins í greinargerð með frumvarpinu.
- Í flestum tilfellum hefur matið farið fram eftir að tillögurnar hafa komið fram frekar en að kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar við mótun þeirra. Til að bregðast við þessu er verklag við mat á fjárlagatillögum til endurskoðunar.

Mikil tækifæri eru í aukinni samtvinnun mismunabreyta við greiningu á jafnréttisáhrifum svo hún taki í auknum mæli tillit til ólíkrar stöðu einstaklinga innan hópa kvenna og karla og þeirra sem ekki skilgreina sig á þann hátt. Það þokast í rétta átt en í þessari skýrslu er einna helst fjallað um uppruna, aldur og félagslega stöðu. Huga þarf betur að sjónarmiðum fleiri hópa t.d. fatlaðs fólks og hinsegin einstaklinga og að tekið sé tillit til þeirra.

Upplýsingar um stöðu kynjanna sem birtust í síðustu grunnskýrslu og drög að þessari skýrslu hafa reynst mjög gagnleg við mótun aðgerða stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og mat á áhrifum þeirra á jafnrétti kynjanna. Þannig var til að mynda fljótt gripið til aðgerða gegn heimilisofbeldi og félagslegur stuðningur aukinn. Kynjasjónarmið hafa verið höfð í huga við útfærslu á ýmsum úrræðum þótt þar hefði oft mátt gera betur. Lögð er áhersla á að fylgjast með nýtingu úrræðanna og að upplýsingar séu brotnar niður eftir kyni þegar það á við. Þannig má auka líkur á að úrræðin skili tilætluðum árangri og stuðli að jafnrétti kynjanna.

Enn reynist skortur á kyngreindum tölfræðigögnum þó hindrun við greiningu, ýmist vegna þess að upplýsingar um kyn eru ekki skráðar, gögn hafa ekki verið tekin saman eða ekki gerð aðgengileg til greiningar. Nú er að störfum starfshópur um kyngreind tölfræðigögn sem hefur það að markmiði að bæta yfirsýn yfir slík gögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum hjá opinberum aðilum verði samræmd. Fyrstu niðurstaðna frá hópnun er að vænta vorið 2021.

Jafnréttismál á kjörtímabilinu

- » Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna samþykkt á Alþingi 17. desember 2020.
- » Ný lög um stjórnslu jafnréttismála samþykkt á Alþingi 17. desember 2020.
- » Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna samþykkt á Alþingi 11. júní 2018.
- » Lög um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi 17. desember 2019.
- » Þrjú frumvörp sem tengjast lögum um kynrænt sjálfræði samþykkt á Alþingi 18. desember 2020.
 - Frumvarp um lækun aldursviðmiðs sem einstaklingur má breyta opinberri kynskráningu sinni úr 18 ára í 15 ára.
 - Frumvarp sem tryggir rétt barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni gegn ónauðsynlegum skurðaðgerðum.
 - Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum til að tryggja lagaleg réttindi fólks með kynhlutlausu skráningu og trans fólks.
- » Á vormánuðum ársins 2021 verður lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, þannig að þau nái einnig til jafnrar meðferðar óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar.
- » Ráðherranefnd um jafnréttismál komið á fót.
- » Jafnréttismál flutt í forsætisráðuneytið og skrifstofu jafnréttismála komið á fót í fyrsta sinn.
- » Jafnréttisstofu veitt heimild til að beita dagsektum á grunni jafnréttis laga.
- » Stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.
- » Tillaga til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni samþykkt á Alþingi.
- » Fullgilding Istanbúlsamningsins.
 - Úttekt á innleiðingu ákvæða Istanbúlsamningsins.
 - Drög að landsáætlun um innleiðingu samningsins, með skýrum ábyrgðaraðilum og verkaskiptingu.

- » Ísland efst á lista Alþjóðaeftahagsráðsins sem mælir kynjajafnrétti.
- » Ísland hækkaði um fjögur sæti á Regnbogakortinu, úttekt á stöðu og réttindum hinsegin fólks í Evrópu.
- » Nýtt mælaborð um aðgerðir í jafnréttismálum.
- » Öll ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands hlutu jafnlaunavottun.
- » Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð gefin út í fyrsta sinn 2019.
- » Forsætisráðherra ávarpaði 63. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna.
- » Forsætisráðherra ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.
- » Fjölmenn t jafnréttisþing haldið 20. febrúar 2020.
- » Skýrsla forsætisráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2018–2019 gefin út í febrúar 2020.
- » Framkvæmdaáætlun fyrir árin 2020–2023 í jafnréttismálum samþykkt á Alþingi.
- » Alþjóðleg ráðstefna um #Metoo haldin í Hörpu í Reykjavík.
- » Formennska í norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál.
- » Ísland meðal forysturíkja átaksverkefnis UN Women: Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum).
- » Samkomulag um Svanna, lánatryggingasjóð kvenna undirritað til næstu fjögurra ára, 2021–2025.
- » Starfshópur um endurmat á störfum kvenna settur á laggirnar.
- » Hundrað milljónir króna til Kvennaathvarfsins vegna efnahagslegra- og samfélagslegra áhrifa COVID-19.
- » Alþjóðleg ráðstefna samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni haldin í Hörpu.
- » Forsætisráðherra tók við formennsku í Heimsráði kvenleiðtoga (Council of Women World Leaders).
- » Alþjóðlegur jafnlaunadagur haldinn í fyrsta sinn hinn 18. september 2020 að frumkvæði Íslands.
- » Ný jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins lá fyrir í upphafi árs 2021.
- » Þjónustusamningar við Kvenréttindafélag Íslands, Samtökin '78 og Félag kvenna í atvinnulífnu, FKA.

4. Stöðutaka

Fyrsta grunnskýrsla kynjaðrar fjárlagagerðar kom út í mars 2019 og af því tilefni ákvað ríkisstjórnin að ráðherrar styðji við áframhaldandi greiningu á sínum málaflokkum og tryggi að niðurstöðum jafnréttismats verði komið í farveg við vinnslu fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps. Þannig hefur, á grundvelli skýrslunnar, verið gerð grein fyrir áskorunum og tækifærum til úrbóta út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum í greinargerðum um málefnasvið í fjármálaáætlunum fyrir árin 2020–2024 og 2021–2025. Með þeim greiningum sem liggja að baki grunnskýrslunni hefur einnig verið mögulegt að leggja mat á áhrif fjárlagatillagna og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 var í fyrsta skipti gerð grein fyrir áhrifum ráðstafana á jafnrétti. Þá hefur grunnskýrslan nýst vel við gerð fjárukalagafrumvarpa á árinu 2020 sem voru alls fimm.

Ríkisstjórnin ákvað jafnframt að beina sjónum sérstaklega að kynjagreiningu á byggðamálum, samgöngum, atvinnuvegum og samkeppnissjóðum, án þess þó að horfa fram hjá öðrum málaflokkum. Áskoranir eru mismunandi á þessum sviðum. Í sumum tilfellum liggja kynjasjónarmið fyrir og er hægt að innleiða þau í ákvarðanatöku. Sem dæmi um þetta hafa kynjasjónarmið á sviði samgangna og byggðamála verið kortlögð ágætlega og er nú unnið að tilraunaverkefni um samþættingu kynjasjónarmiða við endurskoðun samgöngu- og byggðáætlana. Þörf var á frekari greiningu á atvinnuvegunum til að hægt sé að greina áskoranir og tækifæri betur og birtast helstu niðurstöður þeirrar vinnu sem fram hefur farið í þessari skýrslu en áfram er unnið að greiningu. Þá var talið mikilvægt að skýra hvers vegna konur sækja síður um í samkeppnissjóði og hvað gera megi til að bæta úr því. Umfjöllun um það ásamt áformum um úrbætur er einnig að finna í skýrslunni en greining á úthlutunum úr samkeppnissjóðum leiðir í ljós almenna jákvæða þróun hvað varðar sókn kvenna í slíka sjóði og úthlutanir til þeirra.

Í þessari skýrslu hefur þannig verið lögð áhersla á að dýpka þá greiningu sem fyrir var en málaflokkum sem fjallað er um hefur einnig fjölgað. Þannig er nú fjallað um ríkið sem launagreiðenda, líkt og boðað var í síðustu grunnskýrslu, auk þess sem fjallað er um fleiri málaflokka á sviði umhverfismála og heilbrigðismála. Loks hefur bæst við umfjöllun um málefni innflytjenda og flóttafólks.

Líkt og í fyrri skýrslu hafa öll ráðuneyti komið að greiningu á málaflokkum sem þau bera ábyrgð á en einungis er fjallað um málaflokka á ábyrgð framkvæmdavaldsins. Þá er almennt ekki fjallað um málaflokka sem snúa að stjórnarsýslu og rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna en gerð er grein fyrir starfsemi þeirra í ársskýrslum jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Í umfjölluninni hér á eftir er vísað til númera málaflokka eins og þau birtast í fjármálaáætlun og í fjárlögum en starfsemi ríkisins er skipti upp í 35 málefnasvið sem svo eru brotin niður í alls 103 málaflokka. Þar sem hér er ekki fjallað um öll málefnasvið og málaflokka eru númer málaflokka því ekki alltaf í réttri röð.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Utanríkismál

Utanríkismál og stjórnslýsla utanríkismála

Málaflokkur 4.1

Hér verður fjallað um norðurslóðamál. Árið 2013 átti Ísland frumkvæði að því að ráðist var í jafnréttisverkefni á vettvangi Norðurskautsráðsins. Ísland hefur lagt áherslu á að halda umræðunni gangandi og er nú þriðji fasi verkefnisins *Jafnrétti kynjanna á norðurslóðum* í gangi.

Kyngreind tölfraeðigögn

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir. Flokka þarf verkefni sem Ísland tekur þátt í til þess að fá gleggri mynd.

Kynjasjónarmið

Yfirstandandi verkefni um jafnrétti kynjanna á norðurslóðum sem Ísland hefur leitt innan Norðurskautsráðsins hefur sýnt fram á að staða kynjanna er um margt ólík á norðurslóðum. Fyrirliggjandi gögn sýna helst atgervisflóttu kvenna af jaðarsvæðum og háa tíðni sjálfsvíga meðal karla á sömu svæðum. Atvinnutækifæri á norðurhvara eru oft einsleit og karllæg t.d. við jarðefnavinnslu. Í jaðarbyggðum á norðurslóðum, svo sem í Kanada og Rússlandi er ofbeldistíðni há og morðtíðni einnig og konur oftast fórnarlömb.

Í ljósi þessarar stöðu er áhersla á jafnréttismál mikilvæg í þeim hluta starfs Norðurskautsráðsins sem snýr að íbúum á norðurslóðum. Leitað er leiða til að styðja samfélög til að vinna gegn fyrrnefndum vandamálum og að eigin þróun. Það hefur sýnt sig að efnahagsleg valdefling kvenna bætir einnig stöðu karla þar sem samfélagsaðstæður batna og atvinnulífið verður fjölbreyttara. Kynja-jafnrétti er því lykilmála í framþróun á norðurslóðum.

Niðurstöður og næstu skref

Í þriðja hluta jafnréttisverkefnis á vettvangi Norðurskautsráðsins er markvisst unnið að auknum sýnileika jafnréttismála á norðurslóðum og ritun skýrslu þar sem ætlunin er að afla og birta enn fleiri gögn um jafnrétti á norðurslóðum. Vonir eru bundnar við að aðildarríki Norðurskautsráðsins nýti niðurstöður skýrslunnar til að hrinda í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við stöðunni.

Norðurslóðadeild utanríkisráðuneytisins hefur áhuga á að greina framlög til norðurslóðamála með tilliti til kynjasjónarmiða og skoða þau verkefni sem Ísland tekur þátt í með vinnuframlagi og/eða fjármunum. Íslenskir sérfræðingar taka þátt í starfi þeirra sex vinnuhópa sem starfa á vegum Norðurskautsráðsins og á hverjum tíma geta verið allt að 100 verkefni í vinnslu. Ísland styður og tekur þátt í hluta þessara verkefna.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í ljósi þess hversu samfélög frumbyggja á norðurslóðum eru um margt frábrugðin samfélögum sunnar á svæðinu, þarf einnig að skoða hvaða sjónarmið og aðstæður á norðurslóðum geti torvelað hefðbundna baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og markmiðssetningu sem tengist kynjaðri fjárlagagerð. Það mat verður lagt til grundvallar um hvort farið verður í stærra verkefni, þ.e. skoðun á jafnréttisáhrifum verkefnanna sjálfra.

Utanríkisviðskipti

Málaflokkur 4.2

Hér er fjallað um viðskiptaþjónustu, stuðning við íslenskan útflutning og gerð fríverslunar- og viðskiptasamninga.

Kyngreind tölfraeðigögn

Þegar kemur að fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum skortir betri gögn um fyrir hvaða atvinnugeira slíkir samningar opna helst markaði og hverjir eru lykilstjórnendur og eigendur í þeim geirum. Einnig vantar betri yfirsýn yfir við hverja er haft samráð áður en samningaviðræður hefjast og hvernig upplýsingaöflun um hagsmuni sem líta skal til í viðskiptasamningaviðræðum er háttáð.

Á sviði viðskiptaþjónustu væri gagnlegt að hafa upplýsingar um hverjir leita aðstoðar viðskiptafulltrúa og utanríkisþjónustu, hvort upplýsingar séu aðgengilegar öllum og hvernig ný markaðstækifæri og viðskiptasendinefndir eru auglýstar.

Kynjasjónarmið

Mikilvægt er að tryggja sé að bæði kyn hafi jafnan aðgang að alþjóðamörkuðum og að ekki séu til staðar kynbundnar hindranir, hvort sem þær eru kerfisbundnar eða annars konar. Jafnframt er lykilatriði að tryggja að í viðskiptaþjónustu við fyrirtæki verði miðað við þarfir kvenna og fyrirtækja í þeirra eigu, eins og karla.

Kyngreind gögn eða tölfraeði um eignarhald útflutningsfyrirtækja á Íslandi liggja ekki fyrir, en erlend gögn sýna að konur eiga aðeins um 15-20% útflutningsfyrirtækja á heimsvísu en 40% lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sýnt hefur verið fram á að konur í útflutningi upplifa meiri hindranir og hærri útflutningskostnað. Til þess að sporna við þessu tekur Ísland þátt í *SheTrades* sem hefur það að markmiði að tengja fyrirtæki í eigu kvenna við alþjóðamarkaði. Ísland hafði einnig forgöngu, ásamt Botswana og Alþjóðaviðskiptamiðstöðinni (ITC), um sameiginlega yfirlýsingu 130 aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um efnahagslega valdeflingu kvenna. Í kjölfarið hefur verið stofnuð nefnd innan WTO um viðskipti og jafnrétti. Nefndin vinnur að því deila leiðum til þess að afnema kynbundnar viðskiptahindranir og vonir eru bundnar við að tölfraeðigögn sem stofnunin mun afla muni gefa góða mynd af stöðu kynjanna í alþjóðaviðskiptum.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Helstu atvinnuvegir tengdir viðskiptasamningum Íslands eru sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður og orkumál. Það eru allt frekar karllægir geirar ef horft er til eignarhalds, stjórna og mannauðs. Aðeins 18% útflutningstekna eiga uppruna sinn utan sjávarútvegs, útflutnings iðnaðarvara og ferðaþjónustu og talið er mikilvægt að hækka það hlutfall.

Jafn aðgangur kynjanna að mörkuðum er mikilvægur, hann eykur samkeppnishæfni og stuðlar að fjölbreytni í viðskiptaháttum. Upplýsingagjöf utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu um viðskiptaþjónustu þarf að ná til breiðs hóps fyrirtækja með fjölbreytt eignarhald og fjölbreytta stjórnun. Sama á við um þegar verið er að kynna viðskiptatækifæri á erlendum mörkuðum, auglýsa eftir fulltrúum í viðskiptasendinefndir og eftir ábendingum um hagsmuni sem líta beri til í viðskiptasamningagerð.

Niðurstöður og næstu skref

Frekari gagna um eignarhald og stjórn útflutningsfyrirtækja þyrfti að afla til þess að kortleggja stöðuna. Kyngreindar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að meta árangur aðgerða sem gripið er til til þess að tryggja jöfn tækifæri karla og kvenna í markaðssókn erlendis og við gerð viðskiptasamninga sbr. áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og Grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar 2019.

Ísland beitir sér fyrir því að setja ákvæði um jafnrétti í fríverslunar- og viðskiptasamninga og leggur áherslu á valdeflingu kvenna í alþjóðlegu samstarfi en þarf að beita sér samhliða innanlands, sérstaklega í kjölfar COVID-19 faraldursins. Útlit er fyrir um 30% samdrátt í gjaldeyristekjum árið 2020 eftir hrun ferðaþjónustunnar. Í skýrslunni [Saman á útivelli - framkvæmd utanríkisstefnu Íslands í kjölfar COVID-19](#) er talað um að Ísland þurfi á því að halda að nýr útflutningur vaxi umtalsvert á næstu árum, til viðbótar útflutningi á sjávarafurðum, orku, og ferðaþjónustu. Í skýrslunni er nefnt að fjölbreyttari útflutningsgreinar, svo sem hugvit, tækni, nýsköpun og sprotastarfsemi, þurfi að verða framtíðarburðarásar í útflutningi og verðmætasköpun. Því til viðbótar gæti fjölbreytni útflutningsgreina aukist með fjölbreyttara eignarhaldi eða með fjölbreytni meðal stjórnenda útflutningsfyrirtækja.

Í byrjun árs 2021 munu utanríkisráðuneytið og Íslandsstofa stofna til samtals við atvinnulífið og þá sérstaklega konur. Markmiðið er að vekja athygli á því sem Ísland er að gera á þessu sviði og fá innsýn þeirra til að greina hvort til staðar séu kerfisbundnar hindranir eða aðrar, sem utanríkisþjónustan og Íslandsstofa gætu aðstoðað við að yfirstíga.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í kjölfar COVID-19 er aukinn stuðningur við íslenskan útflutning forgangsmál við framkvæmd utanríkisstefnu næstu mánuði. Í því ljósi er mikilvægt að horfa sérstaklega til kynjasjónarmiða, afla kyngreindra gagna og tengja betur við markmiðssetningu í málaflokknum.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Samstarf um öryggis- og varnarmál

Málaflokkur 4.3

Greiningin afmarkast við þátttöku útsendra sérfræðinga á grundvelli laga um íslensku friðargæsluna, nr. 73/2007, í verkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins.


Kyngreind tölfræðigögn

Hægt er að sækja kyngreind tölfræðigögn í verkefnaskrá sem tengist viðbragðslista íslensku friðargæslunnar og Þjóðskrá, um hver sinnti viðkomandi verkefni og hve lengi.

Kynjasjónarmið

Kynjahlutföll meðal útsendra sérfræðinga eru lakari nú en við síðustu úttekt og hafa ekki verið lakari frá árinu 2009. Það skýrist af því að nokkrar stöður voru lagðar niður á árinu 2019 m.a. vegna þess að samdráttur varð í starfsemi Atlantshafsbandalagsins í Afganistan en þar gegndu þrjár konur stöðu útsendra sérfræðinga.

Fjöldi útsendra sérfræðinga



Milli árana 2010 og 2018 voru kynjahlutföllin í jafnvægi (40%/60%) og við síðasta jafnréttismat í árslok 2018 kemur fram að tekist hafi að jafna kynjahlutföllin meðal útsendra sérfræðinga. Jafnframt að leitast hafi verið við að brjóta upp staðalmyndir með því að senda karlmenn til starfa sem jafnréttisfulltrúa eða konur til starfa innan hernaðarumhverfis. Viðhalda þurfi jöfnu kynjahlutfalli og efla almenna fræðslu útsendra sérfræðinga um jafnréttismál.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Kynjaáhrif verkefna útsendra sérfræðinga á vegum öryggis- og varnarmála-skrifstofu hafa almennt séð verið mikil, einkum þegar horft er til þess að verkefni eru fyrst og fremst valin út frá þeirri forsendu að þau þjóni íslenskum varnarhagsmunum. Áhersla á jafnréttismál og kynjaáhrif er þó ekki frumskilyrði nema hvað varðar tvær stöður hjá Atlantshafsbandalaginu, í samræmi við Landsáætlun Íslands um framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi frá árinu 2018. Umræddar tvær stöður jafnréttisfulltrúa hafa m.a. falist í því að samþætta kynjasjónarmið í kjarnaverkefni bandalagsins á borgaralegri hlið þess sem og á hernaðarhliðinni með fræðslu, þjálfun og auknum hlut kvenna. Viðkomandi starfa að stefnumótun og framkvæmd ályktunarinnar í samstarfi við frjáls félagasamtök og aðrar alþjóðastofnanir og aðila á þessu sviði.

Allir útsendir sérfræðingar fá jafnréttisfræðslu fyrir brottför og lögð er rík áhersla á mikilvægi kynjasjónarmiða í undirbúningnum. Vinnuregla hefur verið að jafnréttismál og framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 séu í starfslýsingu sérfræðinganna, þótt frá þeirri reglu hafi verið vikið að undanförunu. Útsendum sérfræðingum er gert að upplýsa um hvernig þeir hafi unnið að framkvæmd ályktunarinnar í reglubundinni skýrslugjöf til ráðuneytisins.

Niðurstöður og næstu skref

Utanríkisráðuneytið hefur það að markmiði að hafa sem jafnast hlutfall karla og kvenna í stöðum útsendra sérfræðinga en ekki hefur náðst að tryggja jafnt hlutfall vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað á tímabilinu.

Hlutfall kvenna hefur lækkað úr 55% árið 2018 í 12,5% árið 2020. Hafa þarf í huga að ekki er um mörg stöðugildi að ræða. Hlutföllin breyttust verulega þegar Ísland lauk þátttöku í verkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins í Afganistan, en þar störfuðu þrjár konur á vegum Íslands. Þá er ráðningartími sérfræðinga allt að tvö ár sem hefur í för með sér að nokkurn tíma tekur að vinna upp hallann.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Á næstu árum væri mikilvægt skref stigið með greiningu á kynjaáhrifum á öðrum viðfangsefnum málefna sviðs öryggis- og varnarmála með vinnslu kyngreindra gagna til að tengja greiningar og niðurstöður þeirra betur við markmiðssetningu í málaflokknum.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Alþjóðleg þróunarsamvinna

Þróunarsamvinna

Málaflokkur 35.1

Markmið Íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þar sem leitast er við að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

Kyngreind tölfraeðigögn

Í þróunarsamvinnu er rík áhersla lögð á að kyngreina öll tölfraeðigögn eins og frekast er unnt. Byggt er á mælikvörðum í ólíkum hlutum árangurskeðjunnar, m.a. fyrir aðföng, þ.e. hve miklu fjármagni er veitt í jafnréttisverkefni í þróunarsamvinnu sem hlutfall af því heildarfjármagni sem veitt er til þróunarsamvinnu Íslands. Jafnframt er unnið eftir sérstakri jafnréttisstíku þróunarsamvinnu-nefndar OECD (DAC), þar sem öll verkefni eru flokkuð samkvæmt framlagi þeirra til jafnréttismála. Öll verkefni eru rýnd með tilliti til jafnréttismála og ef kynjahalli er innan málaflokka er gripið til sértækra aðgerða í þágu kynjajafnréttis.

Samstarfsaðilar Íslands í þróunarsamvinnu nýta kyngreind gögn og því er jafnan aðgangur að slíkum gögnum í þeim fjölþjóðlegu verkefnum sem Ísland styður. Í raun er gífurlegt magn gagna til staðar og helsta áskorunin er því ekki að nálgast gögn, heldur að greina og nýta gögn markvisst með það fyrir augum að þau nýtist til upplýstrar ákvarðanatöku. Nýr verkefnagagnagrunnur hefur verið tekinn í notkun þar sem stuðningur til verkefna er flokkaður eftir framlagi til þeirra ólíku undirmarkmiða sem falla undir heimsmarkmiðin, m.a. því fimmta sem lýtur að því að jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt.

Kynjasjónarmið

Veruleg gjá er til staðar hvað varðar stöðu kynjanna í flestu þróunarsamhengi. Konur og stúlkur lifa víða um heim við mikla mismunun, þar sem staða þeirra er ekki tryggð fyrir lögum. Þær njóta t.d. ekki jafnrar stöðu hvað varðar erfðaréttindi og aðgengi að dómskerfi. Skaðlegir siðir, svo sem barnahjónabönd, ræna 15 milljónir stúlkna undir 18 ára aldri barnæskunni á hverju ári. Konur vinna 2,6 sinnum meira en karlar að ólaunuðum störfum innan heimilis og hafa verulega ójafnan aðgang að valdastöðum innan samfélaga. Kynbundið ofbeldi er umfangsmesta mannréttindabrot sem viðgengst í veröldinni í dag. Í ljósi þessarar stöðu er mjög sterk áhersla á jafnréttismál sem litið er á sem grundvallarréttlætismál þegar leitað er leiða til að styðja samfélög til að vinna að eigin þróun. Þess utan er kynjajafnrétti lykilbreyta í þróun og hvað bestur árangur næst til framþróunar samfélaga ef konum er ljáð rödd, þær fá tækifæri til valdeflingar og virkrar þátttöku í samfélögum, þ.m.t. í efnahagslífinu.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun


Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Ísland leggur sitt af mörkum til að heimsmarkmiði fimm um jafnrétti kynjanna verði náð í gegnum margvíslegar leiðir. Sem dæmi má nefna stuðning við jafnréttisskóla GRÓ¹ á Íslandi og fjölþjóðleg þróunarsamvinnuverkefni. Í tvíhliða starfi njóta stúlkur og konur einnig margháttaðs stuðnings, t.d. á sviði frjósemisheilbrigðis og í mennta- og hreinlætisverkefnum. Sérstæk inngrip á sviði heilbrigðismála fela m.a. í sér að veita fæðingaraðstoð og stemma stigu við barnahjónaböndum og barnadauða.

Hér er einungis stiklað á stóru hvað varðar starf Íslands í jafnréttismálum í þróunarsamvinnu. Ísland er í fararbroddi á heimsvísu sem endurspeglast í árlegri niðurstöðu jafnréttisstíku OECD DAC. Líkt og kemur fram á eftirfarandi mynd lækkaði hlutfall framlaga sem nýtt eru til að vinna að jafnréttismál-efnum lítillega úr 75,7% árið 2018 í 74,2% árið 2019. Vinnulag við flokkun var sérstaklega rýnt, sem skýrir að hluta lækkun hlutfalls frá árinu 2016. Hins vegar hefur hlutfall framlaga til sérstakra jafnréttisverkefna þar sem sérstaklega er unnið að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, aukist úr 8,1% árið 2016 í 15% árið 2019.

Hlutfall af framlögum sem taka mark af kynjajafnrétti



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

¹ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu sem starfar undir merkjum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Niðurstöður og næstu skref

Jafnréttismál eru áfram megináhersluatriði í þróunarsamvinnu Íslands og eru margvíslegar aðgerðir innleiddar á hverju ári til að bæta stöðu kvenna og stúlkna á öllum þeim málefnasviðum sem Ísland starfar á. Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi er Ísland, ásamt Bretlandi, Kenía og Úrúgvæ, meðal forysturíkja í aðgerðabandalagi sem snýr að upprætingu kynbundins ofbeldis. Þá hefur verið ráðist í innleiðingu á jafnréttisvottun þróunaráætlunar SP (UNDP) fyrir þróunarsamvinnu Íslands, sem felur í sér margháttað umbótastarf, auk rýni á Rakarastofuviðburðum. Enn fremur verða ný stefnumið í jafnréttismálum gefin út og ný flokkun tekin í notkun fyrir jafnréttisstíku til að auka nákvæmni gagna.

Innleiðing á heildrænni árangursstjórnun stendur nú fyrir dyrum hjá alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Nýrri vídd verður bætt við verkefnagagnagrunn sem gerir skrifstofunni kleift að flokka verkefni eftir fram- lögum og meta árangur verkefna markvisst. Markmið utanríkisráðuneytisins er að innleiðingu nýs hugbúnaðar til árangursstjórnunar og heildrænni flokkun á öllum jafnréttistengdum framlögum sem byggjast á markmiðum Íslands verði lokið fyrir lok árs 2021.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Grunnur að markmiðssetningu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu fyrir jafnréttismál er settur fram í [aðgerðaáætlun 2019–2020](#) og endurspeglast sýn og nálgun Íslands í nýjum stefnumiðum fyrir málaflökkinn.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Skattar og innheimta

Málaflokkur 5.1

Kyngreind gögn

Út frá álagningarskrá má kyngreina tekjuliði er varða einstaklinga. Má þar einnig líta til dreifingu t.d. skattaafsláttar og endurgreiðsluheimildar VSK. Erfiðara er að kyngreina gögn um skattheimtu lögaðila, enda bæði háð aðgengi að gögnum og ekki síður nálguninni sjálfri. Til eru gögn um kynjaskiptingu starfandi eftir atvinnugreinum og væri því mögulega hægt að keyra slíkar upplýsingar saman við sambærilega flokkun fyrirtækja. Kyngreiningu á gögnum um virðisaukaskatt og tolla væri hægt að nálgast út frá rannsóknum á neysluhegðun kynja. Helstu áskoranir liggja í kyngreiningu annarra óbeinna skatta sem ekki birtast í álagningarskrá. Hafin er vinna við þróun upplýsingaveitu um skiptingu skattbyrði einstaklinga milli kynja sem byggist á álagningarskrá þar sem draga má auðveldlega fram kynjaskiptingu vegna einstakra skatta sem mun nýtast við bæði stöðumat og ákvarðanatöku.

Kynjasjónarmið

Staða kynjanna hvað varðar tekjuskatt einstaklinga endurspeglar óleiðréttan launamun kynjanna eins og hann birtist í launagreinum og þá staðreynd að konur stunda frekar vinnu innan heimilis en karlar. Karlar greiða í flestum tilvikum hærra skatt en konur af þeim sökum. Þá hefur fyrirkomulag virðisaukaskatts kynjaáhrif af því að konur og karlar eru ólíkir neytendur. Í þeim greiningum sem gerðar hafa verið hefur komið í ljós að undanþágur frá virðisaukaskatti eru oftar körlum í vil en konum. Tollar hafa í sumum tilvikum kynjaáhrif og fundist hafa dæmi um undanþágur sem karlar njóta frekar góðs af en konur. Dæmi um nýlega aðgerð til að draga úr neikvæðum kynjaáhrifum virðisaukaskatts var þegar einnota og margnota tíðarvörur á borð við dömubindi og túrtappa voru færðar af efra þrepi virðisaukaskatts í neðra þrepið. Var það gert m.t.t. til þess að slíkar vörur eru nauðsynjavörur fyrir konur og bera þær nú 11% virðisaukaskatt í stað 24% áður.

Samnýting skattþrepa og persónuafsláttar dregur úr hvata tekjuminni maka til að sækja á vinnumarkað eða bæta við sig vinnu í núverandi starfi. Konur eru í flestum tilvikum tekjulægri en karlar og er fyrirkomulagið því til þess fallið að draga úr vinnuframlagi kvenna og þar af leiðandi tekjuöflun þeirra. Breytingar á tekjuskatti einstaklinga hafa þó dregið úr neikvæðum áhrifum samsköttunar á hvata tekjulægri maka til að auka sitt vinnuframlag. Samnýting skattþrepa felst í því að einstaklingar í samsköttun geta samnýtt skattþrep ef annar aðilinn var með tekjuskattstofn umfram hæstu tekjumörk og hinn aðilinn með tekjuskattstofn undir lægstu tekjumörkum. Hluti af þeirri upphæð sem ellegar myndi reiknast í hæstu skattþrosentu tekjuskattkerfisins reiknast þess

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Í stað í næsthæstu skattþrósentunni. Fyrir upptöku þriggja þrepa skattkerfis reiknaðist sú upphæð af lægri skattþrósentu og var því minni hvati fyrir tekju-lægri maka að bæta við sig vinnu.

Niðurstöður og næstu skref

Staða kynja gagnvart skattheimtu er illbreytanleg og fylgir að mestu þróun óleiðrétts launamunar, eignastöðu og neysluhegðun. Til eru kyngreind gögn yfir flesta liði er snúa að einstaklingsskattheimtu en erfiðara er að nálgast kyngreind gögn um skattheimtu lögaðila og aðra óbeina skatta og þjónustugjöld. Hafin er vinna við þróun greiningartóls sem byggist á álagningarskrá einstaklinga. Með því tóli verður greining á áhrifum skattkerfisbreytinga og stöðu kynja með tilliti til einstakra skattstofna auðvelduð. Áfram verða þróaðar reiknireglur til að bæta tólið og auðvelda viðbætur þegar frekari gögn berast. Þær breytingar á tekjuskatti einstaklinga sem hófust á árinu 2020 og komu að fullu til framkvæmda í byrjun ársins 2021 draga úr kynjaáhrifum samsköttunar. Er þær því til þess fallnar að styðja við aukna atvinnuþátttöku kvenna. Á árinu 2021 verður hafist handa við að greina áhrif af endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa út frá kynjunum. Atvinnuþátttaka og launapróun eru seigfljótandi stærðir og mun því þurfa að líta til lengri tíma til sjá raunveruleg áhrif breytinganna. Það greiningartól sem er í þróun mun auðvelda eftirfylgni og yfirsýn yfir það verkefni.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Áfram verður lagt mat á möguleg kynjaáhrif fyrirhugaðra breytinga á skatta- og bótakerfum. Stefnt er að frekari greiningu á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á fjármagnstekjuskatti á kynin. Samhliða mætti kanna kynjasjónarmið í tengslum við frítekjumark fjármagnstekjuskatts.

Eignaumsýsla ríkisins

Málflokkur 5.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að gerð gagnagrunns fyrir upplýsingar um félög í eigu ríkisins þar sem kyngreindar upplýsingar eru aðgengilegar. Á [vef Stjórnarráðsins](#) eru nú birtar upplýsingar um skipan stjórnna í félögum í eigu ríkisins. Þar eru birtar upplýsingar um kynjaskiptingu innan stjórnna í félögum fyrir árin 2016–2020 ásamt hlutfalli kynja í stöðu formanns stjórnna í félögum í eigu ríkisins. Auk þess eru laun stjórnarmanna og forstjóra nú einnig birt á vefnum. Upplýsingarnar verða uppfærðir árlega í tengslum við birtingu Ríkisreiknings.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun


Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Kynjasjónarmið

Ákvarðanir í tengslum við málaflökkinn hafa ólík áhrif á kynin af því að staða kynjanna innan hans er ólík. Þar er einkum um að ræða þætti er varða ólík völd, áhrif og tengslanet karla og kvenna. Sögulega hafa karlar verið í miklum meiri hluta í stjórnendastörfum og öðrum valdastöðum. Þegar hugað er að tengslaneti og hverjir veljast til ábyrgðarstarfa er oft bent á að konur skorti sterkt tengslanet. Rannsóknir hafa sýnt að konur telji tímaskort koma í veg fyrir að þær þrói og viðhaldi tengslaneti. Þá virðast þarfir fjölskyldunnar minna íþyngjandi fyrir karla í fyrirtækjarekstri en konur sem skapa körlum ákveðin forréttindi. Konur virðast einnig vera ragari en karlar til að nýta sér tengslanet sitt til að koma sér á framfæri.

Mikilvægt er að gera upplýsingar um skipan stjórnna í ríkisfyrirtækjum aðgengilegar til að auka gagnsæi og aðhald við eftirfylgni aðgerða sem miða að jafnri stöðu kynjanna. 45% einstaklinga í stjórnnum félaganna eru konur og á vef Stjórnarráðsins má sjá hlutfallsskiptingu kynja innan stjórnna í ríkisfyrirtækja. Aðeins 27% stjórnarformanna félaga í eigu ríkisins eru konur en staðan hefur batnað aðeins milli árunna 2019-2020. Mikið kapp er nú lagt á að jafna stöðu kynjanna í formennsku stjórnanna. Í upphafi árs 2020 voru forstjórar/framkvæmdastjórar ríkisfyrirtækja í 35% tilfella konur.



EFNI

Útanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Stefnt er að því að ný eigandastefna ríkisins verði birt á árinu 2021. Lögð verður meiri áhersla á gagnsæi og jafnræði við val í stjórnir sem mun leiða til jafnari stöðu kynjanna í stjórnnum. Þá verður einnig lögð aukin áhersla á mannauðs- og jafnréttismál félaga sem m.a. er ætlað að stuðla að jafnari kjörum og jafnari hlut karla og kvenna meðal stjórnenda og starfsfólks félaganna. Skýrar, aðgengi- legar og gagnsæjar upplýsingar um skipun stjórnna og kynjahlutfall stjórnna eru lykillinn að aðhaldi við ákvarðanatöku og bætir yfirsýn þeirra sem taka ákvörðun um skipun stjórnna. Slík upplýsingagjöf mun skapa þrýsting til að bæta kynja- hlutfall í stjórnnum sem og kosningu stjórnarformanna í ríkisfyrirtækjum. Næstu skref eru að birta einnig sögulegar upplýsingar um kynjahlutfall framkvæmda- stjóra og lykilstjórnenda ríkisfélaga. Bætt upplýsingagjöf mun auka hvata félaganna til að bæta jafnrétti og jafna kynjahlutföll í stjórnendateymi sínu.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Nokkuð hallar á konur þegar kemur að framkvæmdarstjórum og formönnum stjórnna ríkisfyrirtækja. Markmiðið er að hlutfall kynjanna í formennsku stjórnna verði jafnt innan fárra ára.

Fjármálaumsýsla ríkisins

Málaflokkur 5.3

Um fjórðungur beinna útgjalda ríkisins er launakostnaður. Í þessari greiningu er skoðað hvernig fjármunir, sem fara í launagreiðslur og launatengd gjöld, skiptast á milli karla og kvenna sem starfa hjá stofnunum ríkisins. Ekki er leiðrétt fyrir starfshlutfalli, vinnutíma eða inntaki starfa. Fyrir vikið er ekki um mat á kynbundnum launamun að ræða sem er mikilvægt að hafa í huga við lestur greiningarinnar. Skoðuð eru gögn um launakostnað ríkisins í október- mánuði 2019. Markmiðið er að leggja mat á hvort einhverjir innbyggðir hvatar hafi áhrif á stöðu og tækifæri kynjanna í störfum hjá ríkinu.

Kyngreind gögn

Launabókhald ríkisins er í Orra, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Þar er að finna allar upplýsingar um launakostnað. Launagreiðslur eru flokkaðar í dagvinnulaun, yfirvinnulaun, vaktaálag, önnur laun, kostnaðargreiðslur og launatengd gjöld. Gögnin eru kyngreinanleg milli karla og kvenna. Enn sem komið er eru önnur kyn en kvenkyn og karlkyn ekki skráð.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun


Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál


Kynjasjónarmið

Skipting launakostnaðar

Launakostnaður ríkisins skiptist þannig að 60% heildarlaunakostnaðar fer til kvenna og 40% til karla. Heildarlaunakostnaður í október 2019 var 18,5 milljarðar og fóru 11 milljarðar til kvenna og 7,5 til karla. Fleiri konur vinna hjá ríkinu en karlar. Tveir af hverjum þremur starfsmönnum ríkisins eru konur og einn af hverjum þremur er karl (fjöldi kennitalna). Þá eru konur í 64% stöðugilda hjá ríkinu en karlar í 36%. Gefur það til kynna að konur séu frekar í hlutastörfum en karlar og að meðaltal launakostnaðar á stöðugildi sé hærri hjá körlum en konum.



Eins og sjá má á myndinni hér á eftir er meðallaunakostnaður á hvert stöðugildi 15% hærri fyrir stöðugildi karla en kvenna. Er það í samræmi við óleiðréttan launamun sem mældur hefur verið hjá ríkinu af [Hagstofu Íslands](#). Fyrir þessum mun geta verið margvíslegar málefnalegar ástæður svo sem eðli og ábyrgð starfa, kynjasamsetning starfsstétta og starfshlutfall.



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Kynjaskipting starfa

Hjá ríkinu er kynjaskipting starfa mjög áberandi. Til dæmis eru konur í miklum meiri hluta í störfum í umönnunargeiranum og við kennslu, þá eru karlar mun fleiri í löggæslu. [Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum](#) gerir ráð fyrir fjölmörgum verkefnum til að jafna þennan mun, bæði með einstökum aðgerðum hjá ríkisstofnunum (svo sem jafnrétti innan lögreglunnar), við náms- og starfsval og jafnrétti í skólastarfi.

Samsetning launa


Heildstætt og formlegt mat á inntaki allra starfa hjá ríkinu þar sem virði ólíkra starfa er borið saman er ekki til. Hins vegar hafa stofnanir ríkisins, hver um sig, framkvæmt slíkt mat við innleiðingu jafnlaunastaðals. Upplýsingar þar um eru ýmist skráðar hjá stofnunum eða í Emblu (greiningarkerfi tengt við Orra). Í þessu felast tækifæri til að skoða nánar verðmætamat starfa, samsetningu launa og launamyndunarkerfi til að sjá hvort þar sé munur milli karla og kvenna. Þar sem forsendur mats á inntaki starfa byggjast á starfsumhverfi hvers stofnunar fyrir sig er þó ekki hægt að bera saman virði starfa á milli stofnana.

Við innleiðingu jafnlaunastaðals hefur komið fram að karlar virðast frekar fá auka- og álagsgreiðslur sem og greiðslu fyrir fasta yfirvinnu. Í innleiðingarferlinu hefur einnig komið fram að karlar virðast oftast fá einhvers konar viðbót við grunnlaun á þeim forsendum að um markaðssjónarmið sé að ræða. Oft er skýringin sú að karlar sinni frekar ábyrgðar- og stjórnendastörfum.

Hlutastörf

Helmingur kvenna sem starfa hjá ríkinu er í hlutastarfi og er í starfshlutfalli á bilinu 20–99%. Hlutfall karla í hlutastörfum er 23% en meiri hlutinn eða 77% er í fullu starfi.

Hlutfall kvenna og karla í starfshlutfallinu 20-100%



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Skoða þarf nánar hlutastörf hjá ríkinu, hvaða störf um ræðir og hvaða ástæður liggja að baki hlutastarfi. Þekkt er að margar vaktavinnustéttir í heilbrigðisgeiranum eru í hlutastörfum en vinna engu að síður yfirvinnu. Greiðslur fyrir yfirvinnu eru hærrí en dagvinnulaun og mætti segja að innbyggður hvati hafi verið í kerfinu til að vinna í hlutastarfi og drýgja tekjurnar með yfirvinnu.

Einnig sýndi rannsókn sem framkvæmd var á vettvangi NIKK, Norrænu kvenna- og kynjafræðirannsóknarstofnunarinnar, fyrir Norrænu ráðherra-nefndina um hlutastörf, kyn og efnahagslegar afleiðingar ([Part-Time Work, Gender and Economic Distribution in the Nordic Countries](#)) að ástæður þess að konur vinna í hlutastarfi eru að miklu leyti til að sinna fjölskyldu (barneignir, umönnun o.þ.h.).

Niðurstöður og næstu skref

Rýni á launabókhald ríkisins sýnir að konur eru í miklum meiri hluta starfa hjá ríkinu og að meðaltal launakostnaðar á stöðugildi karla er 15% hærra en meðaltal á stöðugildi kvenna. Greina þarf nánar hvaða störfum karlar og konur sinna og meta inntak þeirra starfa til að átta sig á því hvort um sé að ræða innbyggða hvata sem hafa áhrif á stöðu og tækifæri karla og kvenna í störfum hjá ríkinu. Í mars 2020 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaganna BSRB, um að skipa starfshóp aðila vinnumarkaðarins um endurmat á störfum kvenna. Hópurinn var skipaður af forsætisráðherra og hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði.

Konur vinna að miklu leyti í hlutastörfum hjá ríkinu. Í kjarasamningum veturinn 2019–2020 var samið um betri vinnutíma. Breytingar verða gerðar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi vaktavinnufólks sem eru til þess fallnar að auka möguleika vaktavinnufólks til að vinna hærra starfshlutfall. Hefur það í för með sér hærrí laun og ævitekjur. Sjá nánar á [betrivinnutimi.is](#). Um er að ræða tilraunaverkefni til ársins 2023. Skilgreindir hafa verið mælikvarðar til að fylgjast með árangri þeirra breytinga, m.a. með tilliti til kyns.

Við innleiðingu jafnlaunastaðals hjá ríkinu hafa stofnanir haft tækifæri til að greina inntak starfa og bera saman ólík störf til að sjá hvort greitt sé jafnt fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með notkun greiningartólsins Emblu hafa stjórnendur getað skoðað launagögn stofnunar út frá nýju sjónarhorni og komið auga á tækifæri til leiðréttinga. Þá hafa stjórnendur orðið meðvitaðri um jafnréttissjónarmið þegar kemur að kynjaskiptingu starfa, tækifæra til framgangs í starfi og samsetningu launa og geta því tekið upplýstari ákvarðanir en áður í daglegri stjórnun mannaúðs.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkur 7.1

Kyngreind tölfraeðigögn


Aðgangur að kyngreindum gögnum hefur aukist frá fyrra jafnréttismati þar sem meðumsækjendur eru nú teknir inn í tölfraeðigögn rannsóknna-, tækniþróunar- og nýsköpunarsjóða.

Kynjasjónarmið

Konur eru 46% þeirra sem starfa við rannsóknir. Helsta breytingin á milli ára er innan hins opinbera en þar hækkar hlutfall kvenna starfandi við rannsóknir um 5% á tveimur árum. Ísland er nokkuð yfir meðaltali annarra Evrópuríkja og á meðal þeirra fremstu þegar kemur að hlutföllum kvenna starfandi við rannsóknir. Hlutfall kvenna lækkar hins vegar milli ára hjá þeim konum sem starfa við rannsóknir innan fyrirtækja í einkageiranum.

Rannsóknarsjóður styrkir vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Öndvegisstyrkir Rannsóknarsjóðs hafa verið veittir frá árinu 2004. 65 verkefni hafa verið styrkt frá stofnun sjóðsins. Þar af hafa 16 konur og 67 karlar hlotið styrk. Aðeins fjórar konur hafa fengið styrk sem einstaklingar frá upphafi og 43 karlar. Fimm karlar hafa fengið styrk í tvígang og þrjár hafa fengið þrjá styrki. Þetta eru hæstu styrkir Rannsóknarsjóðs og úthlutað til lengsta tímabilsins. Hér hallar verulega á konur. Athygli vekur að við úthlutun öndvegisstyrkja úr sjóðnum í janúar 2021 var árangurshlutfall kvenna 14% en karla 38%.

Öndvegisstyrkir - fjöldi styrkþega



 Þar af sem einstaklingur

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Hlutfall fjármagns sem féll í hlut kvenna árið 2019 í formi verkefnisstyrkja sjóðsins var 1/3. Mest af fjármagni verkefnisstyrkja rann til raunvísinda og stærðfræði, bæði árið 2019 og 2020. 63% fjármagns verkefnisstyrkja fór til karla 2019, en raunvísindi eru kostnaðarsamar greinar þar sem fleiri karlar starfa í hærra settum akademískum stöðum. Sama ár fengu konur 2/3 af rannsóknarstöðustyrkjum.

Þegar árangurshlutfall styrkþega Rannsóknarsjóðs 2020 eftir kyni er skoðað eru konur og karlar nokkuð jöfn, þ.e.a.s. jafn hátt hlutfall af þeim konum og körlum sem sækja um, hljóta styrk. Þegar rýnt er frekar í gögnin sést að konur og karlar fá svipað hlutfall styrkja sem verkefnisstjórar. Mestur er munur í verkfræði og tæknivísindum þar sem aðeins 12 konur sækja um styrk og ein fær (8,3%). Á móti eru 53 karlar sem sækja um í verkfræði og tæknivísindum og af þeim eru veittir 10 styrkir, (18,9%). Fleiri konur en karlar sækja um styrki í félags- og menntavísindum en þar er árangurshlutfall kvenna 8,8% á móti 13,2% árangurshlutfalli karla. Á móti er árangurshlutfall kvenna, bæði sem verkefnisstjórar og meðumsækjendur, ívið hærra en karla í hugvísindum og listum. Engin kona fær úthlutað úr rannsóknarsjóði í klínískum rannsóknum og lýðheilsu sem meðumsækjandi þrátt fyrir að þær séu fleiri en karlar. Markast umsóknarhlutfall almennt af kynjaðri dreifingu á hin ólíku fagsvið háskólanna (sjá umfjöllun um málefnasvið 21). Hvorki konur né karlar eru sérstaklega hvött til að sækja um sjóðina. Þess er gætt að kynjahlutföll fagraða og stjórna sjóðanna séu sem jöfnust.

Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt fyrir úthlutun Rannsóknarsjóðs á doktorsnemastyrkjum. Árið 2019 voru 59,5% doktorsnema á Íslandi konur, sem er eitt hæsta hlutfall í Evrópu. Athygli vekur að engin kona fékk verkefnisstyrk í verkfræði og tæknivísindum árið 2019 og aðeins ein kona árið 2020, þó að ekki muni mjög miklu á hlutfalli kynjanna í verkfræði og tengdum greinum.



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Enn hallar mikið á konur í úthlutun á öndvegisstyrkjum Rannsóknarsjóðs. Langstærstur hluti fjármagns úr opinberum rannsóknasjóðum sem falla undir málaflökkinn fara til háskóla þar sem kynjahlutfallið í umsóknum er jafnast.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Tækifæri eru til umbóta þegar kemur að þátttöku kvenna í vísindastarfi, sérstaklega á ákveðnum sviðum. Í markmiðssetningu málaflokks 7.1 mætti líta til þess að sjóðirnir taki betur mið af kvenlægum rannsóknum en enn virðist eingöngu horft til árangurshlutfalls sem getur verið með innbyggða kynja-skekkju. Þá eru tækifæri til sérstakra aðgerða sem miða að því að jafna hlutfall karla og kvenna þegar kemur að styrkjum og þá sér í lagi öndvegisstyrkjum Rannsóknarsjóðs en þar hallar verulega á konur.

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Málaflökkur 7.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Til eru kyngreind gögn yfir úthlutanir og umsóknir úr flestum sjóðum á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og margvísleg kyngreind tölfraedi um nýsköpun og atvinnulíf. Fylgja þarf betur eftir samþykktu verklagi sem gerir ráð fyrir að sjóðirnir sendi ráðuneytinu í upphafi hvers árs kynjaða tölfraedi fyrir nýliðið ár og þær upplýsingar verði birtar hvoru tveggja á heimasíðu sjóðsins og heimasíðu ráðuneytisins.

Kynjasjónarmið

Rannsóknir hafa sýnt að fram á að munur er á eiginleikum og viðhorfi karla og kvenna þegar kemur að frumkvöðlastörfum. Mestur munur virðist vera á trú á eigin hæfni, þekkingu og reynslu til að stofna til eigin atvinnurekstrar og ótta við að mistakast. Samkvæmt [skýrslu](#) Efnahags- og framfarastofnunarinnar (hér eftir OECD) og Evrópusambandsins um frumkvöðlastarfsemi kvenna í Evrópu frá árinu 2016 hefur aðeins þriðjungur kvenna í Evrópu trú á hæfni sinni til eigin atvinnurekstrar, en helmingur karla. Á sama tíma óttast 52% kvenna að mistakast en aðeins 42% karla. OECD bendir jafnframt á að meðal líklegra ástæða fyrir takmörkuðu aðgengi kvenfrumkvöðla að fjárfestingu séu kynjafordómar og staðalmyndir í fjármögnunarferlinu. Af þessu leiðir að konur sækja síður um lán og fara því oft út í rekstur með lítið fjármagn og eru háðari því að fjármagna eigin rekstur sjálfar. Þetta setur takmarkanir á vaxtarhorfur fyrirtækjanna sem þær stofna. Sjáanlegur munur er á því í hvaða atvinnugreinum konur og karlar stofna helst fyrirtæki. Konur eru líklegastar til þess að stofna fyrirtæki í þjónustu, umönnun og heild- eða smásölu. Þá hefur verið bent á að konur starfa frekar á sviðum þar sem hið opinbera er umsvifamikið sem getur gert rekstrarumhverfi fyrirtækjanna flóknara. Mestur munur er í landbúnaði og upplýsinga- og samskiptatækni þar sem karlar eru tvöfalt fleiri en konur.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi


Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Samkvæmt Female Entrepreneurship Index 2015 er Ísland í sjöunda sæti á lista yfir þau lönd sem bjóða bestu aðstæðurnar fyrir kvenfrumkvöðla til að blómstra.



Þegar skoðaðir eru styrkir sem veittir voru úr sjóðum á vegum atvinnu-vega- og nýsköpunarráðuneytis á árabílinu 2017–2019 sést að kvenleidd verkefni hlutu 40% af heildarfjölda styrkja og 35% af heildarupphæðinni sem var úthlutað. Eru þetta mikil umskipti frá árunum 2009–2014 en á því tímabili fóru 19% heildarupphæðarinnar til kvenleiddra verkefna en 81% til verkefna sem voru leidd af körlum.

Rétt er þó að hafa í huga að ekki skiluðu allir sjóðirnir inn gögnum og eru því ekki hluti af þessari tölfræði. Tækniþróunarsjóður er langstærsti sjóðurinn í þessu sjóðamengi og áhrif hans því veigamest. Kvenleidd verkefni fengu 31% heildarupphæðarinnar og karlleidd verkefni 69%. Atvinnuþróunarsjóður var sá sjóður sem var hvað næstur kynjajafnvægi þar sem 48% fjármagnsins fór til kvenleiddra verkefna.

Konur skipuðu 61% sæta í stjórnnum sjóðanna og 47% í fagráðum þeirra. Var þá árangurshlutfall kvenna þvert yfir sjóðina 21% sem er örlítið hærra en karlanna, 19%. Þegar einstakir sjóðir eru bornir saman sést að mikill munur er á milli þeirra: Í Hönnunarsjóði voru 67% styrkþega konur og hlutu þær 75% af samanlagðri styrkuppheð. Konur voru hins vegar aðeins 5% styrkhafa úr Orkusjóði og hlutu 1% af heildarupphæð styrkja. Hönnunarsjóður er eini sjóðurinn þar sem konur eru í meiri hluta og starfar hann á málefna sviði þar sem konur eru í meiri hluta en Orkusjóður starfar hins vegar á sviði þar sem karlar eru í meiri hluta. Fjármagn sem Hönnunarsjóður hefur úr að spila er umtalsvert hærra en fjármagn sem Orkusjóður úthlutar.

Í þessu samhengi er jafnframt athyglisvert að skoða [úttekt á stöðu kvenna í íslenska orkugeiranum](#) og verður athyglisvert að fylgjast með þróun á styrkveitingum úr Orkusjóði á næstu árum með tilliti til sífellt aukinnar þátttöku kvenna í orkugeiranum. Í kjölfar skoðunar á úthlutunum úr sjóðum ráðuneytisins 2009–2014 var farið í aðgerðir til að mæla og vakta kyngreinda

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

tölfræði á úthlutunum og umsóknum úr sjóðum ráðuneytisins. Haldnir voru umræðufundir með stjórnendum sjóðanna um mikilvægi þess að gæta að jafnréttissjónarmiðum. Nýsköpunarstefna fyrir Ísland og nýútkomin skýrsla um úthlutanir sjóðanna á árunum 2014–2019 hefur beint kastljósinu að mikilvægi þessara mála. Sem dæmi má nefna að þegar Matvælasjóður tók til starfa var lögð sérstök áhersla á að búa vel um hnútana hvað varðar framsetningu á kynningarefni fyrir sjóðinn þannig að það höfði til beggja kynja og dragi fram kvenfyrirmyndir jafnt í myndefni sem texta. Jafnframt sé frá fyrsta degi vandað til söfnunar kyngreinanlegra tölfræðiupplýsinga.

Niðurstöður og næstu skref

Ný [skýrsla](#) um úthlutanir úr sjóðum á vegum atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytisins bendir til þess að hlutur kynjanna þegar kemur að „karlleiddum“ og „kvenleiddum“ verkefnum hafi jafnast til muna frá fyrri könnun þó enn sé töluvert í land að fullum jöfnuði sé náð. Þegar einstakir sjóðir eru bornir saman sést að það er mikill munur á milli þeirra.

Í fjármálaáætlun fyrir málaflökk 7.2 eru sett fram tvö markmið, annað er tæknilegt og snýr að loftslagsmálum og hitt snýst um að skapa ný störf í þekkingargreinum. Hér þarf að huga að því að hvetja ungt fólk í háskólanám sem tengist vísindum og tækni og gæta þess að sú hvatning eigi jafnt við öll kyn. Samhliða sé til staðar öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki í þekkingargreinum hvers konar. „Það þarf ekki að breyta kvenfrumkvöðlum, það þarf að breyta ferlinu“ er ein meginniðurstaða höfundar skýrslu um styrkjaúthlutanir úr sjóðum á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Í skýrslunni eru lagðar fram tíu tillögur til úrbóta á styrkjaúthlutunarferli sjóðanna. Þessar tillögur lúta að öllum þáttum sjóðanna; hvernig þeir kynna sig fyrir markhópum og að í kynningarefni og allri umræðu séu nýtt tækifæri til að fjölga fyrirmyndum og brjóta niður staðalmyndir, að bæta við spurningum um jafnréttisáhrif verkefna í styrkumsóknum, að hver sjóður temji sér jafnréttis-hugarfar og setji sér jafnréttismarkmið og að tölfræðisöfnun og greining verði stöðluð sem og birting niðurstaðna. Stefnt er að því að árið 2021 verði kjarninn úr þessum tillögum kominn til framkvæmda.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Setja skal sem skilyrði að sjóðir setji sér jafnréttismarkmið og að þeir kalli eftir upplýsingum um jafnréttisáhrif verkefna í styrkumsóknum og að í því samhengi sé ekki eingöngu litið til árangurshlutfalls.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Sveitarfélög og byggðamál

Framlög til sveitarfélaga

Málaflokkur 8.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Lýðfræðilegar upplýsingar svo sem um íbúafjölda og aldursdreifingu íbúa eru með mikilvægustu upplýsingum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga notar við útreikning framlaga. Upplýsingar um íbúafjölda og aldursdreifingu eru ekki greindar eftir kyni.

Kynjasjónarmið

Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki í því að jafna stöðu kvenna og karla, enda það stjórnarsýslustig sem stendur fólki næst. Því skiptir máli hverjir taka ákvarðanir innan sveitarstjórnar, en samkvæmt nýlegri rannsókn Dr. Evu Marínar Hlynisdóttur hætta konur hlutfallslega fyrr sem kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstiginu en karlar eða að einu kjörtímabili liðnu. Þá er marktækur munur á milli kynjanna varðandi viðhorf kjörinn fulltrúa til starfsaðstæðna og vilja til þess að halda áfram störfum.

Lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna útgjaldaparfir og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Jafnframt greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga. Mögulega eru tækifæri til jöfnunar á milli kynja með framlögum Jöfnunarsjóðs en starfsemin hefur þó ekki verið rýnd út frá kynjasjónarmiðum og kynjasjónarmið hafa ekki verið tengd við ákvarðanatöku hjá sjóðnum.

Niðurstöður og næstu skref

Það er lögbundin skylda sveitarfélaga að setja sér jafnréttisstefnu en stefnan ein og sér skilar sér þó ekki alltaf inn í ákvarðanatökuna. Ef vel á að vera þurfa jafnréttissjónarmið að vera innbyggð inn í alla stjórnunarkeðjuna, allt frá stefnumótun til framkvæmdar. Í þjónustunni þarf að sjást að tekið hafi verið tillit til stöðu kvenna og karla, drengja og stúlkna. Svo að hægt sé að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við útfærslu og ákvarðanir þyrfti að taka mið af ólíkri stöðu kynjanna eftir búsetu. Um það bil 70% framlaga Jöfnunarsjóðs renna til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og þar sem staða kvenna í dreifðari byggðum er verri en í þéttbýli eru tækifæri til þess að greina og ef við á, bæta ákvarðanatöku með tilliti til kynjasjónarmiða. Þá væri greining með hliðsjón af kynjasjónarmiðum á framkvæmd þjónustu sveitarfélaga sem fjármögnuð er með framlögum Jöfnunarsjóðs áhugaverð.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Samþætta þyrfti kynja- og jafnréttissjónarmið við útfærslur og ákvarðanir varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði. Sett er fram aðgerð í þingsályktun um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga nr. 21/150, samþykkt í janúar 2020. Aðgerðin ber heitið „Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa“, og hefur það að markmiði að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og gæta að kynja-jafnrétti sveitarstjórnarfólks. Gerð var grein fyrir þeirri aðgerð í frumvarpi til fjárlaga 2021.

Byggðamál

Málaflokkur 8.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Nokkuð er til af kyngreindum gögnum sem tengjast byggðamálum og hefur Byggðastofnun fyrst og fremst haft veg og vanda af öflun þeirra. Í umfjöllun um stöðu karla og kvenna í byggðamálum hefur mikil áhersla verið lögð á atvinnumál og nokkuð er til af gögnum um þau. Nokkuð er einnig til af gögnum um aðgengi að þjónustu en minna er til af upplýsingum um aðrar mikilvægar forsendur búsetu eins og ímynd byggða, möguleika á samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs, hvort samfélag teljist barnvænt og aðgengi að námi, menningu og húsnæði.



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Kynjasjónarmið

Í þeim greiningum sem hafa verið gerðar í tengslum við kyn og byggðamál hefur sýnt sig að það er mikilvægt að taka mið af kynjasjónarmiðum til að bæta ákvarðanatöku innan málaflokksins. Ef litið er til sex grundvallarþátta byggðamála (ekki tæmandi); ákvarðanatöku, þéttbýli/dreifbýli, atvinnu, styrkja/sjóða, ímynd byggða og samgangna, er ljóst að staða kynjanna er ólík innan þeirra allra.

- » **Ákvarðanataka:** Ef litið er til þess hvernig hlutföll kvenna og karla eru og hafa verið í efstu lögum samfélagsins og þar með þegar kemur að ákvarðanatöku hvort sem það er á vettvangi sveitarstjórna eða innan hins opinbera þá er ljóst að karlar hafa verið ríkjandi í ákvarðanatökunni þó að hlutföllin hafi jafnast nokkuð síðustu 20 árin.
- » **Þéttbýli/dreifbýli:** Ójafnræði á milli karla og kvenna er meira í dreifbýli en þéttbýli og rannsóknir sýna að fækkun kvenna er eitt sterkasta einkenni dreifbýlla samfélaga í vanda og í dreifbýli eru konur víðast hvar færri karlar. Trygg atvinna er grundvallarforsenda fyrir búsetu og kynjahallinn á landsbyggðinni er nátengdur atvinnutækifærum utan höfuðborgarsvæðisins. Ljóst er að ójafnvægi í kynsamsetningu dreifðra byggða ógnar jafnvægi og þróun þeirra. Bent hefur verið á að rannsóknir sýni að strax á unglingsaldri stefna stúlkur frekar á brottflutning og nám heldur en drengir. Til þess að sporna við brottflutningi kvenna þarf að vera til staðar atvinna fyrir bæði kynin, tryggt húsnæðisframboð, möguleikar til náms og aðgangur að grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, dagvistun og skóla.
- » **Atvinna:** Það ójafnræði sem er á milli karla og kvenna í dreifðari byggðum orsakast sömuleiðis af því að störfín eru frekar tengd við karllæg gildi, svo sem frumatvinnugreinar; sjávarútveg, landbúnað og iðnað. Konur sinna hins vegar oftast störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og opinberri þjónustu. Einhæft atvinnulíf hefur mikil áhrif á brottflutning kvenna af landsbyggðinni.
- » **Styrkir og sjóðir:** Kynjahalli er í lán- og styrkveitingum sem tengjast byggðamálum en hann hefur þó dregist saman á undanförunum árum og birtist nú helst í því að karlar sækja um og fá að jafnaði hærri framlög.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðisþjónusta

Velferðarmál

- » **Ímynd byggða:** Þegar litið er til búsetu og byggðar er mikilvægt að horfa á ímynd byggða, möguleika á samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs, barnvænt umhverfi, aðgengi að námi, menningu og húsnæði. Rannsóknir hafa sýnt að vinnusóknarsvæði kvenna er almennt minna en karla, konur eru líklegri til að sækja vinnu nær heimili en karlar ferðast lengri veg til og frá vinnu².
- » **Samgöngur:** Ákvarðanir varðandi samgöngur þarf að taka út frá heimilis- og umönnunarbyrði sem leggst þyngra á konur en karla og meira á konur í dreifðari byggðum.

Niðurstaða og næstu skref

Eitt af meginmarkmiðum byggðaáætlunar 2018–2024 er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu og þær aðgerðir sem falla undir áætlunina stuðla margar hverjar nú þegar að jafnrétti. Vert væri að skoða betur áhrif aðgerðar um frádrátt vegna aksturs til og frá vinnu. Vinnusóknarsvæði kvenna er almennt minna en karla, konur eru líklegri til að sækja vinnu nær heimili en líklegri er að karlar ferðist lengri veg til og frá vinnu. Konur eru frekar bundnar við ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf og eiga, að því er virðist, erfðara með að sækja vinnu langt frá heimili en karlar. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um stöðu karla og kvenna hefur aðgerðin því mun meiri bein áhrif á karla en konur og getur haft þau óbeinu áhrif að meira álag verður á konur vegna ólaunaðrar vinnu sem tengist heimilinu. Aðgerðin styður því ekki við jafnrétti kynjanna.

Vinna er hafin við að endurskoða byggðaáætlun og samhliða þeirri vinnu er unnið tilraunaverkefni þar sem hugað verður sérstaklega að kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Samþætta þyrfti kynja- og jafnréttissjónarmið við útfærslur og ákvarðanir varðandi byggðamál og móta mætti ákveðnar aðgerðir með það að leiðarljósi að styðja sérstaklega við konur í dreifðari byggðum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

² Sjá samantekt í áfangaskýrslunni [Samgöngur og jafnrétti](#) frá árinu 2018.

Almanna- og réttaröryggi

Lögreglan

Málaflokkur 9.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Hjá lögreglu liggja ítarlegar upplýsingar sem hægt er að kyngreina, bæði hvað varðar starfsemi lögreglunnar og þá sem lögreglan þjónustar. Markmið LÖKE, málaskrárkerfi lögreglunnar, er að halda utan um grunaða en ekki þolendur en tilefni er til að skoða að auðveldara verði að nálgast upplýsingar um brotaþola. Leggja þarf meiri áherslu á samræmda skráningu þessara upplýsinga og tryggja markvissari úrvinnslu og verður lagt til að embætti ríkislögrelustjóra leggi áherslu á slíka greiningu brotaþola eftir kyni.

Upplýsingar um þá sem grunaðir eru um brot eða þolendur brota hafa ekki verið greindar eða birtar markvissst, nema þá í tengslum við einstaka brotaflokka eða verkefni. Þannig hefur upplýsingum um þolendur og gerendur í heimilis- ofbeldismálum verið markvissst haldið saman og upplýsingar um kynjaskiptingu gerenda í helstu brotum birtar reglulega. Þá hafa reglulega verið framkvæmdar þolendakannanir þar sem fram koma kyngreinanlegar upplýsingar um viðhorf almennings til lögreglu, reynsla af afbrotum og hvort brot séu tilkynnt til lögreglu eða ekki.

Kynjasjónarmið

Það er afar mikilvægt að horft sé til kynja- og jafnréttissjónarmiða í störfum lögreglu enda sinnir lögregla samfélaginu öllu og þar á meðal viðkvæmum jaðarhópum. Lengst af voru áherslur í löggæslu að taka til meðferðar kærur sem berast frá borgurum en frumkvæðisvinnu var sinnt í takmörkuðum mæli, og þá einkum í formi umferðareftirlits og til að hefta dreifingu ávana- og fíkniefna. Á síðustu árum hefur hins vegar komið fram vaxandi skilningur á mikilvægi þess að leita leiða til að ná til þolenda, ekki síst þolenda ofbeldis sem ekki tilkynna það til lögreglu.

Árið 2018 var samþykkt [aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu](#) og hefur henni verið hrint af stað, m.a. með því að efla löggæslu í landinu og auknu fjármagni til málaflokksins. Þessi stuðningur hefur leitt til þess að lögregla hefur getað bætt þjónustu sína og nær nú frekar til jaðarhópa þolenda en áður.

Gögn lögreglu benda til þess að breytingar á verklagi, svo sem ný nálgun í rannsókn heimilisofbeldis, aukin áhersla á kynferðisbrot og fjölgun leiða til að hafa samskipti við lögreglu með tilkomu Bjarkarhlíðar, hafi leitt til þess að fleiri tilkynna slík brot til lögreglu nú en áður. Þá eru merki þess að þolendur í viðkvæmri stöðu leiti frekar til lögreglu nú en áður.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Bygðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Fjöldi kynferðisbrota og manndrápa og líkamsmeiðinga sem tilkynntar voru til lögreglu 2015 til 2018.

	2014	2015	2016	2017	2018
Kynferðisbrot	419	442	498	476	551
• Þar af nauðgun (194.1-194.2 gr.)	129	178	185	213	263
Manndráp og líkamsmeiðingar	1.237	1.587	1.605	1.671	1.757
• Þar af líkamsárás (217. gr.)	948	1.307	1.301	1.322	1.319
- Þar af líkamsárás, líkamsm. meiri (218. gr.)	230	233	222	234	271
- Þar af endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu eða velferð fjölskyldumeðl. (218b)	-	-	-	77	82

Upplýsingar frá ríkislögreglustjóra um staðfestar tölur á landinu öllu.

Vinna þarf nánar með þessar upplýsingar og skoða nálgun lögreglu, því þrátt fyrir þessar breytingar þá eru vísbendingar í nýlegum þolendakönnunum um að konur tilkynni síður ofbeldi til lögreglu en karlar en sá munur skýrist ekki af því að þær verði síður fyrir ofbeldi. Miklar sveiflur koma fram í þessum rannsóknum enda beinast þær ekki eingöngu að þeim hópi sem brotið hefur verið á. Mikilvægt er að skoða þetta nánar með það að leiðarljósi að skoða hvort ofbeldi sem beitt er á almannaþæri milli ókunnugra, sem er sú tegund ofbeldis sem karlar verða oftast fyrir, sé frekar litið alvarlegri augum en ofbeldi milli skyldra og tengdra, sem er það ofbeldi sem konur verða oftast fyrir.

Niðurstöður og næstu skref

Halda þarf áfram vinnu sem beinir sjónum að verklagi lögreglu og hvernig það er misvel til þess fallið að ná til ólíkra hópa. Þá hafa samantektir hjá lögreglu bent til þess að eðli þeirra brota sem einstaklingar verða fyrir er ekki bara ólíkt eftir kyni heldur einnig aldri og efnahagslegri og félagslegri stöðu. Þannig má nefna brot gegn einstaklingum sem þurfa umönnun, svo sem aldraðir og fatlaðir einstaklingar, en lítið hefur verið fjallað um ofbeldi sem þessir hópar verða fyrir. Vinna þarf meira með háskólasamfélaginu að rannsóknum á þessu sviði m.a. með því að nýta betur þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og fá háskólana að þeim rannsóknum sem verið er að vinna.

Áhersla hefur verið lögð á að efla almenna tölfræðivinnslu og gera upplýsingar um brot aðgengilegri. Kynferðisbrot hafa verið í forgangi en einnig upplýsingar um heimilisofbeldi. Gera þarf upplýsingar um kynjadreifingu þolenda og gerenda í ólíkum málaflokkum sýnilegri með auknum greiningum og bættri skráningu bakgrunnsbreytna þolenda og gerenda en þær upplýsingar eru ekki alltaf skráðar í kerfi lögreglu. Þá þarf að fara í markvissa vinnu við að bæta skráningu á brotapolum, því tengsl þeirra við mál eru oft ranglega skilgreind.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Áfram verður unnið að þessari þróunarvinnu og er markmiðið að í lok árs 2021 verði hægt að skoða kynjagreinda tölfræði sakborninga í öllum málaflokkum.

Þá er hafin vinna við að skoða málsmeðferð í heimilisofbeldismálum, bæði á lögreglustigi og einnig á dómsstigi. Megináhersla hefur verið á að fylgja málum eftir og ná utan um upplýsingar. Næsta skref er að skoða málsmeðferð út frá kyni sakborninga og brotapolá. Stefnt er að því að hægt verði að fara í þessa vinnu undir lok árs 2021 og áfram árið 2022.

Lögregla vinnur einnig að því að bæta aðgengi og upplýsingamiðlun til ólíkra hópa, m.a. með því að setja upp rafræna gátt fyrir þolendur kynferðisbrota þar sem einstaklingar geta nálgast upplýsingar um eigin mál. Þá er lögregla að ráða til sín sálfræðing sem vinna mun áfram með úrbætur á því hvernig tekið er á móti þeim sem leita til lögreglu, hvernig þeir eru studdir í gegnum ferlið og leiðbeint áfram.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Þegar markverðar niðurstöður fást úr mælingum samkvæmt löggæsluáætlun verður hugað nánar að frekari markmiðssetningu í málaflokknum í fjármálaáætlun.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Réttindi einstaklinga

Sýslumenn

Málaflokkur 10.3

Undir málaflokkinn fellur starfsemi sýslumannsembætta sem eru níu talsins og fara með staðbundið framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Verkefnum embættanna er að jafnaði skipt í tvennt, kjarnaverkefni og sérverkefni, og meðal kjarnaverkefna embættanna má nefna þinglýsingar, fjárnám, nauðungarsölur, fjölskyldumál, ýmsa leyfaútgáfu og innheimtu opinberra gjalda. Hér verður fjallað um fjölskyldumál og þá sér í lagi forsjármál.

Kyngreind tölfraeðigögn

Helstu kyngreindu gögn sem til eru á þessu sviði er að finna í upplýsingakerfi sýslumanna, sem heldur utan um starfskerfi fyrir helstu kjarnaverkefni sýslumanna, þar á meðal fjölskyldumál. Þar sem starfskerfið fyrir fjölskyldumálin er beintengt við þjóðskrá er hægt að afla upplýsinga um kyn einstaklinga, bæði málsaðila og barna, auk þess sem lyktir mála eru að jafnaði skráðar í kerfið og þeim miðlað til þjóðskrár Íslands til skráningar. Þar sem lyktir mála um sambúðarslit og skilnað foreldra eru skráðar í kerfið og skráningin tengd við þjóðskrá, þykir rétt að taka þau gögn fyrir við framkvæmd mats á jafnréttisáhrifum.

Kynjasjónarmið

Rannsóknir benda til þess að konur beri enn í dag meiri ábyrgð á umönnun og umsýslu barna sinna og eyði fleiri klukkustundum en karlar dag hvern í slík verkefni. Við sambúðarslit eða skilnað foreldra barna er ábyrgð barna frekar hjá mæðrum en feðrum. Það er bæði í anda markmiðs um jafnrétti að styðja við virka þátttöku beggja foreldra í uppeldi og umsjá barna sinna auk þess sem það er réttur barna og foreldra að njóta samvista hvers annars.

Í [skýrslu innanríkisráðherra](#) frá 1. september 2015 kemur m.a. fram að árið 2011 sömdu foreldrar um sameiginlega forsjá barns í um 90% tilvika. Ef foreldrar fóru ekki sameiginlega með forsjána var mun algengara að móðirin færi ein með hana. Á sama tíma var mun algengara að lögheimili barns væri hjá móður þegar foreldrar sömdu um að fara sameiginlega með forsjána, eða í um 91% tilvika. Tilhögun á búsetu barna frá árinu 2011 og þar til framangreind skýrsla var birt hafði tekið litlum sem engum breytingum en samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hafði 91% barna verið með skráð lögheimili hjá móður árið 2015, samanborið við 93% árið 1998. Í framangreindri skýrslu er enn fremur vísað til tölfraeðiupplýsinga frá Noregi og Svíþjóð um skipta búsetu og sýnir sú tölfraeði að skipt búseta barna hefur aukist með árunum.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Frumvarp dómsmálaráðherra til breytinga á barnalögum (skipt búseta barns) var lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019–2020, en náði ekki fram að ganga og hefur frumvarpið verið lagt fram aftur á 151. löggjafarþingi. Frumvarpið snýr m.a. að því að lögfesta þau nýmæli að heimila foreldrum að semja um skipta búsetu barns þannig að barn verði með búsetu hjá báðum foreldrum. Í frumvarpinu kemur fram að ekki þygi óvarlegt að áætla að skipt búseta barna geti komið til greina fyrir um 20% barna þeirra foreldra sem ganga í gegnum skilnað eða sambúðarslit. Verði frumvarpið samþykkt sem lög standa vonir til að með tímanum verði staða kynjanna jafnari með tilliti til mikilvægra réttinda og skyldna sem í dag eru bundin við skráð lögheimili barns samkvæmt barnalögum og sérlögum. Í frumvarpinu kemur fram að formleg búseta barna muni breytast í þá veru að börn verði í auknum mæli búsett hjá báðum foreldrum og mun það bæta réttarstöðu feðra. Þá má jafnframt nefna að frumvarpið skapar búsetuforeldri nýjan rétt til tekjutengdra barnabóta. Í frumvarpinu kemur fram að áætlað sé að breytingar á barnabótakerfinu muni þó hafa mismunandi áhrif á mæður og feður. Sú lækking sem gert er ráð fyrir á heildargreiðslum ríkisins vegna barnabóta muni hafa ólík áhrif á kynin og er áætlað að halla muni á konur í því tilliti. Í þeim tilvikum þegar foreldrar semja um skipta búsetu barns munu bætur t.d. til einstæðrar móður lækka í kjölfarið þar sem mæður eru í dag oftast lögheimilisforeldri.

Niðurstöður og næstu skref

Málaflokkurinn og þá sér í lagi það málefni sem hér hefur verið tekið fyrir styður ekki óbreytt við markmið um jafnrétti, enda benda tölfræðigögn til þess að það halli talsvert á feður í þeim tilfellum þegar lögheimili er hjá móður. Verði fyrrgreint frumvarp að lögum verður tekið skref í átt að því að opna fyrir möguleika foreldra á að semja um skipta búsetu og þannig jafna stöðu kynjanna hvað varðar réttaráhrif sem í dag fylgja skráðu lögheimili barns.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í fjármálaáætlun 2021–2025 var ekki sett sérstakt markmið sem ætlað er að stuðla að jafnrétti kynja við úrlausn mála sem snúa að börnum og er því vert að huga að slíkri markmiðssetningu í næstu fjármálaáætlun. Nánari greining og eftirfylgni með áhrifum laganna, verði frumvarpið samþykkt sem lög, er hins vegar grundvallarforsenda þess að frekari aðgerðum verði hrundið af stað. Þá er mikilvægt að móta frekar hvaða áhrif skipt búseta eigi að hafa á opinberan stuðning til barnafjölskyldna á einstaka sviðum og heildaráhrif þessa. Sérstaklega er mikilvægt að meta hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á lífsafkomu barna í mismunandi fjölskyldugerðum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Útlendingamál

Málaflokkur 10.4

Kyngreind tölfraeðigögn


Upplýsingar um kyn eru hluti af grunnskráningu einstaklinga í upplýsingakerfi Útlendingastofnunar. Umsóknir um dvalarleyfi, alþjóðlega vernd, ríkisborgara-rétt og áritanir sem og afgreiðsla þeirra eru kyngreinanlegar sem og allar ákvarðanir stofnunarinnar. Upplýsingar um kyn umsækjenda um alþjóðlega vernd eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar og unnið er að birtingu á kyn-greindum upplýsingum um aðra umsækjendur.

Kynjasjónarmið

Kortlagning á kynjasjónarmiðum í málaflokknum liggur ekki fyrir en meðal kynjasjónarmiða sem vert væri að kanna eru til dæmis samfélagsleg staða, byggð á þeim menningarheimi sem einstaklingar koma frá.

Gögn um alþjóðlega vernd sýna þó að karlar eru mikill meiri hluti um-sækjenda en árið 2020 voru fullorðnir karlar tæplega helmingur umsækjenda um alþjóðlega vernd. Konur koma oftast sem hluti af fjölskyldu eða sem ein-stætt foreldri og fylgdarlaus ungmenni eru oftast drengir.

Ákvarðanir um umsóknir um vernd 2020



Í tilfellum þar sem mál voru ekki tekin til efnismeðferðar getur verið um að ræða Dublin endursendingu, vernd í öðru ríki eða önnur lok.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning


Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Konur voru meiri hluti umsækjenda um dvalarleyfi árið 2019 eða 53% en mikill kynjamunur er þó eftir tegundum leyfis sem sótt er um.

Umsækjendur um dvalarleyfi árið 2019 eftir tegund



Tölfræði þessi sýnir einungis fjölda umsækjenda eftir kyni en ekki hvaða þýðingu hún hefur til dæmis hvað varðar málsmeðferðartíma, niðurstöðu, þjónustu eða kostnað. Það er áskorun að skoða hvað áhrif þessir þættir hafa á málefnasviðinu og hefst sú vinna í byrjun árs 2021.

Niðurstöður og næstu skref

Ekki hefur verið talin þörf á aðgerðum þar sem ekki er talið að staða kynjanna á málefnasviðinu sé ójöfn. Í greiningarvinnu sem hefst í upphafi árs 2021 verður farið yfir stöðu kynjanna og þá jafnframt metið hvort bregðast þurfi við ójafnri stöðu ef greining leiðir slíkt í ljós. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 kemur fram að farið verði í þarfagreiningu á samræmdum gagnagrunns- og upplýsingakerfum aðila er starfa við útlendingamál og í framhaldi farið í val og innleiðingu á kerfum. Mikilvægt er í þessari vinnu að taka mið af aðgengi að kyngreindum gögnum í gagnagrunns- og upplýsingakerfum stofnananna.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Samgöngu- og fjarskiptamál

Samgöngur

Málaflokkur 11.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Merkjanlegur munur er á kynbundinni notkun á samgöngukerfinu sem margvísleg gögn endurspeglar.

Kynjasjónarmið

Hefðbundnar samgönguáætlanir, skipulag og umferðarlíkön taka almennt ekki tillit til mismunandi ferðamynsturs karla og kvenna. Mestur kynjamunur er í daglegum ferðavenjum. Á flestum sviðum hefur mælst greinilegur munur á ferðavenjum karla og kvenna en gerð er grein fyrir þeim niðurstöðum í áfangaskýrslunni [Samgöngur og jafnrétti](#) sem kom út árið 2018. Mælanlegur munur er á ferðamáta, tilgangi og tíðni ferða sem og vegalengdum. Þessi munur er talinn stafa af ólíku félagslegu og efnahagslegu hlutverki kynjanna t.d. ábyrgð á heimilisstörfum, barnauppeldi og annarri umönnun, búsetu og launamun starfsstétta.

Þá er losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna kvenna marktækt minni en karla vegna aksturs, eignarhalds og vals á ökutækjum. Í ferðavenjukönnunum á Íslandi hefur ekki komið fram kynjamunur á notkun strætó. Þess ber að geta að nánast engir þátttakendur í könnuninni eru af erlendum uppruna.



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Nánar:

- » Mikill meiri hluti bíla er skráður í eigu karla og hefur bílaeign nú verið greind eftir hjúskaparstöðu. Fæstir bílar eru í eigu kvenna í hjúskap 38% á móti 62% í eigu karla í sama hópi. Athygli vekur að miklu fleiri ekkjur eru skráðar fyrir bíl en ekklar eða 67%, enda eru lífslíkur kvenna öllu meiri en karla. Í hópnum einhleypir eru konur skráðar fyrir 42% bíla. Þrátt fyrir það eru yfir 90% einhleypra kvenna í aldurshópnum 31–35 ára skráðar eigendur bíla en þar er eignarhaldið hæst.
- » Konur sem eru skráðar fyrir bíl eiga almennt minni og sparneytnari bíla og því er meðaltalslosun gróðurhúsalofttegunda í g/km í vegasamgöngum minni hjá konum en körlum. Kemur þar hugsanlega tvennt til: meiri umhverfisvitund og lægri kaupgeta vegna lægri launa.
- » Ójafnræði á milli kynjanna er meira í dreifbýli og sjávarbyggðum. Þar er einnig launamunur kynjanna mestur og fæst atvinnutækifæri fyrir konur. Mikilvægur liður í að halda landinu í byggð er að efla tækifæri kvenna á landsbyggðinni. Það er hægt að gera með vegstyttingum og auknu öryggi.
- » Konur nota bíl hlutfallslega meira í daglegu lífi en karlar, þrátt fyrir minni bílaeign. Þær fara fleiri en styttri ferðir daglega, sérstaklega að loknum vinnudegi.
- » Karlar eyða meiri tíma í að fara til og frá vinnu og fara oft langar leiðir (þar sem vinnusóknarsvæði þeirra er stærra en kvenna).
- » Konur aka umtalsvert minna á þjóðvegum og þá oftast sem farþegar.
- » Konur ganga meira (hugsanlega vegna styttra vinnusóknarsvæðis).
- » Konur hjóla umtalsvert minna en nota Strætó svipað og karlar.
- » Fleiri konur virðast búa nálægt vinnustað en karlar, væntanlega þar sem grenndarvinnustaðir líkt og skólar, leikskólar og heilsugæsla eru kvenlægir vinnustaðir. Með upplýsingum launagreiðenda um starfsstöð launþega væri hægt að greina slíkt með vissu og þar með nýta upplýsingarnar við samgönguskipulagsgerð.
- » Konur starfa mun síður við samgöngur en karlar, sem dæmi eru aðeins um 1% þeirra sem hafa skipstjórnarmenntun konur, þá eru konur 0,3% vélstjóra, 6% atvinnubílstjóra og 12% flugmanna.
- » Samgönguframkvæmdir, sérstaklega þær sem stytta ferðatíma og efla þar með vinnusóknarsvæði eru líklegar til að gagnast konum betur. Sama á við um smærri framkvæmdir og bættu þjónustu í nærumhverfi svo sem með gerð göngustíga. Slíkar framkvæmdir eru líklegar til að gagnast konum betur en körlum vegna ólíks ferðamynsturs kynjanna.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Í nýrri samgönguáætlun er aukin áhersla á fjölbreytta ferðamáta, sérstaklega í þéttbýli þar sem áhersla er á göngu, hjólreiðar og almenningssamgöngur. Af rannsóknunum er ljóst að færri konur nota hjól sem ferðamáta og notkun kynja á almenningssamgöngum innan þéttbýlissvæða virðist áþekk. Hins vegar virðast konur nota göngustíga í ríkari mæli en karlar, til og frá vinnu, svo ný stefna kann að gagnast báðum kynjum vel. Einnig má leiða líkur að því að bætt og hraðskreiðara almenningssamgöngukerfi verði hvetjandi, jafnvel enn frekar fyrir karla sem hafa oftast einfaldara ferðamynstur, þ.e. fara marktækt færri en lengri ferðir.

Niðurstöður og næstu skref

Það er ljóst að kynin nota samgöngukerfið ekki með sama hætti. Helstu forsendur mismunandi notkunar eru þær að konur eru oft bundnari nærumhverfi vegna ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa. Þær eru því mikið á ferðinni í margvíslegum tilgangi, meðan karlar ferðast oftast langar leiðir til og frá vinnu en hafa færri önnur verkefni sem tengjast fjölskyldu og ættingjum. Þetta takmarkar meira vinnusóknarsvæði kvenna en karla. Stærri framkvæmdir sem stytta ferðatíma milli þéttbýliskjarna eru því líklegar til að stækka vinnusóknarsvæði kvenna og fjölga atvinnumöguleikum þeirra sem einmitt ætti að stuðla að jafnrétti.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Tækifæri eru til að styðja sérstaklega við þarfir kvenna þegar kemur að samgöngumálum. Setja mætti inn slík markmið og aðgerðir inn í samgönguáætlun sem og í fjármálaáætlun og aðgerðir inn í fjárlagafrumvarp. Þá væri gagnlegt að gera víðtæka ferðavenjugreiningu með áherslu á kynin, rannsaka áhrif ólíkra ferðamáta á kynin og auka samráð við almenning við mótun samgangna.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Landbúnaður

Stjórnun landbúnaðar og rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaði

Málaflokkar 12.1 og 12.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Innan málefna sviðs landbúnaðar hefur gagna verið aflað með ýmsu móti í gegnum árin og eru gögn að einhverju leyti kyngreind. Þar á meðal eru ýmis tölfraeðigögn en á undanförunum árum hafa einnig verið gerðar rannsóknir og greiningar sem gefa mikilvægar vísbendingar um stöðu kynjanna innan málefna sviðsins. Unnið er að víðtæku mælaborði um allt sem snýr að landbúnaði, þar á meðal kyngreindum gögnum. Tækifæri liggja í því að nýta mælaborð landbúnaðarins til að miðla upplýsingum um jafnrétti innan landbúnaðar samhliða því að afla betri kyngreinanlegra tölfraeðigagna.

Kynjasjónarmið

Þær greiningar sem gerðar hafa verið gefa vísbendingu um að konur hafi í gegnum árin verið minna sýnilegar innan atvinnugreinarinnar en karlar og er áskorun að átta sig á því hvernig kynjahlutföllin eru í raun í greininni út frá þeim gögnum sem til eru. Starfsframlag kvenna í landbúnaði er oft hvergi skráð í opinberum gögnum þar sem algengara er að karl sé skráður fyrir eignum, stuðningsgreiðslum o.fl. Gögn um stuðningsgreiðslur endurspeglar því ekki raunverulega þátttöku kvenna í búrekstri. Unnið hefur verið að því að gera hlut kvenna sýnilegri, t.d. með því að nú geta hjón og sambýlisfólk sem stendur saman að búrekstri óskað eftir því að greiðslum samkvæmt samningunum sé skipt jafnt á milli aðila.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur fólki sem starfar í landbúnaði fækkað á undanförunum árum. Hlutfall kvenna af þeim sem starfa í landbúnaði hefur verið að meðaltali 30-35% síðastliðinn áratug.

Algengt er við búrekstur þar sem hjón eða sambýlisfólk standa saman að rekstrinum að annar aðilinn vinni utan heimilis og oftast en ekki hefur það verið konan. Það má því segja að vísbendingar séu um að staðalmyndir, verkskipting, samfélagsleg staða og önnur sjónarmið hafi að einhverju leyti áhrif á stöðu kynjanna á málefna sviðinu. Rétt er þó að taka fram að þetta hefur breyst á undanförunum árum m.a. með aukinni þátttöku kvenna í stjórnun og framkvæmdastjórnastöðum félaga innan landbúnaðar og auknum sýnileika kvenna í landbúnaði með greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum.

Í [greiningu á stöðu kvenna innan sauðfjárræktar](#) frá árinu 2016 kemur m.a. fram að karlar eru oftast en ekki skráðir fyrir eignum og réttindum, fá frekar stuðningsgreiðslur og afla sér meiri lífeyrisréttar. Einnig kom þar fram að aðgengi kvenna að styrkjum og lánsfé vegna greinarinnar er verra en karla.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Þegar hlutfallsleg skipting styrkveitinga úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins (FL) fyrir tímabilið 2017–2019 er skoðuð má sjá að í kringum 60% styrkveitinga fóru til karla. Sjá má að meiri hluti styrkþega í þróunarsjóði sauðfjár, þróunarsjóði nautgripa og markaðssjóði sauðfjárafurða eru karlar. En í flokkum námsstyrkja og styrkja til stofnana sem sinna fræðslu er meiri hluti styrkþega konur. Í þessu samhengi er vert að nefna að útskrifaðir nemendur frá Landbúnaðarháskóla Íslands hafa í gegnum árin verið um eða yfir helmingur konur og var 69% útskrifaðra nemenda konur árið 2019. Í fagráði FL eru karlar í meiri hluta eða um 78% og 60% stjórnarfolks sjóðsins á tímabilinu 2017–2019 voru karlar. Árið 2020 var FL lagður niður og Matvælasjóður stofnaður og verður því áhugavert að sjá hvort breytingar verða á kynjahlutfalli styrkveitinga. Þá skal tekið fram að styrkjaflokkar í Matvælasjóði eru ekki þeir sömu og hjá FL.

Þegar lánveitingar Byggðastofnunar eru skoðaðar má sjá að árið 2018 voru aðeins 7% umsókna frá konum en 11% árið 2019. Karlar sækja helmingi oftast um en konur en langflestar lánsbeiðnir eru frá aðilum þar sem bæði kynin koma að rekstri eða 65%.

Niðurstöður og næstu skref

Með hliðsjón af framangreindu eru vísbendingar um að hlutur kvenna sé vaxandi á ákveðnum sviðum landbúnaðarins á meðan enn eru tækifæri til að styrkja hlut kvenna á öðrum sviðum. Þau tölfræðigögn og rannsóknir sem til staðar eru benda til að konur séu ekki jafn sýnilegar í greininni og karlar en efla þarf gagnaöflun og rannsóknir til að leggja rétt mat á núverandi stöðu jafnréttis innan atvinnugreinarinnar.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið telur mikilvægt að jafnréttissjónarmið séu ávallt höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku og markmiðssetningu innan mál-efnasviðsins. Auknar rannsóknir á jafnrétti innan atvinnugreinarinnar og aukið aðgengi að gögnum gefa betri mynd af núverandi stöðu sem og auðvelda markmiðssetningu. Þá mun ráðuneytið fara í það að kortleggja hvaða gagna þarf að afla og hvaða rannsóknir þarf að framkvæma til að varpa skýrara ljósi á stöðu kvenna innan landbúnaðar.



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Sjávarútvegur og fiskeldi

Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis og rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.

Málaflokkar 13.1 og 13.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Á þessu málefnasviði hefur ýmissa gagna verið aflað sem að hluta til eru kyngreinanleg. Einnig hafa á undanförunum árum verið gerðar rannsóknir sem gefa góða vísbendingu um stöðu kynjanna á málefnasviði sjávarútvegs og fiskeldis. Áskoranir snúa m.a. að því að gögn sem gætu verið kyngreind eru það ekki og/eða erfitt er að draga kyngreininguna fram. Einnig er hluti þessara gagna afleidd gögn. Meta þarf hvernig best er að bregðast við þessu.

Kynjasjónarmið

Sjávarútvegur er karllæg atvinnugrein þar sem hlutur kvenna hefur einkum verið við vinnslu sjávarafurða. Sama gildir um stjórnendur í greininni en þar hefur hlutur kvenna verið takmarkaður. Konur eru að ryðja sér til rúms innan greinarinnar en kynbundnar staðalmyndir eru afar sterkar í sjávarútvegi og störf karla innan atvinnugreinarinnar hafa almennt notið meiri virðingar en störf kvenna. Í fiskeldi er sambærilegur kynjahalli einnig til staðar.

Ef kynjahlutfall við fiskveiðar er sérstaklega skoðað þá er hlutur kvenna á árinu 2019 aðeins um 4,3% af þeim sem hafa fiskveiðar að aðalstarfi og er þetta hlutfall það lægsta sem verið hefur á síðastliðnum 10 árum samkvæmt vinnnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Þá eru karlar um 70% þeirra sem starfa í fiskiðnaði og þá frekar í störfum sem metin eru til hærri launa. Sambærileg staða er uppi hvað varðar stjórnar- og stjórnendastöður í sjávarútvegi en skv. [rannsókn](#) sem gerð var fyrir félagið *Konur í sjávarútvegi* árið 2017 voru um 15% æðstu stjórnenda í greininni konur. Með hliðsjón af þessu mætti t.d. skoða hver staða jafnlaunavottunar er hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þá er einnig vert að nefna að 53% þeirra sem starfa í fiskiðnaði eru af erlendum uppruna en í þeim hópi er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.

Meira jafnvægi er í styrkveitingum innan sviðsins. Styrkúthlutanir AVS (Aukið virði sjávarfangs) voru síðustu 3 ár (2017–2019) mjög nálægt því að vera jafnar, 54% til karlleiddra verkefna og 46% til kvenleiddra. Athygli vekur að konur fengu herra hlutfall af fjármagninu (48%) en þær fengu af heildarfjölda verkefna. Árangurshlutfalla kvenna á tímabilinu var 57% en karla 52%.

Um 83% starfa í sjávarútvegi eru á landsbyggðinni og þar geta ólík hlutverk kynjanna og samsetning íbúa haft ýmis áhrif. Í dreifbýli er verkaskipting kynjanna oft hefðbundnari en í þéttbýli. Framboð af ýmissi þjónustu eins og barnagæslu og öldrunarþjónustu kann að vera takmarkað og því færast þær byrðar yfirleitt á þær konur sem þar búa. Í ljósi mikilvægi sjávarútvegs í sjávarbyggðum getur

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Þessi mikli kynjahalli í greininni haft töluverð áhrif á atvinnutækifæri kvenna, það birtist m.a. í því að konur eru líklegri en karlar til að flytja á brott úr dreifbýli sem aftur hefur áhrif á byggðapróun á þessum stöðum.

Niðurstöður og næstu skref

Tölfræðiupplýsingar og niðurstöður rannsókna benda til þess að verulegt ójafnvægi sé almennt á milli stöðu kynja í sjávarútvegi og fiskeldi. Því er mikilvægt að bæta öflun og miðlun kyngreinanlegra gagna til þess að geta brugðist við. Vegna áðurnefnds ójafnvægis kemur sambærilegt ójafnvægi einnig fram í ráðstöfun fjármagns til málefnasviðsins.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Svigrúm er til betrubóta í málaflokknum er varðar markmið um jafnrétti. Auknar rannsóknir á jafnrétti innan atvinnugreinarinnar og aukið aðgengi að gögnum gæfi betri mynd af núverandi stöðu og auðveldaði markmiðssetningu fyrir jafnrétti í málaflokknum. Til skoðunar er hvaða aðgerðir væru mögulegar til að bregðast við þeim kynjahalla sem jafnréttismat hefur leitt í ljós.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta

Málaflokkur 14.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Öflun og miðlun áreiðanlegra gagna í ferðapjónustu verður markvissari með hverju árinu en gögnin eru aðeins að takmörkuðu leyti kyngreind. Kyngreind tölfraeðigögn er þó hægt að finna hjá Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Mælaborði ferðapjónustunnar, Rannsóknarmiðstöð ferðamála, Vinnumálastofnun auk kannana sem gerðar hafa verið á vegum ASÍ um starfsfólk af erlendum uppruna í ferðapjónustu. Vonir standa til að staðan muni batna enn frekar með tilkomu nýrrar rannsóknaráætlunar fyrir ferðapjónustu þar sem áform eru um aukna áherslu á að afla kyngreindra gagna í ferðapjónustu.

Kynjasjónarmið

Íslenskur vinnumarkaður er lagskiptur, og ferðapjónustan þar með talin, þar sem konur af erlendum uppruna eru í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem sinna láglaunastörfum. Ferðapjónustan er mannaflsfrek atvinnugrein þar sem einkum starfar ósérhæft starfsfólk sem er oft í neðstu þrepum launastigans. Mörg starfanna bjóða að takmörkuðu leyti upp á starfsþróun sem hefur bein áhrif á félagslega þróun og stöðu. Þá má einnig velta fyrir sér atvinnuöryggi, sér í lagi í ljósi stöðu greinarinnar í kjölfar COVID-19.

Samkvæmt [skýrslu Alþjóðaferðamálastofnunar](#) (UNWTO) um jafnrétti kynjanna í ferðapjónustu eru konur meiri hluti þeirra sem hafa atvinnu af ferðapjónustu í heiminum og veitir ferðapjónusta konum tækifæri til að afla sér tekna. Greinin er sem fyrr segir lagskipt sem þýðir að konur og erlent vinnuafl safnast saman í láglaunastörf í neðsta þrepi launastigans. Í skýrslunni kemur einnig fram að konur eigi ekki marga fulltrúa í efstu lögum eigenda og stjórnenda.

Vinnuaflsskortur samfara efnahagssuppsveiflum drífur áfram alþjóðlega fólksflutninga til landsins. Innflytjendum á vinnumarkaði hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og voru þeir tæplega 40 þúsund árið 2018 (Vinnumálastofnun). Ætla má að 40% skráðra innflytjenda starfandi á vinnumarkaði hafi verið að finna í ferðapjónustu á síðustu árum eða um 19% af íslenskum vinnumarkaði árið 2019 (Hagstofa Íslands). eru þá ótaldir þeir sem ekki eru skráðir. Tækifæri er til að skoða þetta nánar þar sem ferðapjónustu er haldið uppi af ungum erlendum konum innan ákveðinna atvinnuflokka svo sem við þrif á hótelum.

Ein af aðgerðum ráðherra ferðamála er fjármögnun Hæfniseturs ferðapjónustunnar sem aðstoðar fræðsluáðila og fyrirtæki við að koma á fræðslu og þjálfun í fyrirtækjum ferðapjónustunnar. Starfsemi Hæfniseturs ferðapjónustunnar hefur það að markmiði að auka gæði í ferðapjónustu, sem og starfsánægju og fagmennsku starfsfólks, einkum starfsfólks í lægstu þrepum launastigans (ræsting og framlínufólk) sem er oftast af erlendum uppruna.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Huga þarf að öryggi karla og kvenna í greininni og þar eru kynjasjónarmið mikilvæg. Atvinna í tengslum við ferðaþjónustu er kynjaskipt og öryggi kvenna og karla er ógnað á ólíkan hátt. Áhugavert væri að skoða hvaða hópar voru fyrstir til að missa vinnuna í kjölfar COVID-19, t.d. hvort það hafi verið konur af erlendum uppruna. Það gæti verið hluti af stærri könnun um áhrif COVID-19 á ferðaþjónustu þegar búið er að ná böndum á heimsfaraldrinum.

Niðurstöður og næstu skref

Brýn þörf er fyrir gagnaöflun og rannsóknir til að efla stöðu greinarinnar og leggja grundvöll að stefnumörkun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Í reglugerð nr. 20/2020 um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála kemur fram að Ferðamálastofa skuli móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun. Fyrsta rannsóknaráætlunin hefur nú verið samþykkt af ráðherra sem er skref í rétta átt þegar kemur að gögnum sem nýtast við jafnréttismat.

Tekin hefur verið ákvörðun um áframhaldandi samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Þar eiga konur og fólk í láglau nastörfum ríkra hagsmuna að gæta.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Gagnaöflun miðast við að viðhalda markmiðum og mælikvörðum fjármálaáætlunar en við framkvæmd rannsóknaráætlunar þarf einnig að gera ráð fyrir að afla kyngreinanlegra gagna.



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Orkumál

Stjórnun og þróun orkumála

Málaflokkur 15.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Til eru kyngreind tölfraeðigögn um umsóknir og styrkveitingar úr Orkusjóði en aðrir sjóðir eru ekki undir málefnasviðinu. Einnig eru til gögn um kynjahlutföll í stjórnnum og meðal stjórnenda orkufyrirtækja. Brýnt er að fá fram frekari kyngreind gögn, t.d. um störf hjá stofnunum og fyrirtækjum.

Kynjasjónarmið

Í orkumálum eru ýmsar áskoranir og tækifæri til úrbóta þegar kemur að kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Mikið hefur þó áunnist á undanförunum árum í þeim efnum og má þar til dæmis nefna að jöfn kynjahlutföll eru í stjórnnum stærstu orkufyrirtækja landsins og á stjórnendastigi. Þekkt sjónarmið geta haft áhrif á stöðu kynjanna undir þessu málefnasviði, t.d. ólík störf karla og kvenna og launamunur. Störf innan orkugeirans hafa oft falist í framkvæmdum á sviði hitaveitu eða rafveitu, framleiðslu, flutningi og dreifingu á heitu vatni eða raforku. Sögulega séð hafa þetta verið karllæg störf. Það er þó að breytast ef horft er til þróunar kynjahlutfalls innan stærstu orkufyrirtækjanna (samanber Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Landsnet, RARIK, HS Orka og HS Veitur). Brjóta þarf niður kynjaðar staðalmyndir á þessu sviði.

Á hinn bóginn má nefna að úthlutanir úr Orkusjóði fara að mestu leyti til verkefna sem karlar leiða, í sambærilegu hlutfalli og umsóknir.

Úthlutanir úr Orkusjóði 2016-2020

	2016	2017	2018	2019	2020
Umsóknir					
Konur	8%	10%	17%	4%	0%
Karlar	92%	90%	83%	96%	100%
Styrkt verkefni					
Konur	8%	0%	17%	0%	0%
Karlar	92%	100%	83%	100%	100%

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Þrátt fyrir að karlar séu í meiri hluta þeirra sem starfa í orkugeiranum eru þessar tölur sláandi. Rannsóknarefni er hvers vegna svo fáar konur sækja um árin 2019 og 2020. Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins, með styrkjum eða lánum, einkum til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Merkilegt er að líta á árangurshlutfallið en árangurshlutfall kvenna hjá Orkusjóði er 33% og karla 53%. Í ráðgjafarnefnd sjóðsins sátu árin 2017–2019 56% konur og 44% karlar.

Í þessu samhengi mætti líka horfa á sérstöðu Orkusjóðs, því hann fær t.d. mun færri umsóknir og veitir mun færri styrki en aðrir samkeppnissjóðir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Stafar það eflaust m.a. af því að framlög til hans á fjárlögum eru margfalt lægri en til annarra samkeppnissjóða. Styrkir Orkusjóðs eru auglýstir skýrt og greinilega í almennum fjölmiðlum og á heimasíðum Orkustofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Lög og reglur um sjóðinn eru skýr og aðgengileg bæði á heimasíðu Orkustofnunar og ráðuneytisins.

Niðurstöður og næstu skref

Málaflokkurinn getur stutt betur við markmið um jafnrétti. Taka þarf starfsemi Orkusjóðs til skoðunar í ljósi kynjahlutfalls umsókna og hefur niðurstöðum jafnréttismats verið beint til stjórnar sjóðsins. Byrja þarf á því að setja jafnréttismarkmið fyrir Orkusjóð og mun ráðuneytið vinna að því. Einnig þarf að huga að því hvernig auglýsingar um styrki eru settar fram og brjóta niður kynjaðar staðalmyndir.

[Úttekt](#) var gerð á stöðu kvenna í orkugeiranum árið 2019 sem er vert að taka mið af, ásamt samstarfi við forsvarskonur félagsins *Konur í orkumálum*. Brýnt er að fá fram frekari kyngreind gögn og verður t.d. óskað eftir gögnum um störf og stjórnendur hjá Orkustofnun. Einnig mætti huga að samskonar beiðni til Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja. Tillögur úr [rannsóknar-skýrslu um valdeflingu kvenna til nýsköpunar](#) verða innleiddar hjá öllum sjóðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Unnið er að áætlunum og markmiðum sem þeim fylgja.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Áherslur og ný útgjöld í fjármálaáætlun snúa að úrbótum á innviðum í dreifikerfi raforku og jöfnun á dreifikostnaði raforku í dreifbýli. Áhugavert væri að skoða kynjasjónarmið vegna úrbóta á innviðum í dreifbýli en þar búa almennt fleiri karlar og atvinnutækifæri eru oft einhæfari en gengur og gerist í þéttbýli. Til að viðhalda búsetu í dreifðari byggðum er því mikilvægt að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þörfum beggja kynja. Úrbætur á innviðum í dreifikerfi raforku og jöfnun á dreifikostnaði raforku í dreifbýli geta þar haft kynjuð áhrif sem þyrfti að greina.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Málaflokkar 16.1 og 16.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Fyrir liggja upplýsingar um kynjaskiptingu nefndarmanna í úrskurðarnefndum á málefnasviðinu. Að öðru leyti hefur kyngreindum gögnum ekki verið safnað sérstaklega saman. Ekki liggja fyrir kyngreind gögn um hverjir senda erindi til eftirlitsstjórnvalda eða kvarta til úrskurðarnefnda en ástæða er til að kyngreina erindi til eftirlitsstjórnvalda og úrskurðarnefnda sem og úrlausnir þeirra. Þeirra gagna verður aflað og munu þau liggja fyrir við næsta jafnréttismat. Einnig væri hægt að vinna kyngreind tölfraeðigögn varðandi styrki til verkefna og viðburða á málefnasviðinu.

Kynjasjónarmið

Ýmis atriði geta haft áhrif á stöðu kynjanna á málefnasviðinu, t.d. að konur og karlar eru ólíkir neytendur, sinna ólíkum störfum og hafa ólíkar ráðstöfunartekjur. Varðandi markaðseftirlit og neytendamál kunna konur og karlar að leita í ólíkum mæli til eftirlitsstofnunar með úrlausn mála og haga sér ólíkt sem virkir neytendur. Þá geta ýmis sjónarmið, svo sem staðalmyndir, verkaskipting kynjanna, samfélagsleg staða, kynbundinn launamunur og kynskiptur vinnu- markaður haft áhrif á sókn í sjóði og styrki sem ráðuneytið hefur yfir að ráða.

Hlutfall kynjanna í kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, áfrýjunarnefnd neytendamála og áfrýjunarnefnd samkeppnismála er í samræmi við 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 10/2008. Ekki liggja fyrir kyngreind gögn um mál hjá Samkeppniseftirliti og Neytendastofu eða kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Niðurstöður og næstu skref

Ótal atriði geta haft áhrif á jafnrétti í stjórnsýslu atvinnumála og nýsköpunar. Þar undir eru allir hópar samfélagsins og öll fyrirtæki landsins, allt atvinnulífið. Brynt er því að jafnréttismeta öll lagafrumvörp og reglugerðir sem falla undir þetta málefnasvið og meta áhrif út frá kynjasjónarmiðum.

Í kjölfar greiningar á kynjuðum áhrifum styrkveitinga úr sjóðum á málefnasviðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins voru gerðar tillögur til úrbóta sem m.a. miða að bættu yfirliti um starfandi sjóði ráðuneytisins, bættri gagnaöflun um jafnréttisáhrif verkefna og staðlaðri árlegri tölfraeðisöfnun, greiningu og birtingu auk tillagna um hvernig betur megi ná til þeirra hópa sem hallar á. Unnið er að innleiðingu þessara úrbótatillagna.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Mikilvægt er að markmiðssetning í málaflöknum taki mið af kynjagreiningu og áhrifa markmiða og aðgerða á ólík kyn. Afla þarf betri tölfræðilegra gagna með kyngreindu niðurbroti t.d. varðandi framlög til stofnana/samtaka/nefnda og reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins. Kynjasjónarmið sem þar koma við sögu eru fjölmörg og ber að horfa til. Undir málefnasviðið falla einnig styrkir til verkefna og viðburða á málefnasviði ráðherra og lúta því kynjasjónarmið einnig að úthlutun þeirra.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Umhverfismál

Á heildina litið skortir kyngreind tölfraeðigögn fyrir málaflokka, málefni, megináætlanir og helstu verkefni innan málefna sviðsins svo með góðu móti megi meta kynja- og jafnréttisáhrif. Bæta þarf því öflun og aðgengi að kyngreindum gögnum og einnig þarf að gera frekari rannsóknir á stöðu kynjanna innan umhverfismála.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hyggst á árinu 2021 kortleggja hvaða kyngreindu tölfraeðigagna er nauðsynlegt að afla og hvaða gögn eru nú þegar til staðar, ef einhver eru. Einnig að kortleggja hvaða málaflokka, málefni, megináætlanir og/eða helstu verkefni innan málefna sviðsins er talið nauðsynlegt að meta. Á grunni kortlagningar má ráðast í frekari greiningu og mat á kynja- og jafnréttisáhrifum sem nýtist sem hjálpartæki við mat á stefnum, áætlunum og lagasetningu.

Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Málaflokkur 17.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Almennt hefur ekki farið fram heildstæð greining og kortlagning gagna. Til að ráða bót á því þarf að ráðast í umfangsmeiri greiningar og rannsóknir. Afmörkuð matsverkefni hafa verið unnin og má þar helst nefna verkefnið *Greining kynjaáhrifa í landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum* frá árinu 2019 um kynjaáhrif í tengslum við framkvæmd landsáætlunarinnar og áhrif fjárveitinga til ýmissa verkefna um uppbyggingu innviða, og verkefnið *Kyn og loftslag* frá árinu 2013 þar sem niðurstöður voru m.a. á þá leið að kynjahalli væri til staðar í samningum um skógrækt á lögbýlum.

Leiða má líkum að því að raunverulegt vinnuframlag og/eða eignarhald kvenna í þessum málaflokka sé óskráð í opinberum gögnum. Það er því áskorun að átta sig á því hvernig kynjahlutföllin eru í raun út frá þeim gögnum sem eru til staðar. Sem dæmi hafa stuðningsgreiðslur verið skráðar á annan aðilann, t.d. ef hjón eða sambýlisfólk deilir eignarhaldi lögbýlis þá ræðst skráning eignarhalds ekki af þinglýstum gögnum heldur, af öðrum tæknilegum útfærslum, af eignarhaldi.

Kynjasjónarmið

Þær takmörkuðu greiningar sem fram hafa farið innan málaflokksins gefa vísbendingar um að þeir fjármunir sem ráðstafað er innan málaflokksins renni að miklu leyti til karla þar sem byggingastarfsemi og mannvirkjagerð eru mjög karllægar atvinnugreinar. Samkvæmt vinnuþátttökgögnum Hagstofu Íslands frá 2019 eru konur 7,8% vinnuafli í þessum greinum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Í [lokaskýrslu verkefnis um loftslagsmál og kynjaáhrif þeirra](#) frá 2014 kemur fram meiri hluti styrkgreiðslna í tengslum við skógrækt á lögbýlum rennur til karla. Fleiri karlar en konur eru skráðir sem réttahafar samninga vegna ræktunar nytjaskóga. Af heildarfjölda samninga eru samningar í 17,1% tilvika á nafni kvenna, í 54,4% tilvika á nafni karla, í 22,2% tilvika er samningar gerðir við hlutafélög eða félagasamtök og í 6,3% tilvika eru samningar gerðir við hjón/sambúðaraðila.

Í kjölfar verkefnisins *Kyn og loftslag* var óskað eftir því bæði við skógræktarverkefnið Skjólaskóga og Vesturlandsskóga að gagnasöfnun yrði kyngreind þar sem það vantaði. Að auki var ábending send til fjármálaráðuneytisins um þá niðurstöðu að lög um virðisaukaskatt og framkvæmd þeirra bjóði ekki upp á að báðir samningsaðilar geti verið með sameiginlegt virðisaukaskattsuppgjör. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti er ávallt á kennitölu eins rekstraraðila en ekki beggja eins og samningsformið um ræktun nytjaskóga býður þó upp á. Staðan hvað þetta varðar er óbreytt.

Niðurstöður og næstu skerf

Jafnréttismat fyrir málaflokkinn hefur ekki farið fram en þó má notast við fyrri greiningu í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð um kyn og loftslag að einhverju leyti. Ljóst er af þeim verkefnum sem metin hafa verið að svigrúm er til umbóta í málaflokknum er varðar markmið um jafnrétti. Þau tölfræðigögn og rannsóknir sem til staðar eru gefa vísbendingu um að sýnileiki kvenna sé ekki til jafns við karla en efla þarf gagnaöflun og rannsóknir til að leggja rétt mat á núverandi stöðu.

Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Málaflokkur 17.2

Kyngreind tölfræðigögn

Helstu verkefni innan málaflokksins eru grunnrannsóknir og vöktun á náttúru og auðlindum Íslands, vöktun á náttúruvá, og miðlun og hagnýting rannsókna. Engin kyngreind tölfræðigögn hafa verið tekin saman hvað málaflokkinn varðar. Hugsanlega mætti vinna gögn og upplýsingar er varða störf við rannsóknir í stofnunum ráðuneytisins, skoða kerfi ákvarðanatöku og sjónarmið að baki rannsóknnum. Líklegt er að gögnin séu til staðar en að leggja þurfi í talsverða vinnu og samstarf við stofnanir um að kalla þau fram.

Kynjasjónarmið

Vinumarkaðsgögn og tölfræði um fjölda kvenna í rannsóknnum og þróun benda til þess að karlar séu, þrátt fyrir breytingu í kynjasamsetningu í háskólanámi, enn í meiri hluta í rannsóknnum og þróun, sér í lagi í fyrirtækjum en staðan er jafnari í opinberum stofnunum og háskólastofnunum. Samtök kvenna í vísindum og konur úr vísindasamfélaginu hafa síðastliðin ár m.a. fjallað um kynbundna áreitni og varpað ljósi á útilokun kvenna frá fjármagni og frama.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Jafnréttismat fyrir málaflokkinn hefur ekki farið fram og stefnt er að því að ráðast í kortlagningu á árinu 2021 sem hluta af heildstæðri greiningu og kortlagningu fyrir málefna sviðið.



Meðferð úrgangs

Málaflokkur 17.3

Kyngreind tölfræðigögn

Engin kyngreind tölfræðigögn hafa verið tekin saman hvað málaflokkinn varðar. Sé litið til heimilanna hefur verið mörkuð stefna um að draga verulega úr urðun heimilisúrgangs. Í því sambandi væri æskilegt að safna kerfisbundið kyngreindum gögnum og upplýsingum er varða neyslu heimila og e.t.v. fyrirtækja um meðferð úrgangs frá heimilum/fyrirtækjum, þ.e. hver kaupir inn, hver endurnýtir eða endurvinnur og hver fargar. Þessi gagnasöfnun hefur einnig sterka tengingu við hugmyndina um Hringrásarhagkerfið en hluti þess málefna heyrir jafnframt undir málaflokk 17.5.

Nauðsynlegt er að kortleggja frekar þau kynjaáhrif sem eru til staðar varðandi úrgangsmál, einkum heimilisúrgang, áður en farið yrdi í markvissa gagnasöfnun. Líklegt er að gögnin séu til staðar en að leggja þurfi í talsverða vinnu og samstarf við stofnanir, sveitarfélög og þá aðila á markaði er annast sorphirðu og meðferð úrgangs. Sem dæmi gaf Reykjavíkurborg árið 2017 út greiningar- og aðgerða-áætlun, á grunni aðferðafræði um kynjaða fjárhags- og starfsáætlanagerð, er varðar umhverfis- og úrgangsstjórnun, sorphirðu og sorpeyðingu.

Kynjasjónarmið

Úrgangsmál eru undirorpin miklum og örum breytingum og mun svo verða til næstu ára. Urðun hefur miklar loftslagstengdar afleiðingar og aukin krafa um að draga úr urðun heimilisúrgangs með aukinni áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu er líkleg til að hafa einhver kynjaáhrif, t.d. hvað varðar kynjaða verkskiptingu á heimilum við úrgangsmál heimila. Í því samhengi er talið vel þekkt og viðurkennt að ólaunuð vinna þegar kemur að verkstjórn og barnaumönnun er frekar í höndum kvenna en karla. Aukin áhersla á flokkun og endurvinnslu gæti haft þau áhrif að auka ólaunaða vinnu kvenna á heimilum og ef erfitt er að nálgast grenndargáma eða móttöku þess sem þarf að endurvinnna yrdi það hugsanlega til þess að auka ólaunaða vinnu kvenna enn frekar. Jafnframt er mögulegur kynjahalli meðal þeirra sem njóta fjárhagslegs ávinnings af úrvinnslugjaldi sem er m.a. ætlað að standa undir kostnaði við endurnýtingu úrgangs.

Niðurstöður og næstu skref

Jafnréttismat fyrir málaflokkinn hefur ekki farið fram og stefnt er að því að ráðast í kortlagningu á árinu 2021 sem hluta af heildstæðri greiningu og kortlagningu fyrir málefna sviðið.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Varnir gegn náttúruvá

Málaflokkur 17.4

Kyngreind tölfraeðigögn

Málaflokkurinn snýr að því eina verkefni byggja upp ofanflóðavarnir til varnar byggð og mannvirkjum auk vöktunar á snjóflóðahættu og viðbrögðum gegn henni á slíkum svæðum. Engin kyngreind tölfraeðigögn hafa verið tekin saman hvað málaflokkinn varðar. Þó mætti vinna kyngreind gögn og upplýsingar er varða þá sem telja má beina og óbeina haghafa slíkra verkefna. Mikilvægt er að kortleggja þau kynjaáhrif sem kunna að vera til staðar varðandi uppbyggingu ofanflóðavarna áður en farið yrði í markvissa gagnasöfnun.

Kynjasjónarmið

Umtalsverðir fjármunir fara til málaflokksins og fyrirhugað er að stórauka þau framlög á næstu árum. Af eðli máls má ljóst vera að þeir fjármunir sem ráðstafað er innan málaflokksins renna að miklu leyti til karla þar sem bygginga- starfsemi og mannvirkjagerð eru mjög karllægar atvinnugreinar skv. gögnum frá Hagstofunni. Á hinn bóginn er slíkum mannvirkjum ætlað að tryggja öryggi þeirra er búa og starfa á eða nálægt hættusvæðum og eru því beinir haghafar slíkra verkefna. Í því sambandi er mögulegt að ofanflóðamannvirki geti haft mismikil áhrif á kynin. Engar slíkar rannsóknir liggja þó fyrir né er að finna kyngreind gögn er sýna fram á þá stöðu. Líklegt er að kynjaskiptur vinnumarkaður leiði til þess að sérfræðingar sem koma að hættumati í samstarfi við sveitarfélög séu frekar karlar og að ákvarðanatataka og stefnumótun sé einnig frekar í höndum karla. Þetta þarfnast nánari skoðunar.

Niðurstöður og næstu skref

Jafnréttismat fyrir málaflokkinn hefur ekki farið fram og stefnt er að því að ráðast í kortlagningu á árinu 2021 sem hluta af heildstæðri greiningu og kortlagningu fyrir málefnasviðið.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Markmið sem málefnasviðinu er ætlað að ná fram eru almennt talin hafa sömu áhrif á kynin, hvort sem þau lúta að verndun náttúru, eflingu stjórnsýslunnar eða því að tryggja heilnæmt umhverfi. Þó er rétt að vekja athygli á að einstaka aðgerðir og/eða útfærsla þeirra geta haft ólík áhrif á kynin. Má þar m.a. nefna aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og skipulagsmál. Þannig eru áhrif loftslagsbreytinga talin geta orðið alvarlegri fyrir efnaminni og viðkvæmari hópa í samfélaginu sem geta síður brugðist við efnahagslegum áföllum sem loftslagsbreytingar geta haft í för með sér. Tryggja þarf að aðgerðir í loftslagsmálum miði samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði en verði ekki til að auka misrétti. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verði rýnd sérstaklega með þetta í huga. Vinna við þá rýni mun hefjast á árinu 2021 og skal lokið ári síðar.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Safnamál

Málaflokkur 18.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Unnið er að því að bæta gagnasöfnun um gestakomur á söfn í samstarfi við Hagstofu Íslands. Víða er hafin aðgreining aðsóknar Íslendinga og erlends ferðafólks, en ekki eftir kynjum. Í fjármálaáætlun 2021–2025 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn, þar á meðal að efla rannsóknir og skráningu á kynjahlutföllum. Með því að leggja áherslu á kynjasjónarmið í rannsóknum og við skráningu upplýsinga verður hægt að fá kyngreinanlega heildaryfirsýn. Hagstofan hefur hafið söfnun á kyngreindum gögnum um starfsfólk safna og aðra menningarstarfsemi.

Kynjasjónarmið

Almennar kannanir á menningarneyslu benda til þess að konur séu meiri hluti starfsfólks bæði menningarminja- og listasafna. Nýjustu gögn Hagstofunnar um starfsfólk safna og annarra menningarstarfsemi sýna að 68% þeirra eru konur.

Bæði söfn á sviði menningarminja og lista hafa undanfarin ár í vaxandi mæli fjallað í sýningarverkefnum sínum og miðlun um hlutverk og stöðu kynja í sögulegu og listrænu samhengi samkvæmt sýningadagskrám og verkefnalýsingum. Finna þarf leið til að setja upplýsingar um þessa þróun fram með viðeigandi hætti. Mikilvægt er að gætt sé að kynjasjónarmiðum í framboði menningarsögulegs og listræns efnis.

Niðurstöður

Unnið er að skýrslum um stöðu Íslands varðandi samning UNESCO um varðveislu menningararfða og einnig stöðuskýrslu varðandi samning UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytt menningarleg tjáningarform. Í skýrslunum er m.a. farið yfir það sem unnið hefur verið að héraendis í sambandi við kynjajafnrétti í menningu og listum.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Bæta þarf upplýsingaöflun með kyngreindum gögnum, skilgreina árangursvísa og vekja til vitundar um mikilvægi kynjasjónarmiða í safnastarfi en í gildandi fjármálaáætlun er einmitt markmið um að efla rannsóknir og skráningu á kynjahlutföllum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Menningarstofnanir

Málaflokkur 18.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreindri tölfraeði um aðsókn að menningarstofnunum er ábótavant. Ýmsir aðilar eru þó byrjaðir að greina milli aðsóknar Íslendinga og erlends ferðafólks, en ekki eftir kynjum. Unnið er að gerð hagvísu fyrir menningu til að bæta úr þessari þörf. Þá er í samráði við forsætisráðuneyti og Hagstofu Íslands verið að endurskoða tölfraeði fyrir menningu og tölulegar upplýsingar um menningu og menningarþátttöku fólks. Stefnt er að því að tölfraeðileg gögn og hagvísar fyrir menningu, listir og skapandi greinar liggja fyrir árið 2021.

Kynjasjónarmið

Í ársskýrslum stofnana koma fram vísbendingar um að konur séu meiri hluti gesta menningarstofnana, bæði stjórnsýslustofnana og miðlunarstofnana á sviði lista. Erfitt er að segja til um það af hverju þessi kynjamunur stafar en erlend gögn hafa sýnt fram á marktækan mun milli þess hvernig konur og karlar njóta listar og menningar. Kyngreind gögn um gesti menningarstofnana gætu gefið vísbendingar um hvaða viðburðir og sýningar höfðu til ólíkra hópa. Sem dæmi má nefna að gögn sýna að stúlkur á grunn- og framhalds-skólaaldri hafa meiri áhuga á listgreinum en drengir. Samkvæmt ársskýrslum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins eru kynjahlutföll starfsfólks nokkuð jöfn. Sem dæmi voru 53% fastráðinna hljóðfærarleikara konur en hlutfall lausráðinna var 46% árið 2019.



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Upplýsingar skortir um mögulegan kynjahalla í starfi menningarstofnana og þá hversu mikil áhrif framboð efnis hefur á aðsókn kynja að viðburðum. Stefnt er að því að tölfræðilegar upplýsingar úr hagvísunum um listir, menningu og skapandi greinar muni liggja fyrir árið 2021 og verður þar lögð áhersla á kyn-greindar upplýsingar. Við framboð á menningar- og listviðburðum verði höfðað að jöfnu til kynjanna.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í [framkvæmdáætlun í jafnréttismálum 2020–2023](#) er aðgerð sem miðar að því að menningarstofnanir á vegum ríkisins móti og innleiði jafnréttisáætlanir með markmiðum og mælikvörðum sem ná til úthlutana úr opinberum sjóðum og þeirra menningar- og listviðburða sem stofnanirnar standa fyrir með það að markmiði að tryggja jöfn kynjahlutföll.

Menningarsjóðir

Málaflokkur 18.3

Kyngreind tölfræðigögn

Kyngreind gögn eru til um úthlutanir listamannalauna og Hljóðritasjóðs að hluta. Kvikmyndasjóður tekur saman kyngreind gögn um lykilstöður styrkhafa, þ.e. handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda. Taka þarf saman kyngreind gögn um heiðurslaun listamanna sem eru tilgreind í fjárlögum hvers árs.

Í þeim sjóðum sem umsækjendur eru einstaklingar eingöngu er hægt að greina kynjahlutfall eftir umsóknum og úthlutunum. Hins vegar þegar um er að ræða úthlutanir sjóða til lögaðila eða hópa (t.d. í tilvikum myndlistarsjóðs, tónlistarsjóðs og sviðslistasjóðs) liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um kynjahlutfall þeirra sem njóta úthlutana úr sjóðum. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) stefnir á að kyngreina betur þátttakendur sem sækja í menningarsjóði sem stofnunin sér um í skýrsluskilum sínum. Taka þarf saman kyngreind gögn um heiðurslaun listamanna sem eru tilgreind í fjárlögum hvers árs.

Kynjasjónarmið

Í úthlutunum Hljóðritasjóðs eru kyngreind gögn annmörkum háð þegar kemur að úthlutunum til fyrirtækja eða hljómsveita. Árið 2019 voru styrkhafar 51% karlar og 22% konur. Þá fóru styrkja 27% til fyrirtækja eða hljómsveita. Hægt er að bæta kyngreindu gögnin með því að biðja um kyngreindar upplýsingar innan fyrirtækja og hópa sem sækja um sjóðina í umsóknum. Kvikmyndasjóður fær færri umsóknir um styrki frá aðilum þar sem konur skipa lykilstöður í handrita-gerð, leikstjórn eða framleiðslu. Árangurshlutfall þeirra verkefna sem sækja um með kvenkyns umsækjendum er þó betra en karla. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur lagt upp aðgerðaáætlun út frá nýrri kvikmyndastefnu 2020–2030 þar sem fram kemur að nýta skuli styrki Kvikmyndasjóðs til að efla íslenska kvikmyndagerð og leggja skuli til grundvallar markmið um að auka vægi kvenna í kvikmyndagerð. Kynjahlutfall úthlutaðra listamannalauna árið 2019 til kvenna

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

var 55% og 44% til karla. Karlar höfðu til skamms tíma meiri aðgang að fjármagni úr starfslaunasjóðum en síðustu ár hefur verið unnið með markvissum aðgerðum að því að leiðrétta kynjahalla. Í leiðbeiningum til úthlutunarnefnda listamannalauna ítrekar stjórn mikilvægi þess að gæta jafnréttis.

Niðurstöður og næstu skref

Unnið er að því að leiðrétta kynjahalla í úthlutunum fjármagns sem var hærra til karla í nokkrum sjóðanna. Greina þarf kynjahlutföll úthlutana úr öðrum sjóðum, skilgreina árangursvísa þar að lútandi og vekja úthlutunaraðila til vitundar um mikilvægi kynjasjónarmiða við úthlutum styrkja úr samkeppnissjóðum.

Einn liður í markmiðum fjármálaáætlunar 2021–2025 er að tækifæri til nýsköpunar innan allra listgreina verði jöfnuð og staða ungs listafólks, kvenna og karla, í stoðkerfi lista skoðuð sérstaklega.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Málaflokkur 18.4

Kyngreind tölfraeðigögn

Tölfraeðigögn eru á vef Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um iðkendur og félagsfólk eftir kyni. Tölum fyrir æskulýðsstarf er safnað en kyngreind gögn vantar um starfsfólk sem vinnur við íþrótt- og æskulýðsmál. Í umsóknum til Íþróttasjóðs er ekki spurt um kyn verkefnastjóra né þeirra sem koma að verkefninu sem verður lagað fyrir næsta umsóknarferli. Í umsóknum til Æskulýðssjóðs er spurt um fjölda af hvoru kyni sem tekur þátt í verkefninu. Við vinnslu umsókna eru kynjahlutföll ekki skoðuð frekar og ekki hefur verið tekin saman nein tölfraedi um það. Gögnin eru þó til og hægt að vinna úr þeim.

Unnið er að betri upplýsingum um þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu starfi og verður þess gætt að upplýsingar fáist um kynjamun.

Kynjasjónarmið

Gögnin sýna fram á að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er almennt mjög mikil og nokkuð jöfn milli kynja, þótt kynjamunur sé á því hvaða íþróttir kynin stunda. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem tóku þátt í skipulögðu starfi einu sinni í viku eða oftar var 37% og 45% stúlkna í sama aldursflokki. Þátttaka stráka hefur minnkað frá árinu 2006 en þátttaka stúlkna stendur nokkurn veginn í stað. Þátttaka barna í íþróttastarfi á vegum íþróttafélaga minnkar hlutfallslega milli nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla og er minnst hjá nemendum í 10. bekk. Flest ungmenni stunda einhvers konar skipulagt félags- og tólmstundastarf.

Í landsliðsverkefnum sérsambanda ÍSí árið 2018 var hlutfall skráðra aðila 45% konur og 55% karlar. Keppendur búsettir erlendis voru 74% karlar og 26% konur. Frekari sundurliðun á gögnum þarf til að fá betri mynd af því hvort munur sé á því hvort fjármagn útdeilist frekar til annars kynsins í landsliðsverkefnum sérsambanda ÍSí. Þess ber að geta að afrekssjóður kyngreininir hvernig styrkirnir skiptast.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Í úthlutun afrekssjóðs ÍSÍ 2020 voru hæstu styrkir veittir til Handknattleikssambands Íslands, Fimleikasambands Íslands og Golfsambands Íslands. Tölur um iðkendur íþróttanna frá árinu 2020 sýna að 69% iðkenda fimleika voru konur, 68% karlar í golfi og 61% karlar í handknattleik. Fjölmennasta íþróttagreinin innan ÍSÍ er knattspyrna og eru þar 76,9% iðkenda karlar/drengir.

Í #églika (#metoo) sögum kvenna í íþróttum kemur fram að íþróttalið kvenna hafi ekki sama rétt á æfingatíma og karlarnir og þær fái ekki peningastyrki til fatakaupa þrátt fyrir að vera jafnvel í meistaraflokkum. Strákarnir fái betri æfingasett, betri umgjörð og fleira. Þær þurfi að deila klefum með öðrum deildum en karlarnir fái sér klefa. Því er mikilvægt að greina kynjaskiptingu íþróttanna einnig eftir skiptingu aðfanga milli kynjanna og fjármagni milli kvenna og karlaliða í sömu íþróttagrein.

Niðurstöður og næstu skref

Ráðning samskiptaráðgjafa íþróttanna og æskulýðsstarfs var afgreidd á vorkvöldum 2020 og er einn liður viðbragða ráðuneytisins við #églika byltingunni. Auk þess hefur vefsíðan samskiptaráðgjafi.is verið opnuð. Á vefsíðunni má nálgast fræðslu, ráðgjöf og forvarnir vegna kynferðislegs og kynbundins áreitiss og ofbeldis auk eineltis. Ókeypis ráðgjöf er í boði fyrir þolendur og vitni að slíkum málum í íþróttanna- og æskulýðsstarfi.

Huga þarf sérstaklega að þátttöku barna af erlendum uppruna í æskulýðsstarfi og taka þarf mið af kynjasjónarmiðum. Stefnt er á að setja áherslur um þátttöku barna af erlendum uppruna í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði sem tengjast málaflökknum.

Óskað verður eftir að í umsóknareyðublaði Íþróttasjóðs verði bætt við kyngreiningu á verkefnum. Auk þess verður óskað eftir að fá kyngreindar upplýsingar í árlegri skýrslu Rannís um umsýslu íþróttanna- og æskulýðssjóðs. Sömuleiðis verður kallað eftir sundurgreiningu á úthlutun úr afrekssjóði eftir kynjum.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Fjölmiðlun

Fjölmiðlun

Málaflokkur 19.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn eru til sem greynir.is tekur saman um hlutfall kvenna og karla í umfjöllun íslenskra fjölmiðla almennt. Ýmsar kyngreindar upplýsingar eru einnig birtar í ársskýrslu RÚV. Árið 2016 var gerð rannsókn á vegum félagsmálaráðuneytis á birtingarmyndum karla og kvenna í fjölmiðlum sem mikilvægt er að endurtaka til að fá samanburð.

Kynjasjónarmið

Greynisverkefnið hlaut styrki úr Máltækisjóði í desember 2016 og desember 2017. Greynir les nýjustu fréttir og greinar jafnóðum af helstu íslensku fréttavefjunum. Tölfræði er um nöfn karla og kvenna í gagnagrunni Greynis þar sem titill eða starfsheiti kemur fram í fréttum. Nöfn eru aðeins talin einu sinni í hverri frétt. Gögn Greynis sýna að aðeins 30% af nafngreindum einstaklingum í fréttum eru konur.

Niðurstöður og næstu skref

Mikilvægt er að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða hjá fjölmiðlum. Í samningi við Ríkisútvarpið um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu frá árinu 2020 er kveðið á um að stefnt skuli að jafnrétti kynjanna í allri starfsemi og dagskrá og viðmælendur í fréttum og öðru dagskrárefni endurspegli kynjahlutföll í samfélaginu. Fjölmiðlanefnd á að fylgjast með að umfjöllun fjölmiðla sé í samræmi við lög um fjölmiðla, en að öðru leyti hefur nefndin ekki afskipti af fjölmiðlum. Almennt viðhorf stjórnvalda á hverjum tíma þarf að vera að kynjasjónarmiða sé gætt í umfjöllun fjölmiðla.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Tækifæri eru á því að rýna betur það góða talnaefni sem Greynir hefur upp á að bjóða og tengja það við stefnumótun.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Framhaldsskólastig

Framhaldsskólar

Málaflokkur 20.1


Kyngreind tölfraeðigögn

Hagstofa Íslands tekur saman og birtir nokkurt magn tölulegra upplýsinga um framhaldsskólastigið.

Kynjasjónarmið

Á framhaldsskólastiginu er námsval ólíkt milli kynja. Kynjamunur er mikil áskorun í starfsnámi þar sem sumar starfsgreinar eru nær hreinar kvennastéttir og aðrar karlastéttir. Brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi helst nokkuð stöðugt í gegnum árin og er um 25%. Hlutfall drengja sem hverfa frá námi í almennu bóknámi er um 50% hærra en stúlkna. Brotthvarfshlutfall kynjanna í verk- og starfsnámi er nokkuð jafnt eða á bilinu 34–41% á síðustu árum.

Brautskráningar úr framhaldsskóla 2018-2019



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðisþjónusta

Velferðarmál

Hlutfall drengja sem brautskráðust með grunnpróf úr iðn var 90% skólaárið 2018–2019 og 80% þeirra sem brautskráðust með sveinspróf í iðn. Stúlkur voru 61% þeirra sem brautskráðust með almennt stúdentspróf og tæplega 60% þeirra sem brautskráðust með stúdentspróf starfsgreina. Stúlkum í starfsnámi hefur fækkað á síðasta áratug. Árið 2009 voru 3.745 stúlkur í starfsnámi en einungis 2.023 árið 2019 og hefur þeim því fækkað um meira en þriðjung á þessu tímabili. Á árunum 2018–2019 fjölgaði stúlkum í starfsnámi lítillega.

Strax í grunnskóla byrja drengir að dragast aftur úr stúlkum námslega og gefa einkunnir það til kynna. Skoða þarf betur ástæður þess að drengir hverfa frá námi í framhaldsskóla en mikil fylgni er milli lokaeinkunnna úr grunnskóla og brotthvarfs úr framhaldsskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst skipa starfshóp um snemmbæran stuðning í skólakerfinu. Hlutverk hópsins er að finna leiðir til að bæta líðan, auka námsárangur og minnka brotthvarf úr námi með því m.a. að greina starfs- og kennsluhætti í leik-, grunn- og framhaldsskólum hér á landi.

Niðurstöður og næstu skref

Ýmsar aðgerðir hafa verið í gangi til að jafna kynjahlutfallið í iðngreinum og hefur stúlkum fjölgað lítillega. Sem dæmi hafa framhaldsskólar ásamt Samtökum iðnaðarins verið í sérstöku átaki, „#kvennastarf“, í þeim tilgangi að breyta staðalímyndum um starfsnám. Lögð er áhersla á að kynna störf í iðn- og tæknigreinum sem #kvennastarf og setja konur í slíkum störfum í sviðsljósið og þannig vekja umræðu um starfsnámið þvert á samfélagið. Auk þess stendur ráðuneytið, ásamt Samtökum iðnaðarins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við skólasamfélagið fyrir samkomulagi um eflingu starfs- og tækni-menntunar „Fyrir mig!“

Þá stendur til að breyta lögum um aðgangskröfur í háskóla sem ætti að bæta aðgengi karla að háskólanámi. Markmiðið er að iðnmenntaðir njóti sömu réttinda og þeir sem hafa lokið stúdentsprófi við inngöngu í háskóla, einfalda skipulag starfs- og tæknináms og bæta aðgengi að starfs- og tækninámi á landsbyggðinni.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í drögum mennta- og menningarmálaráðherra að menntastefnu til ársins 2030 segir að menntatölfræði skipti miklu máli við stefnumótun og ákvarðanatöku og að samfella í mælingum sé afar mikilvæg. Skilgreina þurfi betur og birta lykiltölur sem lýsa menntakerfinu, m.a. um kynjamun og aðgengi að námi og starfspjálfun í öllum landshlutum. Finna þurfi leiðir í samvinnu við rekstrar- aðila skóla, stofnanir og aðra hagsmunaaðila til að tryggja gæði og aðgengi að menntatölfræði til framtíðar. Áhersla verði lögð á að jafna möguleika, einkum á framhalds- og háskólastigi, með það að markmiði að starfs-, iðn- og tæknináms og umönnunar- og kennslustörf verði eftirsóknarverðir kostir fyrir ungt fólk óháð kyni og uppruna.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Háskólastig

Háskólar- og rannsóknastarfsemi

Málaflokkur 21.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreindar upplýsingar liggja fyrir um nemendur og starfsfólk í háskólum, brautskráningar og menntunarstöðu í landinu. Tölur vantar þó um stöðu nemenda af erlendum uppruna. Könnunin Eurostudent VI, sem ráðuneytið stóð að á árinu 2017, veitir fjölbreyttar kyngreindar upplýsingar um stöðu námsfólks, félagslegar aðstæður og viðhorf til náms.

Kynjasjónarmið

Gögn frá árinu 2019 sýna að tæplega 42% kvenna á aldrinum 16–74 ára hafa lokið háskólaprófi en rúmlega 30% karla. 65% nemenda í háskólum eru konur á móti 35% karla (tölur Hagstofu). Að miklu leyti er þessi munur tilkominn vegna kynjahalla í brautskráningu á framhaldsskólastigi sem veitir aðgang að háskóla. Karlar eru um 55% akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og konur 45%. Hlutfall kvenna í akademískum stöðum lækkar eftir því sem ofar dregur í framgangsstiga háskólanna hér sem og annars staðar í heiminum. Konur eru nú í meiri hluta meðal lektora og dósentna en aðeins 35% prófessora í Háskóla Íslands. Mikill meiri hluti doktorsnema er konur en eingöngu á einu fræðasviði, verkfræði og náttúruvísindum, eru konur í minni hluta doktorsnema (40%). Á sumum fræðasviðum eru konur meira en 70% doktorsnema, þó eru 53% nýdoktora karlar. Greina má kynbundið mynstur í námsvali og sérstaklega í verk- og raunvísindum, þar sem karlar eru í meiri hluta, og í kennara- og hjúkrunarfræðinámi, þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Niðurstöður Eurostudent VI benda til þess að talsvert fleiri konur með börn stundi nám við háskóla á Íslandi en karlar með börn.

Niðurstöður og næstu skref

Konur eru í miklum meiri hluta háskólanema en fækkar eftir því sem ofar dregur í framgangsstiga háskólanna. Í fjármálaáætlun 2021–2025 er stefnt að því að fjölga konum meðal prófessora. Háskólar vinna að þessu markmiði og fer nú fram á vegum ráðuneytisins greining á þessari stöðu í íslenskum háskólum.

Í fjármálaáætlun kemur einnig fram að við nýliðun kennara verði horft til þess hvernig fjölga megi körlum í kennslu. Í aðgerð um endurskoðun á reikniliíkani verður sérstaklega litið til þess hvort líkanið hafi haft ólík áhrif á kynin og horft verður til kynjasjónarmiða í úttekt á gæðum náms. Unnið er að gerð safns af árangursmælikvörðum fyrir háskóla og vísindi og verður þess gætt að mælikvarðarnir taki mið af kynjasjónarmiðum. Opinberir háskólar hafa verið að vinna að mati á matskerfi háskólanna og komið hefur í ljós að þar er að finna kynbundna slagsíðu körlum í hag.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggingarmál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Stuðningur við námsmenn

Málaflokkur 21.3

Kyngreind tölfraeðigögn

Fullnægjandi upplýsingar til staðar.

Kynjasjónarmið

Ný lög um Menntasjóð námsmanna tóku gildi 1. júlí 2020. Við endurskoðun laganna kom fram að gæta þyrfti betur að kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Samhliða þessum breytingum var styrktarhluta sjóðsins breytt þannig að hann dreifist jafnar til allra námsmanna í stað þess að þeir sem skuldi hæstu lánin fái að jafnaði hlutfallslega hæstan styrk.

Í gögnunum kemur fram að konur voru 61,2% lánþega skólaárið 2016–2017 en 64,2% háskólanema á sama tíma. Tölur um fjölda lánþega gera ekki greinarmun á lánnum sem veitt eru vegna náms á háskólastigi annars vegar og starfsnámi, aðfararnámi og viðbótarnámi á framhaldsskólastigi hins vegar.

Samkvæmt *Eurostudent VI* könnuninni eru 37,6% kvenna í háskólanámi á Íslandi með börn á framfæri en 26,4% karla. Með fyrra námslánakerfi var tekið tillit til framfærslu barna inn í lánsupphæðinni. Með samþykkt laga um Menntasjóð námsmanna var þessu breytt á þann hátt að nú fá foreldrar styrk með hverju barni í stað þess að setja framfærsluna inn í lánahlutann. Meðlagsgreiðendur og foreldrar (lögheimilis) fá bæði styrk með börnum uppfylli þau þær kröfur sem gerðar eru um námsframvindu. Með þeirri aðgerð er meðlagsgreiðendum, sem oftast eru karlar, gert kleift að fá styrk í stað námsláns vegna framfærslu barna og með því er stutt við að karlar sem eru með börn á framfæri geti stundað lánshæft nám. Líkt og að framan greinir má sjá að karlar eru í minni hluta þeirra sem stunda háskólanám í dag. Ísland verður fyrst Norðurlanda til að veita lánþegum styrki vegna meðlagsgreiðslna.

Nýtt lánasjóðskerfi gerir ráð fyrir því að námsmenn geti fengið undanþágu frá kröfum um námsframvindu ef þeir eiga erfitt með að stunda nám vegna m.a. barneigna. Með þessum undanþágum á að gæta þess að foreldrum verði ekki refsað fyrir það að eignast börn þannig að ekki er gerð sama krafa um námsframvindu hjá þessum námsmönnum til þess að hljóta 30% niðurfellingu af höfuðstól námslána þeirra.

Hafi launamunur kynjanna ekki verið leiðréttur munu konur með nýju kerfi vera lengur að greiða niður námslán sín velji þær að endurgreiða þau með tekjutengingu. Nýja námslánasjóðskerfið leysir því ekki kynjavandann en dregur úr honum á ákveðnum sviðum, t.d. með því að veita styrk vegna framfærslu barna í stað þess að lána fyrir framfærslunni.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Nýju lögin tóku gildi 1. júlí 2020 og því takmörkuð reynsla komin á framkvæmd þeirra. Fylgjast þarf með hvort lögin nái fram markmiðum um að minnka skuldsetningu hjá barnafjölskyldum og að meðlagsgreiðendur hætti ekki við nám sökum mögulegrar skuldsetningar. Gæta þarf að því að undanþágur í lögnum standi undir þeim kröfum að mismuna ekki fólki þannig að sem flestir geti fengið 30% niðurfellingu af höfuðstól námslána sinna.



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Önnur skólastig

Leikskóla- og grunnskólastig

Málaflokkur 22.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Töluvert er til af kyngreindum upplýsingum um málaflokkinn.

Kynjasjónarmið

Kynjasjónarmið eru margvísleg innan leik- og grunnskólastigsins og ótal tækifæri til þess að stuðla markvisst að jafnrétti kynjanna með aðgerðum sem beinast sérstaklega að því að draga úr neikvæðum staðalmyndum og kynímynd barna svo dæmi séu tekin. Flestar rannsóknir benda til þess að drengjum vegni almennt verr en stúlkum innan skólakerfisins. Kynjamunur mælist þegar kemur að áhuga á námsefninu, hversu erfitt nemendur telja námið vera og hversu auðvelt þeir telja það vera að fá hrós frá kennara. Þriðjungur stráka leiðist í skólanum og líklegt er að slíkt leiði til vanvirkni. Mikilvægt er að greina hvers vegna þessi leiði á sér stað og hvernig er hægt að bregðast við til þess að börn vaxi og dafni í sínu daglega starfi.

Í PISA-könnun sem lögð var fyrir 15 ára unglunga á Íslandi árið 2018 ná 34% drengja og 19% stúlkna ekki lágmarkshæfni í lestri. Niðurstöður PISA sýndu einnig að annar hver 15 ára innflytjandi hér á landi er undir lágmarkshæfni í lestri. Margir samverkandi þættir hafa neikvæð áhrif á stöðu drengja sérstaklega innan skólakerfisins.

Í tölum Hagstofunnar um starfsfólk grunnskóla kemur fram að 82,5% alls starfsfólks séu konur á móti 17,5% karla. Um 15% eru án kennsluréttinda og þar af 11,7% konur á móti 3,1% karla. Kennurum án kennsluréttinda fjölgaði um 152 frá fyrra ári. Rannsókn á starfsháttum og viðhorfum kennara og skólustjóra á unglingastigi (TALIS) frá árinu 2018 sýnir að kynjaskipting kennara á þessu stigi var 73,3% konur og 26,7% karlar. Alls staðar á Norðurlöndunum er hlutfall karla sem vildi helst gera kennarastarfið að framtíðarstarfi lægra en kvenna og ávallt fyrir neðan 60 prósentustig. Konur eru hins vegar alltaf um eða yfir því marki og mestur er kynjamunurinn hér á landi eða um 8%. Um 12% fleiri konur en karlar fóru í hefðbundið kennaranám. Ríflega fjórðungur karla tók kennsluréttindi eftir nám í faggrein og er hlutfall þeirra um 8 prósentustigum hærra en hjá konum. Einnig eru tæplega helmingi fleiri karlar en konur menntaðir í faggrein eingöngu.

Undanfarin ár hefur verið lögð rík áhersla á að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara þar sem m.a. hefur verið leitast sérstaklega við að varpa ljósi á karlkyns kennara sem starfa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í því augnamiði að ná til ungra karla sem stefna á háskólanám. Með því að beina sjónum að karlkyns kennaranemum og starfandi kennurum sem eru karlkyns hefur náðst nokkur árangur sem birtist m.a. í fjölgun karlkyns umsækjenda í kennaranám sl. tvö ár.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Það hallar á drengi innan skólakerfisins og mikilvægt að beina sjónum að stöðu þeirra sérstaklega. Einn liður í aðgerðum núverandi stjórnvalda til þess að efla menntun í landinu er að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara. Árið 2019 sóttu helmingi fleiri karlar um grunnskólakennaranám í Háskóla Íslands en árið 2018 og þrefalt fleiri karlar í nám í leikskólakennarafræðum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun leitast við að auka vægi kyngreiningar í könnunum sem það lætur gera eða verkefnum sem ráðuneytið veitir fjármagni til, svo sem Nýsköpunarkeppni grunnskóla, GERT (grunnmenntun efling í raun- og tæknigreinum) og SAFT (m.a. netnotkun). Nýta mætti markvissar niðurstöður kannana og rannsókna svo sem PISA, Ungt fólk, TALIS o.fl. við stefnumótun stjórnvalda.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Tækifæri eru í því að tengja kynjasjónarmið og niðurstöður jafnréttismats við markmiðssetningu í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi með sérstökum umbótaáðgerðum í þágu drengja. Á næstu misserum verða starfs- og kennslu-hættir í skólum greindir, með áherslu á snemmbæran stuðning til að bæta líðan þeirra og viðhorf til náms. Slík greining myndi byggjast á þáttum sem bæði lúta að drengjum og stúlkum, t.d. gagnvart einelti, áreiti, ofbeldi og þáttum eins og kvíða og sjálfsmynd. Markmiðið er að draga úr skólaforðun og brotthvarfi frá námi. Þá þarf að vinna markvissar að skilgreiningu kyngreindra lykiltalna um menntamál, kyngreiningar í mati og eftirliti með skólastarfi og nýtingu þeirra til umbóta.

Að auki mætti skilgreina mælikvarða sem miða að því að auka hlut karlkyns kennara.

Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Málaflokkur 22.2

Kyngreind tölfræðigögn

Fyrir liggja kyngreindar tölur um fullorðið fólk sem hefur ekki náð að klára nám á framhaldsskólastigi og um kynjaskiptingu nemenda fræðslumiðstöðva. Skilgreina þarf betur og birta lykiltölur sem lýsa menntakerfinu, m.a. um kynjamun og aðgengi að námi og starfsþjálfun í öllum landshlutum.

Kynjasjónarmið

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar höfðu 21% landsmanna eingöngu lokið grunnmenntun árið 2019 og þar af voru 56% karlar og 44% konur. Gögnin sýna að hlutfall karla og kvenna sem ljúka námi í vottuðum námsleiðum er nokkuð jafnt á milli ára en konur eru jafnan í meiri hluta. Fjöldi nemenda sem lauk námi í vottuðum námsleiðum síðastliðin fjögur ár hefur haldist svipaður. Athygli vekur að þeim sem sækja ráðgjöf og eru í starfsendurhæfingu hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og einnig fjölga erlendum ríkisborgurum

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

umtalsvert. Einstaklingar sem hafið hafa nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meiri hluta þeirra sem fóru í raunfærnimat árið 2019 og 95% þeirra karla sem fóru í raunfærnimat eru að koma úr iðngreinum. Konur eru 81% þeirra sem fara í raunfærnimat í almennum bóklegum greinum og karlar 75% þeirra sem fara í mat á almennri starfshæfni. Konur eru 2/3 hluti þeirra sem ljúka námi á starfsnámsbraut. Kynjamunurinn er umtalsverður eftir greinum og virðist sem hin hefðbundnu karlastörf og kvennastörf festist enn frekar í sessi eftir því sem fólk eldist.

Í ljósi hás hlutfalls kvenna í háskólanámi er mikilvægt að tryggja viðeigandi atvinnutækifæri fyrir konur á landsbyggðinni. Auknir möguleikar á fjar- og dreifnámi bjóða upp á mikla möguleika til að jafna aðgengi að námi við hæfi. Konur eru á heildina litið meiri hluti þeirra sem nýttir sér framhaldsfræðslu.

Niðurstöður og næstu skref

Huga þarf að jafnræði milli kynja í framhaldsfræðslu fyrir fullorðið fólk. Kynjamunur er mikill í starfsnámi þar sem sumar starfsgreinar eru nær hreinar karlastéttir og aðrar kvennastéttir. Þetta námsval endurspeglar einnig á íslenskum vinnumarkaði og sama kynjaskipting birtist einnig í tölum um fjölda þátttakenda í vottuðum námsleiðum innan framhaldsfræðslu. Brýnt er að vinna gegn þessum staðalímyndum með nýrri nálgun, þróun úrræða og auknu samstarfi. Fleiri karlar en konur eru í markhópi framhaldsfræðslunnar og hlutfallslega hafa fleiri lokið formlegu námi á höfuðborgarsvæðinu. Framhaldsfræðslukerfið er mikilvægt sem annað tækifæri fólks á vinnumarkaði til náms.

Þá verður áfram unnið að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, m.a. með það að leiðarljósi sníða ramma um íslenskukennslu innflytjenda og tryggja réttindi fatlaðs fólks. Símenntunarmiðstöðvar um allt land eru hvattar til að þróa nám sem höfðar bæði til karla og kvenna.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga þarf að kynjasjónarmiðum í starfsmenntun við mótun menntastefnu en í drögum mennta- og menningarmálaráðherra að menntastefnu til ársins 2030 segir að leggja þurfi áherslu á nám alla ævi vegna áhrifa örra og sífelldra breytinga á atvinnuháttum (fjórðu iðnbyltingarinnar) á líf fólks, vinnumarkað og samfélög. Gott aðgengi að námi þarf að vera til staðar óháð búsetu, aldri, kyni, menntunarstöðu, uppruna og efnahag.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Sjúkrahúsþjónusta

Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta

Málaflokkur 23.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Nauðsynleg kyngreind tölfraeðigögn eru fyrirbyggjandi.

Kynjasjónarmið

Helstu kynjasjónarmið málaflokksins eru þau að konur eyða meiri tíma en karlar í ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf. Það birtist á öllum aldursbilum og hefur haft veigamikil áhrif á lífsgæði kvenna. Þá lifa konur að meðaltali lengur en karlar. Þær lifa hins vegar að jafnaði færri ár við góða heilsu en karlar.

Árið 2018 voru konur 57% þeirra sem biðu að jafnaði eftir vistunar- eða búsetuúrræði á bráða- og biðdeildum sem Landspítalinn hefur til umráða. Um er að ræða bráðadeildir spítalans (aук öldrunardeilda á Landakoti), biðdeild á Akranesi og biðdeild á Vífilsstöðum. Einhver munur er á þjónustustigi og aðstöðu þessara eininga, en mat er lagt á getu og færni sjúklinga með tilliti til möguleika á plássi utan höfuðborgarsvæðis. Sjúklingar útskrifast af bráðadeildum yfir á Vífilsstaði eða til Akraness og svo þaðan í viðeigandi úrræði utan spítala. Hlutfall karla sem deyr meðan beðið er eftir úrræði er hið sama og kvenna eða um 50%. Í ljósi þess að fleiri konur en karlar bíða eftir vistunar- eða búsetuúrræði hefði mátt ætla að hlutfall kvenna væri hærra. Þessar niðurstöður benda til lakari heilsu hjá körlum sem bíða eftir vistunarúrræði á Landspítala.

Ekki er um að ræða kynjamun hjá þeim sem fá viðeigandi úrræði eftir útskrift af Landspítala samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Hlutfallslega fleiri karlar útskrifast heim með færni- og heilsumat en konur samkvæmt upplýsingum frá Landspítala. Ástæða þess getur verið að giftir karlar eigi frekar maka heima sem hugsar um þá og er vanur umönnun. Þá eiga karlar frekar yngri konur sem maka. Þessi niðurstaða styður við áður nefnd kynjasjónarmið auk fleiri greininga á mismunandi stöðu karla og kvenna á Íslandi.

Mikið hefur verið skrifað um álag vegna umönnunarþarfa aðstandenda þar á meðal vegna veikra barna, aldraðra einstaklinga eða einstaklinga með fötlun. Samkvæmt tölum Eurostat frá 2019 kemur fram að 7,2% Íslendinga eru óvirkir á vinnumarkaði vegna umönnunarábyrgðar. Ef hlutfall kvenna er skoðað er það 9,8%. Oft er um að ræða mikið vinnuálag og þekkt er að aðstandendur fá ekki endilega nauðsynlega þjálfun eða kennslu til að sinna þessu hlutverki.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Frekari efling heimaþjónustu og heimahjúkrunar kemur konum sem bíða úrræðis til góða og gætu þær þá frekar útskrifast heim með aukinni aðstoð í stað þess að bíða á biðdeild sjúkrahúsa eftir hjúkrunarheimilisplássi. Eins og fram kemur hér að framan, varðandi þá sem komnir eru með færni- og heilsumat, útskrifast karlar frekar heim en konur. Efling heimaþjónustu kæmi auk þess konum til góða sem oftast en ekki eru sá umönnunaraðili sem sinna veikum maka (sbr. umfjöllun um kynjasjónarmið hér að framan).

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga þarf að markmiðssetningu sem skarast milli málefna sviða eins og í þessu tilfalli, þar sem birtingarmynd kynjaójafnvægis málefna sviðs 23 *Sjúkrahúsþjónustu* þarf að leysa í markmiðssetningu og aðgerðum á málefna sviði 24 *Heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa* í formi eflingar heimahjúkrunar og heimaþjónustu.



EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Heilsugæsla

Málaflokkur 24.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Til er þó nokkuð af kyngreindum gögnum. Unnið er að ítarlegri greiningu á málaflokknum og þar með talið samantekt á kyngreindum gögnum.

Kynjasjónarmið

Huga þarf að stöðu karla og kvenna þegar ákvarðanir eru teknar í þessum málaflokki. Í [skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um heilsufar kvenna](#) frá 2016 er talið að staðalmyndir kvenna ýti undir heilsufarsvanda þeirra frá unga aldri. Þær endurspeglast m.a. í því að konur eru taldar tilfinningasamar, örökrænar, samviskusamar, veikgeðja og vitsmunalega síðri en karlar. Þá er talið að þær séu uppteknari af ytri ásýnd og útliti en karlar. Þetta hefur neikvæð áhrif á sjálfstraust þeirra og velferð. Einkum er það talið birtast í geðheilsu, sérstaklega þunglyndi og kvíða. Þá er talið að ein af hverjum þremur konum verði fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og afleiðingar þess hafa áhrif á heilsufar. Lífslíkur kvenna eru meiri en karla. Þrátt fyrir þá staðreynd kemur fram að konur telji sig heilsuveilli en karlar. Félagsleg staða kvenna hefur einnig áhrif á heilsufar og þar liggja áhrifaþættir til grundvallar, s.s. menntun, félagslegt net og starfsskilyrði. Heilsufarsvandamál kvenna breytist yfir lífsskeiðið. Andleg vandamál, eins og þunglyndi og kvíði eru algengari heilsufarsvandi hjá yngri konum. Stoðkerfisvandi, bakverkir, hjartasjúkdómar og krabbamein eru hins vegar algengari hjá eldri konum. Þrátt fyrir að hjarta- og kransæðasjúkdómar séu algengasta dánarorsök kvenna og karla eru þeir sjúkdómar frekar álitnir vera heilsufarsvandi karla.

Þetta er þó ekki óumdeilt, sérstaklega þegar kemur að lyndisröskunum, og benda vestrænar rannsóknir til að staðalmynd karla hindri þá í að leita sér hjálpar, sérstaklega þegar kemur að geðröskunum. Í [skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um heilsufar karla í Evrópulöndum](#) eru t.d. dregnar fram tengingar staðalmynda um karlmennsku við aukna áhættuhegðun og vannýtingu heilbrigðisþjónustu. Nýleg sænsk rannsókn sýndi jafnframt að konur voru líklegri til að fá hjálp við þunglyndi en karlar þegar eftir því var leitað á heilsugæslu og eru staðalmyndir og fordómar talin líklegustu skýringarnar. Karlar eru líklegri til að vera með minni menntun, vinna erfiðisvinnu og rannsóknir benda til að það hafi fylgni við lakari heilsu. Á móti kemur að stoðkerfisvandi er algeng orsök örorku kvenna, þær lifa lengur en karlar en við lakari heilsu. Vert er þá að hafa í huga að tengsl eru talin vera milli langvarandi streitu, truflunar í ónæmiskerfinu, stoðkerfisvanda, geðraskana og krabbameina svo fátt eitt sé talið.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi


Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Við skoðun á notkun kvenna og karla á heilbrigðisþjónustu kemur í ljós að á árinu 2019 var hlutfall karla sem kom á heilsugæslu 47,5% en kvenna 52,5%. Ef eingöngu eru skoðuð símtöl var hlutfall karla 44,4% en hlutfall kvenna 55,6%. Ef notkun á Heilsuveru er skoðuð sést að karlar voru 39% notenda Heilsuveru árið 2019 en konur 61%. Það er því meiri munur á hlutfalli þeirra kvenna sem nota Heilsuveru en skýrist með komum eða símtölum á heilsugæslustöð. Hvað nákvæmlega veldur hefur enn ekki verið greint. Notkun eftir kyni og aldurs-
hópum liggur fyrir (sjá mynd). Nánari greining varðandi búsetu, hjúskaparstöðu og uppruna er væntanleg.



Niðurstöður úr ýmsum mælikvörðum sem snúa að heilsufari mælast verri hjá körlum en konum og er tíðni margra sjúkdóma hærrí hjá þeim. Hins vegar eru langtímaveikindi algengari meðal kvenna og árið 2018 bjó ein af hverjum þremur konum við heilsufarslega takmarkandi getu í daglegu lífi borið saman við einn af hverjum fimm körlum samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Þjónusta mæðraverndar í heilsugæslunni hækkar hlutfall kvenna í samskiptatölum heilsugæslunnar. Heilsugæslan ásamt Miðstöð um rafræna heilbrigðisþjónustu hefur síðustu misseri í auknum mæli boðið upp á bætta þjónustu í gegnum Heilsuveru, þar sem rafræn heilbrigðisþjónusta er veitt án komu á heilsugæslustöð.

Niðurstöður og næstu skref

Karlar nýta sér síður þjónustu heilsugæslunnar. Markmiðið er að gera heilsugæsluna aðgengilega fyrir alla þá sem þurfa á henni að halda, óháð kyni. Það er áskorun að greina frekar ástæður þess að karlar sækja þjónustu heilsugæslunnar í minna mæli en konur og verður hugað að slíkri skoðun í samstarfi við Embætti landlæknis og Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2020–2023 er sérstakt verkefni undir kaflanum „karlar og jafnrétti“ sem tengist notkun karla á Heilsuveru. Fjallað er nánar um verkefnið undir málaflokki 32.1 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit.

EFNI

- Utánríkismál
- Ríkisfjármál
- Nýsköpun
- Byggðamál
- Öryggi
- Réttindi
- Samgöngur
- Atvinnuvegir
- Umhverfi
- Menning
- Menntun
- Heilbrigðisþjónusta**
- Velferðarmál

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Kynjamat á lýðheilsuvísunum vegna sjúkdóma sem rekja má til lífshátta væri gagnleg greining til frekari skoðunar. Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga. Suma áhrifaþætti heilbrigðis er hægt að hafa áhrif á og stuðla þannig að bættri heilsu og minnka líkur á sjúkdómum. Rýna þarf betur í valda lýðheilsuvísa og gera á þeim kynjamat, ef slíkt mat liggur ekki fyrir. Þetta gæti reynst grundvöllur markmiðssetningar í stefnumótun og fjármálaáætlun.

Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Málaflokkur 24.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn eru til staðar. Unnið er að því að gera þau aðgengileg og sjálfvirk svo auðvelt sé að nálgast gögn í rauntíma.

Kynjasjónarmið

Konur eru 56% þeirra sem nýta sér þjónustu sérgreinalækna fyrir landið allt sem er í samræmi við komur á heilsugæsluna. Þessar tölur benda til þess að konur búi við verri heilsu en karlar og nýti sér í meiri mæli þjónustuna af þeim orsökum. Um er að ræða 20 sérgreinar og nýta konur sér þjónustu sérgreinalækna í meiri mæli en karlar í langflestum flokkunum.

Niðurstöður og næstu skref

Niðurstaða skoðunar á komum til sérgreinalækna bendir til þess að konur búi við verri heilsu en karlar og nýti sér þar af leiðandi í meiri mæli þjónustu sérgreinalækna. Ekki reyndist um kynjamun að ræða þegar horft var til búsetu þeirra sem sækja sér þessa þjónustu. Huga þarf betur að heilsu kvenna og ættu aðgerðir og áætlanir stjórnvalda og stofnana að miða að því að svo verði.

Ekki er um teljandi mun að ræða milli kynjanna á aðgengi að þjónustu sérgreinalækna, hvorki á landsbyggðinni né á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækun á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Lægri greiðsluþátttaka ætti að koma konum til góða þar sem kynbundinn launamunur er enn til staðar í þjóðfélaginu og stórar kvennastéttir, t.d. konur sem starfa við umönnun, eru með laun undir miðgildi. Einnig eru konur oftast einar með börn á framfæri en karlar og lækun greiðsluþátttöku nýttist í þeim tilfellum.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í markmiði málaflokksins er lögð áhersla á að jafna aðgengi sjúklinga að þjónustu sérfræðilækna óháð búsetu.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Hjúkrunar- og endurhæfingarrými

Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými

Málaflokkur 25.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind tölfraeðigögn eru til í skýrslu frá árinu 2014 *Aldraðir í hjúkrunar- rýmum á hjúkrunarheimilum*. Markviss öflun og birting kyngreindra tölfraeðigagna í málaflokknum hefur ekki átt sér stað eftir þá útgáfu.

Kynjasjónarmið

Kynjasjónarmið birtast með margvíslegum hætti innan málaflokksins. Samkvæmt rannsóknnum eru konur í miklum meiri hluta umönnunaraðila, bæði hvað varðar formlega umönnun sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu en einnig í þeim hópi sem veitir óformlega umönnun við aldrað, veikt og fatlað fólk. Vert er að kanna möguleg tengsl þessa við þá staðreynd að konur eru einnig í miklum meiri hluta þeirrar nýliðunar sem hefur orðið í hópi örorkulífeyrisþega síðustu 10 ár. Upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins sýna að í janúar 2019 voru 55% fleiri konur skráðar með 75% örorku eða endurhæfingarmat en karlar. Af þeim eru rúm 30% kvennanna með stoðkerfissjúkdóma sem aðalorsök en um 15% karlanna. Skýrsla forsætisráðuneytisins [Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði](#) sem kom út í september 2019, sýnir að þrátt fyrir forskot kvenna á karla um væntan lífaldur, geta konur vænst færri ára en karlar við góða heilsu. Lífslíkur við góða heilsu mælast í því hversu lengi fólk má vænta þess að lifa án þess að vanheilsa hamli daglegu lífi þess. Lífslíkur kvenna voru á 10 ára tímabili (2008-2017) 84,0 ár en karla 80,6 ár. Lífslíkur kvenna við góða heilsu eru hins vegar 66,2 ár en 71,5 ár fyrir karla.

Þar sem ekki liggja fyrir nýrri greiningar má minna á að í niðurstöðum fyrrgreindrar skýrslu frá árinu 2014 kom fram að það hallaði á annað kynið þegar kemur að fjármagni og umönnun aldraðra. Konur, í hlutverki íbúa eða starfsfólks á hjúkrunarheimilum, bera minna úr bótum fjárhagslega og umönnun lendir frekar á kvenkyns aðstandendum aldraðra. Sjá nánar: [Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum](#). Konur eru í meiri hluta þeirra sem starfa við umönnun á hjúkrunarheimilum og eru frekar faglærðar. Karlar eru hlutfallslega fleiri í stjórnunarstöðum og í tekjuhæsta hópi starfsfólks.

Niðurstöður og næstu skref

Margvísleg kynjasjónarmið tengjast málaflokknum sem þarf að styðjast við þegar unnið er að stefnumótun. Innbyggt virðist í kerfi að konur, hvort sem um er að ræða maka eða afkomanda, taka að sér aukna umönnunarbyrði aðstandenda frekar en karlar. Þetta hefur leitt til þess að karlar eru veikari þegar þeir komast inn á hjúkrunarheimili sem er afleiðing þess að gert er ráð fyrir að aðstandendur, sem reynslan sýnir að eru yfirleitt konur, bera þyngri umönnunarbyrði en karlar.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Setja þarf fram kynjamiðaða mælikvarða til að mæla framvindu árangurs í málaflokknum. Endurskoða þarf stefnu í málefnum aldraðra, þannig að nálgun út frá kynjasjónarmiðum sé skýr í stefnunni. Ástæða er til þess að kanna frekar tengsl á milli umönnunarstarfa og vanheilsu, m.a. vegna stoðkerfisvandamála.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Lyf og lækningavörur

Lyf

Málaflokkur 26.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Nauðsynleg gögn eru til staðar hjá Embætti landlæknis.

Kynjasjónarmið

Ef skoðaður er fjöldi einstaklinga sem leysti út lyf árið 2018 þá voru konur 53,6% og karlar 46,4%. Sem hlutfall af þjóðarþýði reyndust 81,4% kvenna hafa leyst út lyf í fyrra en 68,0% karla. Það er því augljós kynjamunur þegar kemur að notkun á lyfjum og skýringarnar á því eru margvíslegar. Talið er að staðalmyndir kvenna ýti undir heilsufarsvanda þeirra frá unga aldri. Einkum er það talið birtast í geðheilsu, sérstaklega þunglyndi og kvíða (sjá nánar í umfjöllun um málaflokk 24.1 Heilsugæsla). Tölur héraendis styðja þetta þar sem konur nota meira af þunglyndislyfjum, kvíðastillandi og svefnlyfjum.

Ætla mætti að aukin lyfjanotkun endurspegladi verri heilsu kvenna og styðja tölur Hagstofu Íslands það en árið 2018 bjó ein af hverjum þremur konum við heilsufarslegar takmarkanir í daglegu lífi samanborið við einn af hverjum fimm körlum. Konur lifa þó lengur en meðalævilengd kvenna var 84,1 ár árið 2018 og meðalævilengd karla 81,0 ár. Þá eru sjálfsvíg margfalt algengari meðal karla (29 karlar á móti 5 konum árið 2018) en talið er að sjálfsvíg megi rekja til þunglyndis í 70-90% tilfella. Nýlegar rannsóknir á starfsemi heilans í dýratilraunum benda einnig til að líffræðilegur munur sé í viðbragði við skyndilegri streitu sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að karlkynið sé meira með falin streitueinkenni en þau verði strax ljós hjá kvenkyninu. Þessi kynjamunur kann því að eiga sér dýpri skýringar en í staðalmyndum eða að líffræðilegar breytur spili inn í staðalmyndir. Þá kann þessi líffræðilegi munur að skýra meiri notkun kvenna á svefn- og róandi lyfjum.

Einnig má nefna að rannsóknir á þunglyndi og ofvirkni benda til kynjamunar í birtingu einkenna. Í ofvirkni eru stúlkur líklegri til sjálfskaða meðan drengir rekast á umhverfi sitt og sama á við um þunglyndi en þá eru karlar líklegri til að sýna úthverf einkenni meðan konur sýna meira innhverf einkenni. Getur þetta verið ein skýringin á því af hverju konur nota meira þunglyndislyf en karlar og öfugt fyrir lyf við ofvirkni (örvandi lyf).

Að lokum ef horft er til notkunar á ávanabindandi lyfjum þar sem konur eru í meiri hluta má nefna að konur eru í minni hluta í innlögnum í áfengis- og fíkniefnameðferð og margt sem bendir til að þær leiti sér síður aðstoðar í þeim efnum sem kann vel að vera afleiðing staðalmyndar kvenna.

Getnaðarvarnarlyf er augljós flokkur lyfja þar sem hallar á annað kynið en slík lyf hafa ekki verið til fyrir karla og þessi lyf hafa ekki verið ekki niðurgreidd. Uppbótarmeðferð með hormónum er niðurgreidd fyrir bæði kyn þó að konur

EFNI

Útanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

noti slíka lyfjameðferð í ríkara mæli. Lyf sem tengjast tækniþróunum og konur taka eingöngu eru niðurgreidd. Lyf við rístruflunum eru ekki niðurgreidd og hallar þar á karla. Deila má um gildi slíkrar meðferðar en þó er rétt að hafa í huga að rístruflanir geta verið fylgikvillar sjúkdóma eins og sykursýki, krabba-meina og í kjölfar aðgerðar á blöðruhálskirtli. Þá er þetta hluti af lífsgæðum og sama má segja um einkenameðferð eftir tíðarhvörf og frjósemismeðferðir.

Til þess að bregðast við ójafnri stöðu kynjanna sem fram hefur komið í fyrri jafnréttismötum var ákveðið að frá ársbyrjun 2020 taki Sjúkratryggingar þátt í greiðslu hormónalyfja fyrir einstaklinga yngri en 21 ára, samkvæmt greiðsluþrepakerfinu.

Niðurstöður og næstu skref

Hér eru mörg álitamál á ferðinni. Eru stúlkur síður greindar með ofvirkni eða drengir ofgreindir? Eru konur ofgreindar með þunglyndi og karlar síður greindir? Er þessi kynjaskekkja í notkun svefn- og róandi lyfja eðlileg eða er notkun þessara lyfja óhófleg meðal kvenna og þá hvers vegna? Í það minnsta er notkun fyrirtalinnna lyfjaflokka nær tvöföld samanborið við önnur Norðurlönd og markmið í fjármálaáætlun að ná henni á sambærilegan stað árið 2024. Til þess að skoða þetta nánar er áætlað að halda á árinu 2021 málþing um kynjamun í lyfjanotkun og leiðum til úrbóta.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Unnið er að niðurgreiðslu getnaðarvarnarlyfja fyrir viðkvæma hópa í samræmi við markmið í fjármálaáætlun en þar hallar augljóslega á annað kynið. Þá þarf að taka álíka afstöðu til lyfja við rístruflunum fyrir karla. Þá bera tölur með sér að karlar nýti heilbrigðisþjónustu í minna mæli en konur og það endurspeglar í lyfjanotkun. Kanna þarf eðli og orsakir þess. Kanna þarf hvers vegna konur eru líklegri til að lifa við heilsufarslegar takmarkanir sem mögulega hefur meiri lyfjanotkun í för með sér. Að síðustu er þessi mikla notkun kvenna á svefn- og róandi lyfjum áhyggjuefni og spurning hvort staðalmynd kvenna hindri þær í að leita sér aðstoðar þegar í óefni er komið.

Hjálpartæki

Málaflokkur 26.3

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn eru til um umsóknir og úthlutanir hjálpartækja. Þá væri gagnlegt að hafa kyngreinda tölfraedi um fjölda fatlaðs fólks eða einstaklinga með skerta færni.

Kynjasjónarmið

Kynbundinn munur á heilsu er þekkt sjónarmið, sem sést m.a. í fjöldapróun öryrkja, lífslíkum við góða heilsu og eigin mati fólks á líkamlegri heilsu. Ástæður kynbundins munar á heilsu geta verið margvíslegar og líklegast er að

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun


**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

um samspil ýmissa þátta sé að ræða. Má þar nefna kynskiptan vinnumarkað, ójafna verkaskiptingu á ólaunuðum heimils- og umönnunarstörfum, kynbundið ofbeldi og staðalmyndir um hlutverk og hegðun kynjanna.

Fjárhagsstaða getur einnig haft áhrif á heilsu fólks. Rétt rúmlega helmingur allra umsókna um hjálpartæki árið 2019 var frá konum 18 ára og eldri, eða 52%. Þá voru 39% umsókna frá körlum á aldrinum 18 ára og eldri og 10% umsókna voru frá drengjum og stúlkum undir 18 ára aldri. Á bilinu 92–93% allra umsókna á árinu 2019 voru samþykktar (hér eru undanskildar umsóknir sem eru í bið vegna vankanta á umsókn) og má ekki sjá mun eftir kyni eða aldri hvað það varðar.

Umsóknir um hjálpartæki 2019



Ekki er munur á fjölda umsókna eftir kyni sem hlutfall af mannfjölda hjá börnum. Örlítinn kynjamun má sjá á umsóknum hjá fólki á aldrinum 18-66 ára, en umsóknir sem hlutfall af mannfjölda voru 4% hjá körlum en örlítið hærrí eða 6% hjá konum. Þegar umsóknir sem hlutfall af mannfjölda hjá fólki 67 ára og eldri eru skoðaðar má sjá ákveðinn kynjamun, en umsóknir karla voru 34% af mannfjölda en kvenna töluvert hærrí eða 42%. Þetta má líklegast rekja til kynbundins munar á heilsufari en vísbendingar eru um að heilsa kvenna sé verri en karla. Þennan mun má sjá í ýmsum gögnum, svo sem um fjölda öryrkja, lífslíkum við góða heilsu og eigin mati fólks á líkamlegri heilsu líkt og áður hefur komið fram.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

	Umsóknir (n)	Umsóknir sem % af mannfjölda	Hjálpartæki (n)	Meðalfjöldi HT per umsókn (n)
Drengir	1.765	4%	3.505	2,0
Stúlkur	1.437	4%	2.844	2,0
Karlar 18-66 ára	5.414	4%	12.135	2,0
Karlar 67+ ára	7.225	34%	13.772	1,9
Konur 18-66 ára	7.075	6%	16.707	2,4
Konur 67+ ára	9.835	42%	16.645	1,7
Samtals	32.751	9%	65.608	2,0

Niðurstöður og næstu skref

Fyrrgreindar niðurstöður gefa vísbendingar um að konur á efri árum þurfi fremur á hjálpartækjum að halda en karlar á sama aldursbili. Er það í samræmi við að heilsa kvenna virðist vera lakari en karla. Einnig er meðallífdur kvenna hærri en karla sem gæti útskýrt þennan mun, en fleiri konur en karlar eru í elstu aldurshópnum þar sem þörfin fyrir hjálpartæki er hlutfallslega mest.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að láta kortleggja heilsufar landsmanna út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og gera mat á því hvort heilbrigðisþjónustan taki mið af ólíkum þörfum kynjanna. Niðurstöður voru birtar í febrúar 2021.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

**Heilbrigðis-
þjónusta**

Velferðarmál

Örorka og málefni fatlaðs fólks

Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

Aðrar örorkugreiðslur

(önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)

Málaflokkar 27.1, 27.2 og 27.4

Kyngreind tölfraeðigögn

Tryggingastofnun ríkisins heldur utan um öll gögn um greiðslur til öryrkja á grundvelli þessara málaflokka og forsendur þeirra. Öll gögn eru kyngreind og aðgengileg fyrir jafnréttismat.

Kynjasjónarmið

Gögnin leiða í ljós að konur eru í meiri mæli metnar til örorku vegna stoðkerfis-sjúkdóma, sérstaklega um og eftir miðjan aldur, en hjá körlum er aukning örorkumats meiri á meðal yngri aldurshópa, einkum vegna geðrænna vandamála.

Konur eru um 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins og karlar um 40% og hefur það hlutfall haldist nánast óbreytt undanfarin ár. Öryrkjum með 75% mat fjölgaði að meðaltali um 2,3% árlega á tímabilinu 2010–2016, körlum um 2,1% að meðaltali og konum um 2,4%. Síðustu þrjú árin (2017–2019) hefur dregið úr fjölguninni og hefur hún verið um 1,2% að meðaltali, 0,5% í hópi karla og 1,7% í hópi kvenna. Öryrkjum hefur fækkað eða fjöldi þeirra staðið í stað sem hlutfall af mannfjölda í öllum aldursflokkum nema í elsta aldursflokknum 65–66 ára. Vísbending er um að sú áhersla sem lögð hefur verið á endurhæfingu síðustu ár hafi þar áhrif, en einnig getur verið að seinkunin sem endurhæfingin hefur á örorkumat búi til tveggja til þriggja ára töf í skráningu örorku sem mun ekki koma í ljós fyrr en að lengri tíma liðnum. Því er of snemmt að draga afgerandi ályktun af fækkuninni.

Eitthvað í samfélagsgerðinni virðist valda því að mikil fjölgun örorkulífeyrisþega er á meðal kvenna 50–66 ára. Starfsstéttir sem vinna bæði líkamlega og andlega erfið störf, til dæmis leikskólakennarar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og ýmis konar þjónustu- og umönnunarstörf eru oft á tíðum undir miklu líkamlegu og andlegu vinnuálagi. Bakvaktir, yfirvinnuálag og undirmönnun hefur verið tíðrædd í þessu samhengi. Mikil aukning örorkulífeyrisþega í hópi kvenna 50 ára og eldri bendir til að áhrifin séu utanaðkomandi og samfélagsdrifin. Mögulega sé kynbundin verkaskipting á vinnumarkaði, aukin byrði á heimili, umönnun barna og eldri eða veikari fjölskyldumeðlima sem og kynbundið ofbeldi áhrifaþættir. Aukning örorku meðal kvenna um og yfir miðjum aldri byggist mikið á stoðkerfis- og geðsjúkdómum.

Samkvæmt Evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni (2018) er umönnunarbyrði einna mest hér á landi. Tölur Eurostat gefa til kynna að 10% Íslendinga

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

sinni veiku, fötluðu eða öldruðu skyldmenni reglulega samanborið við 3,3% í Finnlandi sem var með næsthæsta hlutfallið af hinum Norðurlöndunum. Þetta gefur til kynna að álag í einkalífi sé töluvert meira hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Á sama tíma bendir flest til þess að Íslenskir atvinnurekendur séu afar liðlegir og að sveigjanleg viðvera og sveigjanlegur vinnutími sé hvað mestur héraendis. Í gögnum Eurostat kemur einnig fram að Íslendingar eru með hæsta hlutfall Evrópubúa sem vinna á kvöldin og um helgar.

Niðurstöður og næstu skref

Ólík staða karla og kvenna í þjóðfélaginu endurspeglast í mismunandi greiðslum til þeirra frá almannatryggingum. Þeir sem fá lágar eða engar tekjur af atvinnu eða greiðslur úr lífeyrissjóðakerfinu fá hærri greiðslur frá almannatryggingum. Almennatryggingakerfið stuðlar þannig að tekjujöfnuði og nýtist fremur konum en körlum þar sem þær eru almennt með lægri tekjur aðrar en greiðslur frá almannatryggingum sér til framfærslu en karlar.

Með því að mæta stöðu kynjanna við tölfræðiupplýsingar er ljóst að aukin áhersla á starfsendurhæfingu mun koma báðum kynjum til góða. Með aukinni áherslu á starfsendurhæfingu má auka möguleika fólks til áframhaldandi þátttöku eða innkomu á vinnumarkað. Hlutfallslega fleiri konur á vinnumarkaði sinna störfum (t.d. umönnunarstörfum) þar sem laun eru talin lág og hættan á að falla út af vinnumarkaði fyrir lífeyrisaldur virðist meiri í slíkum störfum. Því getur aukin starfsendurhæfing falið í sér tækifæri fyrir þennan hóp til að skipta um starfsvettvang. Það sama gildir um karla í yngri hópum, sérstaklega þá sem glíma við geðraskanir, en starfsendurhæfing og/eða endurmenntun eykur möguleika þeirra til að fá störf við hæfi og koma þannig í veg fyrir að einstaklingar falli varanlega út af vinnumarkaði.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi þar sem dregið verður úr tekjutengingum mun mæta betur mismunandi þörfum einstaklinga með skerta starfsgetu. Fleiri konur en karlar fá örorkugreiðslur frá almannatryggingum og því gagnast aðgerðin konum betur en körlum. Enn fremur er gert ráð fyrir að á næstu árum verði svokölluð framfærsluuppbot lögð niður og bótaflokkar sameinaðir. Með því styrkist réttarstaða öryrkja sem fá greiðslur frá almannatryggingum sem eru í meiri hluta konur.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Málefni aldraðra

Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, ótaldar

Málaflokkar 28.1, 28.2 og 28.3

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn um greiðslur almannatrygginga til aldraðra eru til og aðgengileg. Þá liggja fyrir gögn hjá lífeyrissjóðum, sveitarfélögum og víðar um tekjur og þjónustu þessa hóps, auk þess sem starfshópar hafa verið að störfum um málefni aldraðra. Mælikvarðar við markmið málaflokka í fjármálaáætlun eru sundurgreindir eftir kyni þar sem það á við og þannig fæst skýrari mynd af stöðunni hverju sinni og þróuninni.

Kynjasjónarmið

Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur en aldraðir karlar. Aukin áhersla á séreignarlífeyrissparnað er leið sem virðist henta tekjuhærri hópum betur. Konur eru líklegri til að eiga minni lífeyrissparnað á efri árum vegna ólíks lífshlaups kynjanna. Minni launuð vinna, kynbundinn launamunur og meiri ábyrgð á fjölskyldu og heimili sem leiðir til styttri tíma á vinnumarkaði eru þar áhrifapættir. Aukin áhersla á atvinnuþátttöku aldraðra er leið sem hentar körlum almennt betur. Konur reiða sig í meiri mæli en karlar á lífeyri almannatrygginga. Þær lifa fleiri ár á ellilífeyri, bæði sökum þess að þær hætta að meðaltali yngri á vinnumarkaði en karlar og lifa að meðaltali lengur. Tekjutenging lífeyris hefur meiri áhrif á karla þar sem þeir hafa hærri tekjur annars staðar frá. Afnáam tekjuskerðingar á ellilífeyri myndi nýtast körlum betur en konum, þar sem aðrar tekjur þeirra eru hærri en kvenna. Þrátt fyrir að konur lifi að meðaltali lengur en karlar þá geta þær vænst færri ára við góða heilsu.

Mannfjöldaspá gerir ráð fyrir að hlutfall aldraðra af mannfjölda muni aukast verulega á næstu árum og áratugum. Aldraðir teljast þeir sem eru 67 ára og eldri. Fjöldi aldraðra á Íslandi árið 2020 var um 45.250 einstaklingar, eða 12% af íbúafjölda. Karlar 67 ára og eldri voru 6% íbúa og konur 67 ára og eldri 7% íbúa. Alls voru 21.519 karlar (48%) og 23.731 konur (52%) á aldrinum 67 ára og eldri. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands má búast við að hlutfall aldraðra af íbúafjölda fari vaxandi á næstu árum og áratugum. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfallið nálgist fjórðung af mannfjölda upp úr 2060 og að kynjaskipting hópsins verði svipuð og nú er.

Samkvæmt [skýrslu starfshóps um kjör aldraðra](#) frá desember 2018 kemur fram að af þeim íbúum 67 ára og eldri sem búa við lökust kjör eru 60–70% konur. Af þeim sem eru með tekjur á lægsta tekjubílinu (tekjutíund 1) eru um

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

8,5% af erlendum uppruna sem er jafnframt tæplega helmingur þeirra aðila af erlendum uppruna sem eiga réttindi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í hverri tíund eru 3.309 einstaklingar. Í skýrslunni kemur einnig fram að þessi hópur hefur unnið sér inn lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum, lifir nær eingöngu á bótum almannatrygginga og býr í leiguhúsnæði eða í mjög skuldsettu eigin húsnæði. Innflytjendum, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki áunnið sér rétt til lífeyris í fyrra búsetulandi, hefur fjölgað. Þessir einstaklingar hafa margir mjög takmörkuð efni og úrræði sér til framfærslu.

Niðurstöður og næstu skref

Í málaflökknum eru áskoranir sem snúa að stöðu kynjanna. Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur úr atvinnutengdum lífeyrissjóðum en aldraðir karlar og ræðst það m.a. af ólíku lífshlaupi kynjanna og ójafnri stöðu þeirra á vinnu-markaði. Ýmsar áskoranir eru í málefnum aldraðra og talið er mikilvægt að byrja á því að styrkja stöðu þess hóps aldraðra sem býr við lökust kjör. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með samþykkt laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020, en áfram er unnið að því að greina þrjár neðstu tíundir aldraðra og hvaða úrræði séu líklegust til að bæta lífskjör þeirra.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Til þess að jafna hlut kvenna hvað lífeyrisgreiðslur varðar er þörf á sameiginlegu markmiði nokkurra málefnasviða, t.d. er varða vinnumarkað, fæðingar-orlof og jafnrétti. Vert væri í auknum mæli að líta til sameiginlegra markmiða og stefnu viðkomandi málefnasviða og ráðherra.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Fjölskyldumál

Fæðingarorlof

Málaflokkur 29.2

Kyngreind tölfraeðigögn

Öll gögn sem safnað er í tengslum við nýtingu foreldra á rétti til fæðingarorlofs og greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi eru kyngreind. Má í því sambandi nefna gögn í tengslum við fjölda fæðingarorlofsdaga foreldra og skiptingu þeirra milli foreldra, meðalfjölda fæðingarorlofsdaga fyrstu þrjá, sex og tólf mánuði frá fæðingu barns og dreifingu fæðingarorlofsdaga eftir tekjum foreldra miðað við tiltekin tekjubil. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar vegna þeirra foreldra sem aldrei sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

Kynjasjónarmið

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er tvíþætt, annars vegar að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Reynslan hefur sýnt að einn af lykilþáttum þess að konum og körlum sé unnt að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf er að foreldrar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs. Lenging fæðingarorlofs miðar almennt einkum að því að barn geti notið samveru með foreldrum sínum sem lengst. Breytingar á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði miða á hinn bóginn að því að draga úr röskun á tekjum heimila þegar foreldrar nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.

Helsta áskorunin innan fæðingarorlofskerfisins er að tryggja að röskun á tekjum foreldra verði sem minnst þegar þeir taka leyfi frá störfum vegna fjölgunar í fjölskyldunni, enda má ætla að tekjur fjölskyldunnar eigi stóran þátt í ákvarðanatöku foreldra í tengslum við nýtingu þeirra á rétti til fæðingarorlofs. Almennt hafa stjórnvöld lagt áherslu á að hækka hámarksgreiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs í því skyni að auka líkur á að foreldrar, ekki síst feður, sjái hag í að fullnýta rétt sinn innan fæðingarorlofskerfisins.

Tölulegar upplýsingar frá Vinnumálastofnun sýna að á árunum 2009–2014 fækkaði jafnt og þétt feðrum sem nýttu rétt sinn til fæðingarorlofs en árið 2008 voru þær 90% af umsóknum mæðra. Lítilleg fjölgun var fram til 2016 þegar þeim tók að fjölga enn frekar í kjölfar hækkunar á hámarksgreiðslum til foreldra í árslok 2016.



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi


Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta


Velferðarmál

Umsóknir feðra um fæðingarorlof af umsóknum mæðra



Svipuð þróun virðist hafa átt sér stað hvað varðar nýtingu feðra á dögum í fæðingarorlofi. Árið 2009 nýttu 19% feðra minna en þrjá mánuði af sjálfstæðum rétti til fæðingarorlofs og fór hlutfallið hækkandi til ársins 2014 þegar það tók að lækka að nýju.

Hlutfall feðra sem nýta minna en 3 mánuði af sjálfstæðum rétti



Niðurstöður og næstu skref

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs verði lengdur. Í desember 2019 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þar sem kveðið var á um lengingu á samanlögðum rétti foreldra til fæðingarorlofs í 10 mánuði. Í desember 2020 samþykkti Alþingi svo frumvarp félags- og barnamálaráðherra til nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof og er þar m.a. kveðið á um jafna skiptingu 12 mánaða fæðingarorlofs á milli foreldra en með heimild til að framselja allt að 6 vikur til hins foreldrisins. Þá er staða einstæðra foreldra einnig bætt.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Bætur vegna veikinda og slysa

Málaflokkur 29.6

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra og tekur til bóta samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, lögum um slysatryggingar almanna-trygginga, nr. 45/2015, og lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.

Kyngreind tölfraeðigögn

Nokkuð er til af gögnum en þó vantar frekari upplýsingar sem hægt er að nálgast með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Kynjasjónarmið

Þar sem konur og karlar gegna oft ólíkum störfum má leiða líkum að því að áhættuþættir í starfi séu ólíkir eftir kyni, og þar með að kynjamunur sé til staðar hvað varðar slys og atvinnusjúkdóma. Einnig taka konur almennt meiri ábyrgð á heimilisstörfum, en ákveðin kynbundin verkaskipting virðist vera þar til staðar. Þannig virðist sem karlar sinni fremur almennu viðhaldi og viðgerðum en konur beri meiri ábyrgð á umönnun og almennum heimilisstörfum eins og þvotti og þrifum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum má telja að fleiri karlar en konur falli undir lögin sem málaflokkurinn tekur til. Þetta má að hluta rekja til ólíkrar atvinnuþátttöku eftir kyni en atvinnuþátttaka kvenna (77%) er lægri en karla (85%). Einnig taka færri konur þátt í skipulögðu íþróttastarfi hjá íþróttafélögum heldur en karlar, en karlar eru 67% iðkenda samkvæmt iðkendatölum frá ÍSÍ. Þá stunda færri konur en karlar nám í iðn- og starfsnámi, en karlar eru um 68% þeirra sem voru skráð í slíkt nám skólaárið 2018–2019. Fleiri konur en karlar velja slysatryggingu við heimilisstörf samkvæmt skattframtölum árið 2019, eða 62% kvenna og 54% karla.

Slysaögn frá Vinnueftirlitinu sýna að af tilkynntum slysum eru að jafnaði um 60% hjá körlum. Á tímabilinu 2018–2019 var tilkynnt um 3.874 vinnuslys, þar af voru 2.490 karlar (64%) og 1.384 konur (36%) sem slösuðust. Nokkur munur er á aðstæðum við vinnuslys eftir kyni á tímabilinu 2018–2019. Það var hlutfallslega algengara að konurnar slösuðust á leiðinni í eða úr vinnu, en 10% vinnuslysa meðal kvenna mátti rekja til ferða til og frá vinnu samanborið við 4% slysa hjá körlum. Hlutfallslega fleiri konur slasast við umönnun/meðhöndlun eða samskipti við fólk á meðan karlar eru líklegri til að slasast við almennt viðhald, viðgerðir eða nýsmíði. Þetta endurspeglar kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði en mun fleiri konur en karlar starfa við umönnunarstörf og mun fleiri karlar en konur starfa við bílaviðgerðir, iðnað og bygginga- starfsemi. Þegar rýnt er í afleiðingar vinnuslysa á tímabilinu 2018–2019 kemur í ljós að 65% kvenna og 57% karla gátu almennt hafið störf að nýju innan tveggja vikna. Hlutfallslega fleiri karlar en konur höfðu ekki hafið starf að nýju eftir slysið, sem gefur til kynna að karlar lendi í alvarlegri vinnuslysum með tilliti til líkamlegra áverka. Þá létu fimm karlar lífið í vinnuslysum á tímabilinu en engin kona. Á tímabilinu 2015–2019 bárust Vinnueftirlitinu 18 tilkynningar um atvinnusjúkdóma, þar af voru 14 (78%) vegna sjúkdóma hjá konum og 4 (22%) vegna sjúkdóma hjá körlum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Bygðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Fleiri karlar en konur fengu greiddar bætur vegna slysa í nánast öllum greiðsluflokkum á tímabilinu 2018–2019. Heildarfjárhæð greiðslna var 1.176.581.835 kr. og þar af voru greiddar 807.857.043 kr. til karla (69%) og 368.724.792 kr. til kvenna (31%). Ekki virðist almennt vera munur á meðalgreiðslum eftir kyni. Að minnsta kosti 1.127 karlar og 899 konur fengu greiðslur frá SÍ vegna slysatrygginga almannatrygginga á tímabilinu 2018-2019. Tölur um gervilimi, gervitennur og viðgerðir á tönnum skera sig úr að því leyti að meðalgreiðsla til karla er töluvert hærri en til kvenna.

*Greiðslur SÍ v. slysatrygginga almannatrygginga tímabilið 2018-2019.**

Tegund greiðslu	Upphæð		Fjöldi		Meðalgreiðsla	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Dagpeningar (greitt til sjálfst. atv.rek. og fyrirtækja)	73.544.811	37.524.368	487	229	151.016	163.862
Dagpeningar (greitt til einstaklinga)	63.912.081	29.755.695	256	118	249.657	252.167
Ferðakostn. sjúklinga á eigin bifreið	3.308.959	1.982.719	99	51	33.424	38.877
Ferðakostn. sjúklinga v/ áætlunarferða	2.056.031	947.943	56	26	36.715	36.459
Gervilimir og gervitennur	145.401.477	15.934.278	270	98	538.524	162.595
Lyf og umbúðir	6.588.076	4.061.319	293	214	22.485	18.978
Læknishjálp	25.250.659	13.948.157	1.127	723	22.405	19.292
Læknisvottorð	723.900	603.810	497	364	1.457	1.659
Sjúkraflutningur	895.744	455.295	79	54	11.339	8.431
Sjúkrabjálfun	121.410.231	109.508.335	982	899	123.636	121.811
Viðgerðir á tönnum	7.951.190	1.576.504	67	24	118.674	65.688
Ýmsar aðrar tekjur	6.361.756	11.360.485	49	105	129.832	108.195
Örorkubætur, eingreiðslur	350.358.142	138.721.302	339	143	1.033.505	970.079

*Taflan sýnir ekki þær tegundir greiðslna þar sem viðtakendur eru færri en tíu.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Tryggingastofnun sér um að greiða mánaðarlega út örorkubætur þar sem slysaörorka hefur verið metin 50% eða hærrí, sem og dánarbætur. Fleiri karlar en konur fengu greitt á tímabilinu og um 70% upphæðarinnar fór til karla. Bætur vegna andláts (dánarbætur og barnalífeyrir) eru fremur greiddar til kvenna, enda er algengara að karlar láti lífið í vinnuslysum.

Atvinnusjúkdómar koma að jafnaði fram á löngum tíma og erfitt getur verið að greina frumorsök sjúkdómsins. Rannsóknir á vinnutengdum áhættuþáttum hafa í gegnum tíðina fremur tekið mið af störfum karla og beinst að þáttum eins og slysaáætlu, mengun og líkamlegu álagi. Miklar breytingar hafa orðið á eðli starfa og vinnuumhverfi og mikilvægt að horfa líka til andlegra og félagslegra áhrifaþátta sem og vinnuaðstæðna. Vísbendingar eru um að mörg störf sem konur sinna fremur en karlar feli í sér einhæfar hreyfingar sem valdi álagi á stoðkerfi. Konur voru í meiri hluta (71%) þeirra sem leita sér starfsendurhæfingar hjá VIRK árið 2019 og konur eru um 60% örorkulífeyrisþega. Stoðkerfissjúkdómar eru meðal algengustu orsaka örorku meðal kvenna og fjölgun örorkulífeyrisþega er mest hjá konum 50 ára og eldri. Hugsanlega má rekja hluta af orsökinni til kynbundinnar verkaskiptingar á vinnumarkaði.

Niðurstöður og næstu skref

Á heildina litið falla fleiri karlar en konur undir lögin sem málaflokkurinn tekur til og fleiri karlar en konur fá greiðslur vegna slysatrygginga almannatrygginga en um 69% af greiðslum sem SÍ greiddu á tímabilinu 2018–2019 runnu til karla. Fleiri konur tilkynna þó um atvinnusjúkdóma en karlar.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Vert væri að skoða þessar niðurstöður í samhengi við málefnaáætlun 27 um örorku þar sem hlutfallsleg fjölgun örorkulífeyrisþega er mest hjá konum yfir fimmtugt og algengasta orsökina fyrir henni er stoðkerfisvandí.

Málefni innflytjenda og flóttamanna

Málaflokkur 29.7

Kyngreind tölfraeðigögn

Málefni innflytjenda eru samþætt öllum öðrum málaflokkum og er tölfraeði sem varðar málefni innflytjenda háð því hvort þau gögn sem tekin eru saman í öðrum málaflokkum séu greind og brotin niður eftir fleiri breytum en kyni, svo sem uppruna og ríkisfangi. Í janúar 2019 gaf Hagstofa Íslands út [Félagsvísa: Sérhefti um innflytjendur](#) með það að markmiði að draga upp heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á Íslandi. Þetta er í fyrsta skipti sem Hagstofa Íslands gefur út svo yfirgripsmikið efni um stöðu innflytjenda.

Við túlkun gagna um málefni innflytjenda getur skapast vandi vegna þess að skilgreiningar sem notaðar eru til grundvallar vinnslu þeirra geta verið ólíkar. Sem dæmi eru skilgreiningar að baki tölfraeði frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun ólíkar og í tölfraeði sem Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu heldur utan um uppfærast tölur afturvirkir ef einstaklingur fær íslenskt ríkisfang.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Auka þarf rannsóknir á málefnum flóttafólks á Íslandi en opinber tölfræði um málefni flóttafólks er af skornum skammti enda ekki fyrr en á allra síðustu árum sem flóttafólki fjölgaði verulega. Flóttafólk fellur bæði undir skilgreiningu á innflytjanda og erlendum ríkisborgara. Þegar tekin er saman tölfræði um flóttafólk sérstaklega þarf að taka enn fleiri breytur til viðmiðunar og má þar sem dæmi nefna tegund dvalarleyfis og dvalartíma.

Kynjasjónarmið

Kynjahlutfall meðal innflytjenda hefur breyst talsvert á tímabilinu 2008–2018. Karlar eru í meiri hluta í byrjun tímabilsins og svo aftur árin 2017 og 2018 en kynjahlutfallið er jafnara milli 2010 og 2016. Það er því mögulegt að kynjahlutfall innflytjenda skekkist í tengslum við efnahagslegar sveiflur í hagkerfinu.

Í skýrslunni [Konur af erlendum uppruna - hvar krepptir að?](#) sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið árið 2019 er að finna tölulegar upplýsingar úr fyrirliggjandi gögnum frá m.a. Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands sem varpa ljósi á stöðu kvenna af erlendum uppruna. Sé litið til meðaltals árána 2008–2017 sést að líttill munur er á atvinnuleysi hópa eftir því hvort miðað er við skilgreiningar Hagstofunnar eða Vinnumálastofnunar, og jafnast sá munur nánast út.

Árið 2018 rannsakaði Hagstofa Íslands í samvinnu við innflytjendaráð launamun eftir bakgrunni. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að innflytjendur eru að jafnaði með tæplega 8% lægri laun en innlendir þegar leiðrétt hefur verið fyrir helstu lýðfræði- og starfstengdum þáttum sem gagnasöfn Hagstofunnar búa yfir. Launamunur er mismikill eftir störfum en í þeim störfum sem algengust eru meðal innflytjenda er skilyrtur launamunur að jafnaði á bilinu 1% til 16%. Niðurstöður sýna einnig að innflytjendur eru að jafnaði með lægri laun en innlendir með sömu menntun og er skilyrtur launamunur 11% til 15%. Ekki liggja fyrir sundurgreindar upplýsingar um launamun eftir bakgrunni og eftir kyni. Gera þarf frekari launarannsóknir þar sem horft er til uppruna og kyns enda hafa rannsóknir sýnt að hætta er á að innflytjendur verði fyrir margþættri mismunun.

Niðurstöður og næstu skref

Leggja þarf áherslu á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og að þeir njóti sömu kjara og aðrir. Gera þarf frekari rannsóknir á launakjörum og aðstæðum kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði og birtingarmynd þessa hjá mismunandi hópum kvenna af erlendum uppruna. Til dæmis þarf að kanna hvort munur sé á milli kvenna eftir uppruna þeirra eða stöðu þeirra í íslensku samfélagi, t.d. eldri kvenna eða kvenna sem koma til landsins sem flóttakonur. Þá þarf að skoða sérstaklega stöðu innflytjendastúlkna á aldrinum 16–19 ára með tilliti til virkni í samanburði við innlendir jafnöldur þeirra.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga þarf í auknum mæli að því að samþætta sjónarmið innflytjenda og flóttafólks í stefnumótun og áætlanagerð.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Vinumarkaður og atvinnuleysi

Vinumál og atvinnuleysi

Málaflokkur 30.1


Kyngreind tölfraeðigögn

Vinumálastofnun tekur saman og birtir ýmsar kyngreindar upplýsingar hvað varðar málaflokkinn. Upplýsingarnar eru einnig greindar eftir landshlutum, ríkisfangi, menntun og aldri.

Kynjasjónarmið

Ljóst er að staða einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinumálastofnun getur verið mismunandi eftir kyni innan ólíkra hópa, svo sem eftir aldri eða búsetu. Þrátt fyrir framangreint verður ekki séð af þeim tölulegu upplýsingum sem fyrir liggja og mat þetta byggist á að verulegur munur sé á atvinnumöguleikum kvenna og karla innan ólíkra hópa eins og staðan er í dag. Þess ber þó að geta að staðan getur breyst mjög hratt verði breytingar á vinnumarkaði, ekki síst í ljósi þess hversu kynskiptur íslenskur vinnumarkaður er þar sem enn eru við lýði störf þar sem starfsfólk sem þeim gegnir eru í yfirgnæfandi meiri hluta ýmist konur eða karlar. Í þessu sambandi má nefna að í febrúar 2020 var skráð atvinnuleysi meðal karla 5,2% en 4,7% meðal kvenna. Í janúar 2021 var skráð heildaratvinnuleysi 13% meðal karla en 12,7% meðal kvenna.

Heildaratvinnuleysi í janúar 2021



EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun


Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Á Suðurnesjum var skráð atvinnuleysi í janúar 2021 á hinn bóginn mun meira meðal kvenna en karla eða 29,1% meðal kvenna en 24% meðal karla. Á ákveðnum svæðum hefur aukið atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 fram til þessa því komið mun verr niður á konum en körlum.

Þegar ríkisborgararéttur einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu er skoðaður má sjá að alls voru 7.169 erlendir ríkisborgarar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í ágúst 2020 eða 3.938 karlar og 3.231 kona. Þessi fjöldi samsvarar um 40% allra skráðra atvinnuleitenda en hlutfallið var á bilinu 34%–40% á mánuði á tímabilinu janúar 2019– desember 2019.

Fjöldi á atvinnuleysissskrá 2019-2020



Flestir erlendir ríkisborgarar sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í janúar 2021 komu frá Póllandi eða 4.248. Þessi fjöldi samsvarar tæplega helmingi allra erlendra ríkisborgara sem skráðir voru án atvinnu hjá stofnuninni á þessum tíma.

Niðurstöður og næstu skref

Samkvæmt þeim upplýsingum frá Vinnumálastofnun sem mat þetta byggist á má ætla að almennt sé ekki mikill munur á milli kvenna og karla þegar kemur að fjölda einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá stofnuninni á hverjum tíma hvort sem litið er til aldurs, búsetu, ríkisfangs, menntunar eða hversu lengi einstaklingur hefur verið skráður án atvinnu. Hópar þeirra einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu á hverjum tíma geta verið mjög breytilegir, m.a. í ljósi þess að einstaklingar sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna atvinnumissis búa við ólíka stöðu, svo sem hvað varðar menntun eða

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

búsetu, sem mikilvægt er að huga að hverju sinni. Þannig má sjá af þeim upplýsingum Vinnumálastofnunar sem liggja til grundvallar við mat þetta að mismunur á milli kynjanna getur verið nokkur á ákveðnum tímum í ákveðnum hópum atvinnuleitenda líkt og framangreindar tölur frá Suðurnesjum í janúar 2021 sýna.

Mikilvægt þykir að fylgjast náið með þróun mála þannig að unnt sé að grípa sem fyrst inn í ef halla fer á annað kynið. Íslenskur vinnumarkaður er tiltölulega lítill og tekur stöðugum breytingum og því ljóst að ekki þarf mikið út af að bregða þannig að hallað geti á annað kynið þegar kemur að skráðum atvinnuleitendum. Í þessu samhengi má nefna að ef til hópuppsagna kæmi á vinnustað þar sem meiri hluti starfsfólks er af öðru kyninu gætu tölur um skráða atvinnuleitendur strax tekið miklu breytingum.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Ætla má að þær aðgerðir sem gripið er til innan málaflokksins geti haft mikil kynjaáhrif. Á það ekki síst við þar sem bæði karlar og konur verða fyrir því að hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna atvinnumissis. Í því skyni að koma í veg fyrir að þær aðgerðir sem almennt er gripið til innan málaflokksins hverju sinni hafi þau áhrif að annað kynið verði fyrr en hitt kynið þátttakandi á vinnumarkaði að nýju er mikilvægt að fylgjast með stöðu mála á hverjum tíma og miða aðgerðir við það hvernig hópur skráðra atvinnuleitenda er samsettur.

Í ljósi þess má ætla að ávallt verði að huga að því að þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að auka möguleika einstaklinga sem fallið hafa tímabundið brott af vinnumarkaði komi bæði körlum og konum til góða á hverjum tíma nema skráð atvinnuleysi sé meira meðal annars kynsins.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Húsnæðisstuðningur

Húsnæðisstuðningur

Málaflokkur 31.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Síðustu ár hefur orðið jákvæð þróun í söfnun gagna um húsnæðismarkað og eru allflest gögn kyngreind. Hagstofa Íslands skoðar stöðu á húsnæðismarkaði í félagsvísum og lífshagsfræðingum, auk þess sem tekið er tillit til húsnæðis-kostnaðar við mat á fjárhagsstöðu. Helst eru það gögn um heimili með börnum sem ekki eru kyngreind eftir foreldri/um í tölum um fjárhagsstöðu heimila. Þá hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun auknu hlutverki að gegna og mun þurfa að safna kyngreindum tölfraeðiupplýsingum í tengslum við þau úrræði sem stofnunin hefur aðkomu að.

Kynjasjónarmið

Þessi umfjöllun nær til leigjenda sem eru ríflega fimmtungur þeirra sem eru á húsnæðismarkaði. Markmið laga um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, er að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda með greiðslu húsnæðisbóta vegna leigu á íbúðarhúsnæði. Þeir sem verða fyrir áhrifum af markmiðum innan málaflokksins eru einkum efnaminnna fólk og þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign til eigin nota. Rétt er að taka fram að fyrirkomulag húsnæðisbóta er á þann veg að fjárhæð húsnæðisbóta tekur m.a. mið af fjölda heimilisfólks, óháð aldri. Einn af heimilisfólkinu, sá sem skráður er leigutaki viðkomandi íbúðar-húsnæðis (ef þeir eru fleiri en einn koma þeir sér saman um hver það skuli vera), er svokallaður umsækjandi um húsnæðisbætur og jafnframt sá sem fær greiddar húsnæðisbætur á grundvelli umsóknarinnar. Þannig er aðeins einn einstaklingur skráður umsækjandi á umsókn en aðrir einstaklingar á heimilinu eru skilgreindir sem aðrir heimilismenn. Þar af leiðandi geta verið fleiri einstaklingar á bak við hverja umsókn en umsækjandi sjálfur, hvort heldur sem er af sama eða öðru kyni en umsækjandi.

Árið 2019 fengu 15.605 greiddar húsnæðisbætur. Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimili (óháð fjölda barna) voru viðtakendur húsnæðisbóta 12.376 árið 2019, í flestum tilfellum konur. Rétt er að taka fram að í hlutföllum eru ekki meðtaldir einstaklingar sem nú eru látnir en í slíkum tilvikum eru upplýsingar um kyn viðkomandi ekki aðgengilegar frá þjóðskrá. Skipta má fyrrgreindum hópi viðtakenda húsnæðisbóta þar sem aðeins einn fullorðinn er á heimili í tvo flokka eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Algengara er að um sé að ræða barnlaus heimili þegar aðeins einn fullorðinn er á heimilinu. Eru kynjahlutföllin þá nokkuð jöfn á meðal viðtakenda húsnæðisbóta. Þegar síðarnefndi hópurinn, einn fullorðinn á heimili ásamt barni/börnum, er skoðaður nánar kemur aftur á móti í ljós að konur eru þar í yfirgnæfandi meiri hluta, sem þó hefur minnkað örlítið milli ára. Gert er ráð fyrir að hér sé einkum um einstæða foreldra að ræða enda þótt réttur til húsnæðisbóta geti verið fyrir hendi þó að ekki séu fjölskyldutengsl á milli heimilismanna.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi


Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Viðtakendur húsnæðisbóta 2019



Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands er lítill munur á kynjunum þegar kemur að hlutfalli kvenna og karla sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað á tímabilinu 2004–2018 og breytilegt milli ára hvort hærra hlutfall karla eða kvenna bjó við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Árin 2017–2018 var hlutfall kvenna sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað 0,2–0,4 prósentustigum hærra en hlutfall karla.

Hagstofa Íslands tekur saman upplýsingar um skort heimila á efnislegum gæðum. Árið 2016 bjuggu 7,7% heimila við skort á efnislegum gæðum en voru komin niður í 5,1% árið 2018. Á árinu 2018 skiptist það hlutfall í 10,5% leigjenda og 2,6% þeirra sem voru í eigin húsnæði. Þá má geta þess að konur eru líklegri en karlar til að vera á leigumarkaði samkvæmt [skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar](#) frá því í maí 2020. Þar kemur fram að um 14% kvenna leigja nú húsnæði samanborið við 12% karla. Séu skoðuð gögn Hagstofu Íslands um hlutfall einstaklinga sem líða skort á efnislegum gæðum sést að á árinu 2018 voru það 4,6% kvenna og 3,5% karla. Gera má ráð fyrir að aukið atvinnuleysi í kjölfar COVID-19 geti haft veruleg áhrif á þennan mælikvarða og þarf að fylgjast með því.

Sé litið til heimilisgerða var algengast að heimili einstæðra foreldra með börn skorti efnisleg lífsgæði (25,2%) en næst á eftir komu heimili einstæðra og barnlausra einstaklinga (11%). Hlutfallið var lægra á meðal þeirra sem tilheyrðu öðrum heimilisgerðum. Það virðist því sem einstæðar mæður eigi erfðara með að ná endum saman, búa jafnvel við fátækt og séu líklegri til að vera á leigumarkaði en í eigin húsnæði. Þó kemur fram í Félagsvísium Hagstofu Íslands frá 2019 að einhleypir karlar hafi verið líklegri en einhleypar konur til að fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Af þeim heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur á ári af öllum þeim heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð eftir fjölskyldugerð voru einhleypir karlar jafnframt fjölmennari en einhleypar konur.

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Niðurstöður og næstu skref

Á heildina litið er málaflökknum ætlað að stuðla að því að landsmenn hafi raunverulegt val um búsetuform og öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins. Konur eru í miklum meiri hluta sem viðtakendur húsnæðisbóta í hópi einstæðra foreldra. Það er í samræmi við þá stöðu sem þær eru í en þær eru líklegri til þess að vera í viðkvæmari stöðu, sér í lagi vegna ábyrgðar á börnum. Þegar litið er til heimilisgerða þar sem einn fullorðinn er á heimili, án barna, eru kynjahlutföllin nokkuð jöfn á meðal viðtakenda húsnæðisbóta, þótt aðeins algengara hafi verið að konur hafi í þeim tilvikum verið viðtakendur húsnæðisbóta. Enda þótt hlutfall einhleypra karla sem búa við skort á efnislegum gæðum hafi oftast verið hærra en kvenna á undanförunum árum verður einnig til þess að líta að konur eru líklegri til að vera á leigumarkaði. Þá liggur fyrir að hlutfall einstæðra foreldra sem eiga erfitt með að ná endum saman og sem búa við þunga byrði húsnæðiskostnaðar er hátt. Algengara er að heimili einstæðra foreldra séu heimili einstæðra mæðra og þykir því eðlilegt að af heimilum einstæðra foreldra sé algengara að viðtakendur húsnæðisbóta séu konur.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga mætti að kyngreiningu gagna um fjárhagsstöðu heimila með börn og þá er mikilvægt að fylgjast með þróun á stöðu fjölskyldna einstæðra foreldra verði frumvarp til breytinga á barnalögum, sem gerir ráð fyrir skiptri búsetu barna, að lögum.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Málaflokkur 32.1

Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn fyrir eftirtalda þrjá mælikvarða, sem fram komu í markmiðum málaflokksins í fjármálaáætlun, voru skoðuð og koma þau í öllum tilfellum frá Embætti landlæknis:

1. Hlutfall landsmanna, 16 ára og eldri, sem notar Heilsuveru í samskiptum við heilbrigðisþjónustu.
2. Hlutfall almennings sem ber mikið traust til heilbrigðisþjónustu.
3. Hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur.

Kynjasjónarmið

Heilsuvera er vefur fyrir almenning um heilsu og áhrifaþætti hennar. Á mínum síðum er öruggt vefsvæði þar sem hægt er að eiga í samskiptum við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá. Gögn yfir notkun sýna að töluvert fleiri konur skrá sig inn á Heilsuveru en karlar. Frá 01.11.2016–31.10.2019 eykst hlutfall karla lítillega á milli ára. Sé horft til notenda Heilsuveru sem eru 70 ára og eldri sést að kynjahlutföllin eru nærri því jöfn fyrir sama tímabil. Karlar nota Heilsuveru til jafns við konur þegar kemur að því að fylgjast með heilsufari barna sinna en nota Heilsuveru ekki vegna samskipta sem snúa að eigin heilsufari fyrr en eftir sjötugt. Það er þekkt kynjasjónarmið að konur leita sér frekar læknaaðstoðar en karlar og gæti það verið hugsanleg skýring á minni notkun karla.

Notkun Heilsuveru (16 ára og eldri)

Tímabil	Karlar	Konur
1.11.2016 - 31.10.2017	34%	66%
1.11.2017 - 31.10.2018	36%	64%
1.11.2018 - 31.10.2019	39%	61%

Notkun Heilsuveru (70 ára og eldri)

Tímabil	Karlar	Konur
1.11.2016 - 31.10.2017	52%	48%
1.11.2017 - 31.10.2018	50%	50%
1.11.2018 - 31.10.2019	49%	51%

EFNI

Utanríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðis-
þjónusta

Velferðarmál

Hlutfall almennings sem ber mikið traust til heilbrigðisþjónustu greint eftir kyni:

- 63% karla (18 ára og eldri) bera mjög eða frekar mikið traust til heilbrigðiskerfisins.
- 55% kvenna (18 ára og eldri) bera mjög eða frekar mikið traust til heilbrigðiskerfisins.

Hvað snertir hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar þá sýna gögn frá 2017 að notkun er nokkuð algengari meðal karla en kvenna 18 ára og eldri. Nýrri tölur frá 2018 sýna hins vegar lítinn sem engan mun.

Hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur greind eftir kyni:

- 1,3% karla (18 ára og eldri) hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar.
- 1% kvenna (18 ára og eldri) hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar.

Niðurstöður og næstu skref

Hvað varðar hlutfall almennings sem ber mikið traust til heilbrigðisþjónustu greint eftir kyni sýna tölurnar að karlar bera meira traust til heilbrigðisþjónustunnar. Hugsanlega þyrfti að skoða sérstaklega hvort eitthvað ákveðið liggur að baki þessum niðurstöðum, eins og til dæmis að konur sæki frekar þjónustu heilsugæslunnar og þekki hana þar af leiðandi betur. Þá mætti einnig skoða hvort konur eru gagnrýnni á þjónustuna eða hvort þær fá ekki sömu eða sambærilega þjónustu og karlar.

Nýjustu gögn varðandi hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar sýna lítinn sem engan kynjamun en tölur frá 2017 sýndu hins vegar mun þannig að rétt er að fylgjast vel með þróuninni hvað rafrettu-notkun milli kynja snertir.

Karlar undir sjötugu nota Heilsuveru marktækt minna en konur á sama aldri vegna eigin heilsufars. Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023, sem samþykkt var á Alþingi 16. desember 2019, er tilgreint verkefni sem fjallar um þennan mun undir lið 20, Karlar og heilbrigðisþjónusta. Verkefnið er unnið í samstarfi við Embætti landlæknis. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði unnið á tímabilinu 2020–2023 og felur það í sér eftirfarandi þætti:

- a) Skoðaðar verði ástæður að baki mismikilli notkun karla og kvenna á Heilsuveru út frá kynbundnum áhrifaþáttum.
- b) Skoðuð verði almenn og kynskipt notkun á Heilsuveru út frá þáttum eins og aldri, hjúskaparstöðu, búsetu og uppruna.

Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Við markmiðssetningu þyrfti að huga betur að því að auka hlut karla hvað varðar notkun á Heilsuveru. Konur nota Heilsuveru meira og þær nýta jafnframt þjónustu heilsugæslunnar meira en karlar. Flétta þarf verkefni úr framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem nefnt er í fyrri lið inn í fjármálaáætlun. Tillögur úr verkefninu verða skoðaðar þegar þær liggja fyrir og lagðar til grundvallar í markmiðssetningu fjármálaáætlunar.

EFNI

Utánríkismál

Ríkisfjármál

Nýsköpun

Byggðamál

Öryggi

Réttindi

Samgöngur

Atvinnuvegir

Umhverfi

Menning

Menntun

Heilbrigðisþjónusta

Velferðarmál

Kortlagning á kynjasjónarmiðum - Stöðuskýrsla 2021
Mars 2021

Útgefandi:
Forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti
Reykjavík

Netfang: for@for.is

Netfang: fjr@fjr.is

Umbrot og textavinnsla:
Myndskreytingar: Alda Lilja Hrannardóttir
Umbrot og textavinnsla: Berglind Brá Jóhannsdóttir

© 2021 Forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti
ISBN 978-9935-482-22-8